

**SKOÐUN** Elín Hirst biður kjúklinga- og svínabændur um að fara ekki fram úr sér á kostnað velferðar dýranna. 13



**LÍFIÐ** Fatahönnuðurinn Katrín Alda Rafnsdóttir sýnir fatamerki sitt, Kalda, á tískuvikunni í London. 30



**SPORT** Yaya Toure mætir sínum gömlu félögum í Barcelona í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar í kvöld. 27


568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur

18. febrúar 2014

41. tölublað 14. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Erfitt að afla gagna

Hæstaréttarlögmaður segir að erfiðlega gangi að afla gagna frá Vodafone vegna hópmálsóknar Málsóknarfélagsins gegn fyrirtækinu. Vodafone afhendi bara núverandi viðskiptavinum gögn. 2

**Hjólað um Suðurland** Búið er að sækja um skráningu reiðhjólaleiðar frá Keflavík til Seyðisfjarðar. Markmiðið er að efla hjólaferðamennsku á Íslandi. 6

**Krónan styrkist um mánaðamót** Greining Gylfa Magnússonar á gengissveiflum krónunnar sýnir mynstur á veltunni. Krónan styrkist á mánudögum og föstudögum. 8

**Flugmaður rændi flugvél** Aðstoðarflugmaður eþíópískrar farþegaþotu rændi flugvél sem var á leið til Rómar. Hann flaug til Genfar og sótti um hæli í Sviss. 10





12

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -2° | A | 7 |
| Akureyri | -5° | A | 5 |
| Egilsstaðir | -3° | A | 3 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | A | 5 |
| Reykjavík | -1° | SA | 10 |

**HVESSIR SYÐRA** Í dag verður austan 5-10 m/s og léttskýjað, en 10-18 við S-ströndina síðdegis og þykknar upp. Frost 0-12 stig en frostlaust syðst. 4

### 2 SÉRBLÖÐ

Bílar | Fólk







**HUNDALÍF** „Hundarnir fá frí vikulega til að slaka á," segir Klara Thuilliez, en hún býður upp á hundasleðaferðir frá Skálafelli. Hundarnir eru 46 talsins og fá sinn frídag sama hvort bókanir berast eða ekki. Fyrirtækinu er lokað á frídegi hundanna. Ljósmyndari Fréttablaðsins myndaði hundana einmitt á frídegi sínum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Engar aðgerðir enn gegn kennitöluflakki

Ári eftir að stýrihópur um aðgerðir gegn kennitöluflakki skilaði tillögum hafa engar breytingar orðið. Aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ undrast þolinmæðina en ráðherra segir að verið sé að vanda verkið. Frumvarp er ekki væntanlegt fyrir vor.

**Viðskipti** „Okkur undrar mjög hvað stjórnvöld og kerfið allt virðist vera þolinmótt gegn þessari brotastarfsemi sem kennitöluflakk er því að okkar mati verður ríkissjóður af tugum milljarða á ári hverju vegna svona svindls og það eru miklir hagsmunir fyrir samfélagið allt að taka á þessu."

Þetta segir Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambandsins, en sambandið tók þátt í vinnu starfshóps sem skilaði fyrir réttu ári tillögum að aðgerðum til að verjast kennitöluflakki.

Kennitöluflakk felur í sér að fyrirtæki sem sér fram á gjaldþrot færir eignir sínar og rekstur í nýtt félag en skilur skuldirnar eftir á gömlu kennitölunni. Tillögurnar fólu í sér hert viðurlög, til að mynda að heimild til að slíta óvirkum félögum, sem ekki hafa skilað ársreikningum í þrjú ár, verði nýtt.

Skúli Jónsson, sviðsstjóri skráasviðs hjá Ríkisskattstjóra, segir skynsamlegt að setja kraft í slíkar aðgerðir til að losna við félög sem ekki standa við skyldur sínar eða eru hætt starfsemi, enda fari í þau nokkur vinna, meðal annars í að áætla á þau skatt.

„Félög sem ekki hafa fyrir því að skila inn ársreikningi þrjú ár í röð hafa ekki mikinn tilverurétt. Ef þau eru í einhvers konar vafasömum rekstri sem þau þora ekki að láta aðra vita um þá er samfélagið betur sett með að þau hverfi úr fyrirtækjaflórunni," segir Skúli og bætir við að um sé að ræða um 700 félög.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir starfshóp nú að störfum til að kortleggja málaflokkinn og sú vinna sé í fullum gangi.

„Vandamálið er að það er ekkert til sem heitir kennitöluflakk í lögum. Hópurinn er nú að afla gagna til að átta sig á umfanginu og er að vinna með Hagstofu í því að greina vandann. Ég mun ekki koma með frumvarp á þessu vorþingi, en á von á stöðuskýrslu frá hópnum fljótlega."

Hún útilokar ekki að heimildir til að slíta félögum sem trassa ársreikningaskil verði í lokatillögum, en áherslan sé á að ná sem best utan um verkefnið.

**- þj**



> Vandamálið er að það er ekkert til sem heitir kennitöluflakk í lögum.
>
> *Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra*

Íslenskir keppendur í Sotsjí:

## Sögulegt hjá Helgu Maríu

**ÓL2014** Ísland á tvo fulltrúa, þær Helgu Maríu Vilhjálmsdóttur og Erlu Ásgeirsdóttur, í stórsvigi kvenna sem fer fram á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í dag.



HELGA MARÍA VILHJÁLMSDÓTTIR

Helga María keppir í sinni annarri grein en hún hafnaði í 29. sæti í risasvigi um helgina. Það er besta frumraun íslenskrar konu á Vetrarólympíuleikum í 38 ár. Þetta er fyrsta keppnisgrein Erlu en henni var bætt inn í íslenska hópinn skömmu fyrir leikana vegna meiðsla Maríu Guðmundsdóttur.

Fyrri ferðin fer fram klukkan 05.30 í dag en sú síðari klukkan 09.00.

**- esá /** **sjá síðu 26**











Könnun leiðir í ljós að fordómar gagnvart hinsegin fólki eru útbreiddir:

# Upplifa enn mikla fordóma

**VELFERÐARMÁL** Ný könnun leiðir í ljós að þrátt fyrir að mikill árangur hafi náðst í réttindabaráttu hinsegin fólks eru fordómar gagnvart því enn útbreiddir. Meirihluti þátttakenda hafði upplifað fordóma í tengslum við kynhneigð eða kynvitund sína á síðustu þremur árum.



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Samtökin '78 stóðu að könnuninni og segir Anna Pála Sverrisdóttir, formaður samtakanna, niðurstöður hennar ekki hafa komið sér á óvart. „Það er ekki allt unnið með lagalegu jafnrétti og að fólk mæti í gleðigöngu," segir hún.

Sjötíu prósent þátttakenda höfðu upplifað fordóma á vinnustöðum sínum, en rúmlega áttatíu prósent höfðu upplifað atvik utan vinnu, svo sem á skemmtistöðum, í skóla og fjölskylduboðum. Meirihluti hafði upplifað fordóma á síðustu þremur árum.

Anna Pála segir vekja athygli að tvíkynhneigðir upplifðu oftar fordóma en samkynhneigðir. Hún leggur áherslu á frekari rannsóknir á þessu sviði, ekki síst vegna ungs fólks sem velti fyrir sér kynvitund sinni og kynhneigð.

**- eb /** **sjá síðu 4.**

## SPURNING DAGSINS



Gísli, er mikil spenna í loftinu?

**„Já, við lifum á spennandi tímum.“**

Gísli Gíslason, hafnarstjóri Faxaflóahafna, telur nýtt spennivirki Landsnets á Grundartanga auka líkurnar á að fyrirtækjum á svæðinu fjölgi.

Reykjavíkurborg tilkynnir forsætisráðherra um endurskoðun deiliskipulags Stjórnarráðsreitsins:

# Vilja Listaháskólann í miðbæinn

**SKIPULAGSMÁL** Borgarráð beitir sér fyrir því að Listaháskóli Íslands rísi á svokölluðum Stjórnarráðsreit við Sölvhólsgötu. Nú er gert ráð fyrir byggingu þriggja ráðuneyta á reitnum.



DAGUR B. EGGERTSSON

Í bréfi borgarráðs til forsætisráðherra er honum tilkynnt um endurskoðun á deiliskipulagi svæðisins og óskað er eftir afstöðu forsætisráðuneytisins til þess möguleika að Listaháskólinn rísi á reitnum. „Reykjavíkurborg vill vinna þétt með Listaháskólanum að því að leysa úr húsnæðisvanda hans. Það er ástæðan fyrir þessu öllu saman,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs. „Það væri frábært fyrir Listaháskólann að vera þarna og það væri flott fyrir þetta svæði að fá skólann,“ segir Dagur.

Starfsemi Listaháskólans er nú dreifð um borgina. Upphaflega sóttist skólinn eftir lóð við Laugaveg, en það skipulag fékkst ekki samþykkt. Síðan þá hafa húsnæðismál skólans verið í biðstöðu.

„Þetta er okkar leið til þess að ýta við málinu. Stjórnarráðið efndi til hönnunarsamkeppni um reitinn árið 2002 og við viljum kalla fram svör um hvað eigi gera,“ segir Dagur. Hann segir nauðsynlegt að taka af skarið, bæði varðandi staðsetningu Listaháskólans og skipulag Stjórnarráðsreitsins. - eb



**STJÓRNARRÁÐSREITURINN** Hluti af starfsemi Listaháskólans fer fram við Sölvhólsgötu 13, sem er hluti af Stjórnarráðsreitnum.




**ÆTLAR AÐ VERÐA SJÓMAÐUR** Pálmi Þrastarson hjálpar til við að landa úr smábátum í Grindavík og fer á vigtina í kaffihléum og spjallar við kallana. Hann segist hafa mjög gaman af lönduninni. MYND/HJÖRTUR GÍSLASON

Tíu ára strákur hjálpar til við löndun í Grindavík:

# Fer á bryggjuna strax eftir skóla

**MANNLÍF Pálmi Þrastarson, sem er tíu ára, notar hvert tækifæri sem gefst til að aðstoða við löndun í Grindavík. Sagt er frá því á Kvótinn.is, að Pálmi sé mættur á bryggjuna um leið og skólinn sé búinn og bíði eftir að bátarnir komi að landi.**

**Pálmi tekur þátt í öllum þáttum löndunarinnar og þetta er annar veturinn sem hann hjálpar til á bryggjunni. „Ég húkka í kör og er á krananum og svona,“ segir Pálmi, sem þykir þetta einstaklega skemmtilegt. Hann ætlar sér að verða sjómaður og hefur fengið að fara á sjóinn. „Ég fór á snurvoð á Farsæl GK. Þá var lagt af stað klukkan sex um morguninn.“ Frekar en að eiga erfitt með að vakna svona snemma átti Pálmi í vandræðum með að sofna vegna spennu. „Ég var vaknaður langt á undan pabba, sem fór með mér. Svo var ég ekkert sjóveikur,“ segir Pálmi. Peningana sem hann aflar sér á bryggjunni setur hann í banka.** - skó

Hugsanlegt verkfall í mars:

# Greiða atkvæði um verkfall

**KJARASAMNINGAR** Atkvæðagreiðsla um boðun verkfalls framhaldsskólakennara hefst í dag og lýkur klukkan fimm á föstudag. Atkvæði verða talin í næstu viku. Senda verður tilkynningu til fjármálaráðherra og ríkissáttasemjara fyrir mánaðamót, verði verkfallsboðun samþykkt.

Ef framhaldsskólakennarar ákveða að fara í verkfall gæti það hafist 15. mars. Lítið hefur þokast í samningaviðræðum framhaldsskólakennara og ríkisins. Átta félög sem felldu desemberkjarasamningana hafa ákveðið að hafa samflot um gerð nýs kjarasamnings. - jme

Skýrsla um ESB-umsókn:

# ESB-skýrslan kynnt í dag

**STJÓRNMÁL** Skýrsla ríkisstjórnarinnar um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verður lögð fram á Alþingi í dag. Þá verður skýrslan einnig gerð aðgengileg á internetinu.

Gerð skýrslunnar er hluti af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna og er gerð af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Forystumenn ríkisstjórnarinnar hafa áður sagt að endanleg ákvörðun um umsóknina verði tekin eftir að skýrslan komi fram. Hlé var gert á umsóknarferlinu þegar ríkisstjórnin tók við völdum. - skó

# Segir Vodafone neita að afhenda gögn

Skúli Sveinsson hjá Málsóknarfélaginu segir að erfiðlega hafi gengið að afla gagna hjá Vodafone. Fyrirtækið vilji bara afhenda gögn til núverandi viðskiptamanna.

**MÁLSÓKN** Skúli Sveinsson, hæstaréttarlögmaður hjá Lögvernd, segir að erfiðlega hafi gengið að afla gagna frá Vodafone vegna hópmálsóknar Málsóknarfélagsins gegn fyrirtækinu.

„Þeir hafa neitað að afhenda gögn nema til núverandi viðskiptamanna sinna. Bæði hafa þeir sem hafa verið í samskiptum við önnur símafyrirtæki ekki fengið upplýsingar um skeyti sem þeim hefur verið sent og einnig þeir sem hafa verið hættir [hjá Vodafone] ekki fengið upplýsingar um þessi skeyti. Þetta er eitthvað sem verður sjálfsagt ágreiningur um, reikna ég með,“ segir Skúli, sem fer fyrir Málsóknarfélaginu.

Hann bætir við að viðbrögðin við auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu í gær um hópmálsóknina hafi verið mjög mikil. „Það hefur mikið af fyrirspurnum og umsóknum komið inn,“ segir hann. „Við reiknuðum aldrei með að allir myndu sækja um fyrsta daginn en ætli þetta sé ekki í takt við það sem við áttum von á.“

Skúli telur að ýmislegt eigi eftir að koma í ljós í málarekstrinum. „Af því sem fram hefur komið er margt sem bendir til þess að þarna hafi verið verulega pottur brotinn.“

Skæð tölvuárás var gerð á heimasíðu Vodafone 30. nóvember í fyrra þar sem lekið var á netið persónuupplýsingum fjölda notenda. Tyrkneskum hakkara, sem kallaði sig Maxney, tókst að hakka sig inn í kerfi Vodafone og ná meðal annars í SMS-skilaboð viðskiptavina. Hakkarinn náði í mjög viðkvæmar persónuupplýsingar um notendur fyrirtækisins sem hann birti síðan á netinu.






**AFHENDA EKKI GÖGN** Skúli Sveinsson segir að Vodafone vilji bara afhenda núverandi viðskiptamönnum gögn vegna lekans. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fleiri þolendur lekans eru að undirbúa málshöfðun gegn fjarskiptafyrirtækinu með aðstoð Réttar, eins og Fréttablaðið greindi frá í byrjun árs.

Aðspurð segir lögmaðurinn Björg Valgeirsdóttir að Rétturtengist ekki Málsóknarfélaginu. Hún segir stofuna ekki hafa rannsakað hvort tilefni sé til að fara í hópmálsókn enda séu mál umbjóðenda þeirra ekki þannig vaxin. Þau séu öll mjög viðkvæm. „Málin eru í farvegi og hafa verið í vinnslu hér frá því strax í kjölfar lekans,“ segir hún.

Ekki náðist í Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúa Vodafone, við vinnslu fréttarinnar.

freyr@frettabladid.is




Ásta Ragnheiður ráðin framkvæmdastjóri afmælishátíðar kosningaréttar kvenna:

# Ekki samstaða um ráðninguna

**STJÓRNMÁL** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, fyrrverandi ráðherra og fyrrverandi forseti Alþingis, hefur verið ráðin framkvæmdastjóri 100 ára afmælishátíðar kosningaréttar kvenna. Áður en Ásta Ragnheiður lét af þingmennsku var hún fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögu, sem var samþykkt, um hvernig minnast skuli 100 ára afmælis kosningaréttarins.

Staðan var auglýst í október, 81 sótti um en menntunar- og hæfniskröfur voru: Menntun sem nýtist í starfi, stjórnunarreynsla, sjálfstæði og frumkvæði í starfi, gott vald á íslensku máli, ritfærni og skipulagshæfileikar og öguð vinnubrögð.

Forsætisnefnd Alþingis greiddi atkvæði um ráðningu Ástu Ragnheiðar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ekki full samstaða um ráðningu hennar því tveir nefndarmanna sátu hjá þegar greidd voru atkvæði um ráðninguna.



EINAR K. GUÐFINNSSON



ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, segir að margar góðar umsóknir hafi borist. Sex manna hópur var talinn hæfastur. Einn úr þeim hópi dró umsókn sína síðar til baka. Forsætisnefnd kallaði engan umsækjenda í viðtal en valdi á milli fimmmenninganna. Niðurstaðan var sú að ráða Ástu Ragnheiði. Einar segir að hún hafi mikla og góða reynslu og þekki málið mjög vel.

„Þetta er þverpólitískt mál. Eðli málsins samkvæmt var Ásta Ragnheiður fyrsti flutningsmaður þingsályktunartillögunnar á sínum tíma þar sem hún var þingforseti. Það fólst hins vegar engin skuldbinding í því að hún yrði ráðin framkvæmdastjóri. Þeir sem stóðu að ráðningunni nú áttu engan þátt í að semja eða leggja fram þingsályktunartillöguna um hvernig minnast skuli 100 ára afmælis kosningaréttar íslenskra kvenna,“ segir Einar K. og bætir við að það geri Ástu Ragnheiði ekki vanhæfari eða verr hæfa til að gegna starfinu að hún hafi verið stjórnmálamaður.

Ekki náðist í Ástu Ragnheiði við vinnslu fréttarinnar. - jme




**TOP SAFETY PICK 2014**
— Bandaríska umferðaröryggisstofnunin IIHS

**BÍLL ÁRSINS Í JAPAN 2012-2013**
— ein virtustu verðlaun bílgreinarinnar

**BESTI SPORTJEPPINN 2014**
— L'Annuel de l'automobile

**AUTOMOBILE ALL-STAR 2013**
— The Best Cars in America, AUTOMOBILE

**MESTA ÁNÆGJAN**
— J.D. Power | 2013

MAZDA CX-5 er sigurvegarinn í sínum flokki í ánægjukönnun J.D. Power en niðurstöðurnar byggja á svörum frá 83.000 eigendum nýrra bíla.

**LÆGSTI 5 ÁRA REKSTRARKOSTNAÐURINN**
— Kelleys Blue Book

Mazda bílar hafa lægsta 5 ára rekstrarkostnaðinn skv. könnun Kelley Blue Book.

**BESTI SPORTJEPPINN 2013**
— Best Crossover, Auto Express

**BESTI SPORTJEPPINN**
— Best SUV, Green Awards WHATCAR

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda CX-5 er vel að þessum verðlaunum kominn. Hann er búinn SKYACTIV spartækni MAZDA, er einstaklega fallegur á að líta og með miklum staðalbúnaði: skynvætt fjórhjóladrif (4WD), snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjari, upplýsingasnertiskjár í mælaborði, hraðastillir (cruise) og regnskynjari í framrúðu. Dráttargetan er 1800-2000 kg og veghæðin er 21 cm. Komdu í reynsluakstur.

Mazda CX-5 4WD 2,0i SkyActiv bensín. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,6 l/100 km. og 5,5 l/100 km. með sjálfskiptingu og 2,2 lítra SkyActiv dísilvél.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

## SVONA ERUM VIÐ



**80 tonna sveppauppskera**

**var færð til bókar hjá Hagstofu Íslands árið 1986, þá í fyrsta skipti.**

Árið 2000 var sveppauppskeran komin í 447 tonn og hefur ekki verið undir 500 tonnum hér á landi frá 2007.

Hafrannsóknastofnun við loðnuleit og mælingar næstu níu dagana:

# Ekki séð mikið af loðnu ennþá

**SJÁVARÚTVEGUR** „Það sem við höfum séð er ekki mikið magn,“ segir Sveinn Sveinbjörnsson, leiðangursstjóri Hafrannsóknastofnunar, í viðtali við Fréttablaðið um miðjan dag í gær, spurður um útlitið á loðnumiðunum.

Eins og greint hefur verið frá hafa nokkur skip fengið góðan afla, en loðnutorfan sem veitt hefur verið úr er á hraðri leið vestur með suðurströndinni. Voru skipin við veiðar út af Grindavík í gær.

Nokkur norsk loðnuskip eru enn í höfn á Austurlandi og bíða frétta, en heimildir þeirra til að veiða loðnu voru lengdar um viku. Þau 40 þúsund tonn af loðnu, sem aflaheimildir Norðmanna hljóða upp á, verða veiddar af íslenska flotanum ef þeir ná aflanum ekki sjálfir. Aflaheimildirnar nýtast hins vegar Norðmönnum að ári. **- shá**



**Á VEIÐUM** Rúmlega 25.000 tonn eru komin á land, samkvæmt aflastöðulista Fiskistofu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR



**ARNARNES** Byggingu klasahúsa í er hverfinu mómælt. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Ekki klasahús í nýtt skipulag:

## Fjölbýli stílbrot

**SKIPULAGSMÁL** Hætt verður við að gera ráð fyrir fjölbýli í deiliskipulagi Arnarness í Garðabæ. Skipulagsnefnd leggur til að tekið verði tillit til athugasemdar um að stílbrot felist í því að skilgreina svæðið undir fjölbýlishús, þar sem Arnarnes hafi einkennst af einbýlishúsabyggð. **- gar**



**VLADIMIR LUXURIA** MYND/AFP

Luxuria mótmælti í Sotsjí:

## Í varðhald fyrir að veifa fána

**SOTSJÍ,AP** Vladimir Luxuria, ítölsk baráttukona fyrir réttindum samkynhneigðra segist hafa verið sett í gæsluvarðhald í Sotsjí fyrir þær sakir að hafa veifað regnbogalitum fána með slagorðinu „Það er í lagi að vera samkynhneigður“ á rússnesku.

Hún greindi frá því á heimasíðu sinni og á Twitter að hún hefði verið í haldi lögreglu í fleiri klukkutíma síðasta sunnudag. Henni var sleppt úr haldi, en lögreglan í Sotsjí hefur ekki staðfest sögu hennar. **- ue**

Heitavatnsleit í Kjós:

## Borun á áætlun á Möðruvöllum

**ORKUMÁL** Borun eftir heitu vatni í Kjósinni miðar vel áfram að því er segir á vef sveitarfélagsins. Þar kemur fram að jarðborinn Nasi frá Ræktunarsambandinu sé nú notaður til að bora aðra vinnsluholu á Möðruvöllum í Kjós til viðbótar við fyrri holu sem áður var boruð.

„Holunni var valinn staður á jólaföstunni og var helst tekið mið af hitastigi í nokkrum mælingaholum, sem boraðar höfðu verið þarna í grenndinni,“ segir á kjos.is um nýju holuna sem nefnd er MV-24 og var orðin 152 metra djúp fyrir síðustu helgi. **- gar**

# Hinsegin fólk upplifir enn mikla fordóma í sinn garð

Í nýrri könnun Samtakanna ’78 kemur í ljós að mikill meirihluti hinsegin fólks upplifir fordóma. Formaður samtakanna segir niðurstöðuna ekki koma á óvart og að hún sé skýrt merki um að baráttunni sé ekki lokið.

**VELFERÐARMÁL** Meirihluti hinsegin fólks hefur orðið fyrir leiðinlegum atvikum í tengslum við kynhneigð og kynvitund sína á síðustu þremur árum, ef marka má nýja könnun sem Samtökin ’78 létu framkvæma. Atvikin tengjast óviðeigandi spurningum og gríni, neikvæðum athugasemdum, fordómafullri umræðu og einelti í ýmsum félagslegum aðstæðum.



**ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR**

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Samtakanna ’78, segir niðurstöðuna ekki hafa komið sér á óvart. „Við sem lifum og hrærumst í baráttunni þekkjum vel þá fordóma sem félagsfólk okkar mætir,“ segir hún.

Sjötíu prósent þátttakenda höfðu upplifað fordóma á vinnustöðum sínum, en rúmlega áttatíu prósent höfðu upplifað atvik utan vinnu, svo sem í skóla, skemmtistöðum og fjölskylduboðum. Meirihluti hafði upplifað fordóma á síðustu þremur árum.

Rúmlega fjögur hundruð manns tóku þátt í könnuninni sem fram fór á netinu. Þar af voru 72 prósent sem skilgreindu sig sem samkynhneigða. „Það vekur athygli að meira en fjórðungur gefur aðra kynhneigð heldur en samkynhneigð,“ segir Anna Pála. Aðrar skilgreiningar voru pankynhneigður, ókynhneigður og tvíkynhneigður. Þá var eitt prósent þátttakenda gagnkynhneigt.

Í ljós kom að tvíkynhneigðir upplifa oftar fordóma en samkynhneigðir. „Það tala margir um að það sé erfiðara að koma út úr skápnum sem tvíkynhneigður, því fordóma sé að finna bæði meðal samkynhneigðra og gagnkynhneigðra,“ segir Anna Pála.

Samtökin ’78 líta á könnunina sem sitt framlag til þess að ýta undir frekari rannsóknir á högum hinsegin fólks. Anna Pála segir mikilvægt að samfélagið viðurkenni að fordómar séu enn til staðar svo hægt sé að vinna gegn þeim. „Fordómarnir birtast þegar fólk hefur drukkið frá sér hömlur eða þeim er pakkað inn í niðurlægjandi brandara,“ segir hún.

Það sé ekki síst vegna unga fólksins. „Við sem fólk komið út úr skápnum vitum að niðurlægjandi athugasemd eða atvik getur haft gríðarleg áhrif þegar maður er ungur og óviss um sig,“ segir Anna Pála og bendir á mikilvægi meðvitundar í umhverfi ungmenna, í skólum, hjá foreldrum og lögreglunni.

Samkvæmt rannsókn á líðan tíunda bekkinga, sem birtist árið 2012, eru samkynhneigðir unglingar 25 sinnum líklegri en aðrir til að hafa reynt að svipta sig lífi margsinnis. Þóttu niðurstöðurnar sýna ótvírætt að margir íslenskir samkynhneigðir unglingar upplifi höfnun og andúð, sérstaklega í skólasamfélaginu.

**eva@frettabladid.is**



**HINSEGIN** Í svörum þátttakenda má lesa um líkamlegt ofbeldi, niðurlægjandi athugasemdir og að þeim sé meinaður aðgangur að skemmtistöðum.

## Orðrétt frá þátttakendum í könnuninni

„Vinahópur sem gerði grín að sameiginlegum vini sem er transkona (þegar hún var ekki á staðnum), notaði karla-fornöfn og skírnarnafnið hennar, og gerði grín að því hversu ókvenlega hún leit út.

„Tvíkynhneigð sögð bara „tímabil“. Sagt að tvíkynhneigðar konur séu bara að reyna að þóknast karlkyns hjásvæfum sínum.

„Ráðist á mig líkamlega og með orðum þegar ég var að skemmta mér – orðin beindust að kynhneigð minni. Það er svo mikið af lélegum athugasemdum og gríni að ég get ekki munað allt.

„Þöggun og ósýnileiki er mun stærra vandamál, finnst mér. Fólk verður hissa, trúir mér ekki, etc.

„Við komu í búningsklefa hefur verið kallað á mig og ég grandskoðað áður en ég gekk inn í klefa ... Par mæti ég fjandsamlegu viðhorfi til þess hvaða salernisaðstöðu ég vel mér, oft frá gestum en ekki síst frá dyravörðum staðarins. Stundum bið ég einhvern um að koma með mér að pissa, ef ég hef tök á því, mér finnst eins og það minnki líkur á athugasemdum, kannski af því að ég er ekki eitt á ferð?






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**BREYTINGAR** Eftir marga sólríka og rólega daga þá nálgast okkuð myndarleg lægð með hvassri suðaustanátt á morgun og heldur hlýnandi veðri í bili. Einhver úrkoma verður einkum um sunnan- og vestanvert landið.




**Á morgun**
8-15 m/s, en 15-23 S- og V-til.




**Fimmtudagur**
8-18 m/s.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 7° | Gautaborg | 4° | London | 12° | Orlando | 26° | San Francisco | 15° |
| Basel | 12° | Frankfurt | 10° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 18° | Ósló | -2° | Stokkhólmur | 1° |
| Berlín | 10° | Friedrichshafen | 13° | Las Palmas | 20° | New York | 5° | París | 11° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundur@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


ÚTSALA
SÍÐUSTU DAGAR
PARKET, FLÍSAR OG HURÐIR
20-70% AFSLÁTTUR
Birgisson
Ármúli 8 I 108 Reykjavík
Sími 516 0600 I www.birgisson.is
Hjartalag

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar er Hjördís Svan í gæsluvarðhaldi?
**2.** Hver mun leiða lista VG í komandi borgarstjórnarkosningum?
**3.** Hjá hvaða félagi hóf Friðrik Rúnar Ingason feril sinn sem körfuknattleiksþjálfari?

**SVÖR**
**1.** Horsens, **2.** Sóley Tómasdóttir, **3.** Njarðvík.

Skýrsla rannsóknarnefndar Sameinuðu þjóðanna um mannréttindabrot Norður-Kóreustjórnar:

# Kallar á viðbrögð alþjóðasamfélagsins

**SVISS, AP** Rannsóknarnefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna segir að þau grafalvarlegu mannréttindabrot, sem stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa áratugum saman komist upp með að fremja gagnvart þjóð sinni, veki spurningar um getu alþjóðasamfélagsins til að bregðast við slíku ástandi.

Í nýrri 400 blaðsíðna skýrslu lýsir nefndin „óumræðilegum grimmdarverkum“ sem hún segir „ekki eiga sér neina hliðstæðu í nútímanum“ og teljist í mörgum tilvikum til glæpa gegn mannkyni.

Einna grófustu brotin eru framin í fangabúðum landsins. Fólk er handtekið af handahófi og má þola pyntingar, nauðganir og hvers kyns misþyrmingar. Fullvíst þykir að hundruð þúsunda hafi látið þar lífið á síðustu áratugum.

Þá er fullyrt að ríkisvaldið hafi vísvitandi látið fólk svelta til bana og beinlínis komið í veg fyrir að fjöldi manns, sem ekki var stjórnvöldum þóknanlegur, hafi fengið mataraðstoð á meðan hungursneyð geisaði í landinu.

Nefndin segir stjórnvöld óspart beita fólk ofbeldi til að skapa andrúmsloft ótta, auk þess sem alræðisvöld séu notuð til þess að svipta fólk nánast öllu frelsi til þess að hafa eigin skoðanir.

Nefndin sendi Kim Jong-un, leiðtoga Norður-Kóreu, ítarlegar upplýsingar um niðurstöður sínar og bað um viðbrögð, en engin bárust.

- gb



**ÞYKK SKÝRSLA** Michael Kirby kynnir skýrsluna um Norður-Kóreu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sandburður í Landeyjahöfn:

## Lengja garðinn við Markarfljót

**FRAMKVÆMDIR** Vegagerðin hyggst lengja varnargarð við ósa Markarfljóts um 250 metra. „Tilgangur varnargarðsins er að færa ósinn sem samsvarar lengd garðsins til austurs og þar með að draga úr framburði sem safnast saman í Landeyjahöfn,“ segir í fundargerð sveitarstjórnar Rangárþings eystra sem samþykkt hefur framkvæmdina með fyrirvara um leyfi landeigenda og Fiskistofu. Fram kemur að mat Skipulagsstofnunar sé að megináhrif af lengingunni verði færsla óss Markarfljóts til austurs. Hvorki sé líklegt að um verði að ræða neikvæð áhrif vegna landbrots upp með farvegi fljótsins né að ósinn muni færast lengra í austur en ætlað er með tilkomu garðsins.

- gar

Forseti veitti umboð í gær:

## Verður forsætisráðherra Ítalíu

**ÍTALÍA, AP** Forseti Ítalíu veitti Matteo Renzi, nýjum leiðtoga Demókrataflokksins og borgarstjóra í Flórens, stjórnarmyndunarumboð á mánudag. Renzi, sem er 39 ára, yrði því yngsti forsætisráðherra í sögu Ítalíu. Hann tók við umboðinu með þeim fyrirvara að hann þyrfti nokkra daga til þess að ræða við hugsanlega samstarfsmenn í ríkisstjórn. Enrico Letta sagði af sér embætti forsætisráðherra síðasta föstudag eftir innanflokksátök milli hans og Renzis. Renzi sagði við fjölmiðla í gær að hann ætlaði undir eins að reyna að fjölga störfum.



**MATTEO RENZI**

- ue

# Hjólaleið um Suðurland til að efla hjólaferðamennsku

**Sótt hefur verið um skráningu reiðhjólaleiðar frá Keflavík til Seyðisfjarðar hjá Evrópska reiðhjólasambandinu. Mikil tækifæri eru fyrir Ísland með eflingu hjólaferðamennsku, sem fellur vel að stefnumörkun um sjálfbærni.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þessu fylgja hellings tækifæri, ekki síst fyrir fólkið í landinu, okkur, bæði atvinnutækifæri og til þess að auka lífsgæði á fámennari stöðum hér á landi, bæði með aukinni þjónustu á hverjum stað og tækifærum til að ferðast,“ segir Eva Dís Þórðardóttir, skipulagsfræðingur hjá verkfræðistofunni EFLU, en þau Gísli Rafn Guðmundsson, nemi í borgarhönnun við Háskólann í Lundi, hlutu nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir verkefni sitt Hjólaleiðir á Íslandi á dögunum. Verkefnið var unnið í samstarfi við EFLU verkfræðistofu.

Verkefnið fjallar um að velja ákjósanlegustu hjólaleiðir á Íslandi með áherslu á eina stofnleið, sem ætlað er að koma inn á kort EuroVelo-verkefnisins sem Evrópsku hjólreiðasamtökin (ECF) sjá um. Ferðamálastofa hefur þegar fóstrað verkefnið og sótt um aðgang að EuroVelo, sem heldur utan um meginkerfi reiðhjólaleiða í Evrópu og er ætlað að stuðla að sjálfbærri ferðamennsku. Á korti EuroVelo eru í dag 14 leiðir, sem eru samtals um 45 þúsund kílómetra langar.

Eva Dís útskýrir að hjólaferðamennska velti miklum fjármunum í Evrópu, enda hjólaferðamenn oft með háar eða meðaltekjur. Vistspor hjólandi ferðamanna er einnig mun minna en annarra ferðamanna og væri því fjölgun þessa hóps í samræmi við opinbera stefnumörkun hér á landi um vistvænar samgöngur og sjálfbæra ferðamennsku.

„Leiðin sem við völdum er suðurleiðin frá Keflavík, um Suðurstrandarveg, til Seyðisfjarðar. Hún var valin umfram leiðina norður fyrir þar sem hún uppfyllir betur kröfur EuroVelo. Suðurleiðin er auðveld öllum sem vilja hjóla, sem forsenda skráningar. Má nefna, til viðbótar við að ekki má vera mikil hækkun á leiðinni, að helst þarf að vera bundið slitlag og umferðin má ekki vera nema að ákveðnu marki,“ segir Eva Dís.

Skráning hjólaleiðar hér á landi er ekki óraunhæf hugmynd. Því fylgir ekki teljandi kostnaður, eða annar kostnaður nema ef væri merkingar á leiðinni þegar fram í sækir. Þá eru langir kaflar sem uppfylla þegar allar kröfur, þó einnig séu kaflar þar sem úrbóta er þörf.

Eva Dís nefnir dæmi um þróun lítilla samfélaga í Evrópu eftir að hjólaleið EuroVelo var merkt á svæðinu; jafnvel hafi risið gistiog veitingaþjónusta í bæjum sem höfðu ekkert slíkt fram til þess tíma.

svavar@frettabladid.is



**EINN Á FERÐ** Mikil tækifæri eru fyrir minni staði til að byggja upp þjónustu í kringum hjólaferðamennsku.
MYND/GÍSLI RAFN

### Leiðanetið verður 70.000 kílómetrar

- EuroVelo var komið á fót af Evrópska hjólreiðasambandinu til að þróa net hjólaleiða af ákveðnum gæðastaðli sem tengir saman öll lönd innan Evrópu.
- Þegar verkefninu verður lokið í kringum árið 2020 er áætlað að lengd hjólaleiðanna verði um 70.000 kílómetrar.

**Leiðir innan EuroVelo hafa eftirfarandi að leiðarljósi:**

- Byggja á upprunalegum eða framtíðarinnviðum í viðkomandi löndum.
- Tvö lönd þurfa að tengjast, hið minnsta.
- Einfaldleiki í miðlun, þekkt á alþjóðavísu og að hver leið hafi eigið nafn.
- Framkvæmdaáætlun til staðar (verkefnaáætlun, viðskiptaáætlun, samstarfsaðilar).
- Merkt með umferðarskiltum með jöfnu millibili og í báðar áttir í samræmi við reglur um merkingar á viðkomandi svæði.
- Leiðir eru birtar á upplýsingakorti EuroVelo.




*Heimild: Hjólaleiðir á Íslandi*





STORMUR
UNISEX PARKAÚLPA
25% AFSLÁTTUR
TILBOÐ 29.950
VERÐ ÁÐUR 39.950
TILBOÐ GILDIR 15.-22.FEBRÚAR
Framúrskarandi fyrirtæki 2013
ICEWEAR ICELAND
www.icewear.is
ICEWEAR ÞINGHOLTSSTRÆTI 2, 101 REYKJAVÍK | FÁKAFEN 9, 108 REYKJAVÍK





**BLOKKIR** 73 samningar á höfuðborgarsvæðinu voru um eignir í fjölbýli.

Samið um 133 fasteignir:

## Velta upp á 4,3 milljarða króna

**VIÐSKIPTI** Alls var 107 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu 7. til 13. febrúar. Heildarveltan var 3.738 milljónir króna, samkvæmt frétt á vef Þjóðskrár Íslands.

Ellefu kaupsamningum var á sama tíma þinglýst á Suðurnesjum og þar velti fasteignasalan 277 milljónum króna. Sex kaupsamningum var þinglýst á Akureyri og heildarveltan var 166 milljónir króna. Níu samningum var þinglýst á Árborgarsvæðinu og þar hljómaði heildarveltan upp á 163 milljónir króna. **- hg**

# Regla virðist á styrkingu krónunnar

Krónan styrkist bara um mánaðamót. Veikist annars. Að jafnaði styrkist hún á mánudögum og föstudögum. Hæpið er að græða á þessu því breytingin er lítil.

**EFNAHAGSMÁL** Frá ársbyrjun 2010 hefur nafngengi krónunnar styrkst um 11 prósent og raungengi um 20 prósent, að því er fram kemur í nýrri grein Gylfa Magnússonar, dósents í hagfræði við Háskóla Íslands, í efnahagsritinu Vísbendingu.

Greining hans á gengissveiflum krónunnar leiðir í ljós að árstíðasveifla sé veik og ekki fyrirsjáanleg. „Mánaðamótin eru hins vegar dálítið skrýtin. Það er nefnilega rétt að frá 2010 hefur öll styrking krónunnar komið fram í kring um mánaðamót,“ skrifar hann. „Aðra daga mánaðarins hefur krónan veikst.“


**GYLFI MAGNÚSSON**

Gylfi segir styrkingu krónunnar koma fram á sjö viðskiptadögum, frá næstsíðasta viðskiptadegi mánaðar til þess fimmta. „Á þeim tíma, sem er um þriðjungur viðskiptadaga mánaðar, hefur krónan styrkst að jafnaði um 0,47 prósent en afganginn af mánuðinum hefur hún að jafnaði veikst um 0,24 prósent.“

Þá segir hann einnig ákveðið mynstur til staðar þegar horft er á vikudaga þótt veikt sé. „Þannig styrkist krónan að jafnaði aðeins á mánudögum og föstudögum en veikist aðra daga.“ Mynstrið sé þó ekki tölfræðilega marktækt og gæti verið tilviljun.

Í spjalli við Fréttablaðið segist Gylfi ekki hafa lagst yfir að greina ástæður sveiflunnar. „En það er svo sem þekkt að meira er að gerast um mánaðamót en á öðrum tímum,“ segir hann. „Mér sýndist þó veltan á gjaldeyrismörkuðum ekkert meiri um mánaðamót og veit því ekki hvort það tengist einhverju slíku.“ Þá telur Gylfi svo sem ekki óhugsandi að einhver gæti hagnast á því að spila á þessar gengissveiflur. „En þær eru svo litlar að þær eru eiginlega innan venjulegs munar á kaup- og sölugengi, sem gerir mjög erfitt að hagnast beint á þessu.“

Jón Bjarki Bentsson, sérfræðingur Greiningar Íslandsbanka, segist hafa tekið eftir tilhneigingu krónunnar til að styrkjast um mánaðamót. Velta á millibankamarkaði undir höftum gefi hins vegar ekki skýra vísbendingu um hvaða flæði eigi sér stað inni í hverjum banka fyrir sig.


**JÓN BJARKI BENTSSON**

„Manni dettur í hug að um mánaðamót séu útflutningsfyrirtæki frekar að ná sér í krónur til að greiða innlendan kostnað, laun og aðkeypta þjónustu,“ segir Jón Bjarki. Eins hafi sérfræðingar Greiningar stundum þóst merkja styrkingu um miðjan mánuð, sem kunni að ríma við sum skattgreiðsluskil, svo sem vegna veiðigjalds. **olikr@frettabladid.is**


**SEÐLAR** Tilhneiging krónunnar til styrkingar á föstudögum er nálægt því að vera tölfræðilega marktæk, segir Gylfi Magnússon dósent. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Veltan sáralítil

Velta á gjaldeyrismarkaði hér er sáralítil, að því er fram kemur í grein Gylfa Magnússonar í Vísbendingu. Til dæmis er hún innan við tvö prósent af því sem hún var á lokaárum gamla bankakerfisins. Þó sé hún ferfalt meiri en þegar hún náði lágmarki eftir hrun, árið 2010. Jón Bjarki Bentsson segir ljóst að innan hafta verði dagamunur líkur þeim sem vakinn er athygli á í greininni ljósari en ella. „Það hefði enginn tekið eftir þessu fyrir hrun.“






# MINNKAÐU SÍGARETTUNOTKUN SMÁM SAMAN OG VERTU REYKLAUS MEÐ NICOTINELL

## Dæmi um minnkun reykinga með Nicotinell 2 mg lyfjatyggigúmmíi - valkostur á leið til reykleysis






NÚNA

Byrja:
20 síg./dag

1 MÁN.

Minnkaðu notkun smám saman og skiptu hverri sígarettu út fyrir 1 stk. af lyfjatyggigúmmíi

2 MÁN.

3 MÁN.

4 MÁN.

6 MÁN.

**NÚ ERTU REYKLAUS!**

Haltu áfram með því að draga smám saman úr fjölda lyfjatyggigúmmís á dag.

1 ÁR

Hættu þegar þú notar einungis 1-2 stk. á dag.
Ekki er mælt með notkun lengur en 1 ár.

Nicotinell Spearmint 2 mg og 4 mg lyfjatyggigúmmí. Inniheldur nikótín. Ábendingar: Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Skammtar fyrir fullorðna 18 ára og eldri: Skammta skal ákvarða út frá því hversu háður nikótíni einstaklingurinn er. Mælt er með 4 mg lyfjatyggigúmmíi fyrir einstaklinga með mikla nikótínþörf og fyrir þá sem ekki hefur tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Ef þú reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring má miða við notkun 4 mg, 20-30 sígarettur/sólarhring er miðað við 2 eða 4 mg eftir þörf en ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring er æskilegt að nota 2 mg. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins (4 mg lyfjatyggigúmmí), skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggja skal eitt stk við reykingaþörf þar til finnst sterkt bragð. Þá skal láta það hvíla milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mín. Venjuleg notkun er 8-12 stk, þó ekki fleiri en 15 stk af 4 mg og 25 stk af 2 mg lyfjatyggigúmmíi á sólarhring. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin en skal í flestum tilfellum standa í a.m.k. 3 mánuði, skal þá draga smám saman úr notkun lyfjatyggigúmmísins. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Venjulega er ekki mælt með notkun lyfsins lengur en í eitt ár. Sumir, sem eru hættir að reykja, gætu þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Geyma skal afgangs lyfjatyggigúmmí þar sem reykingaþörf getur skyndilega komið upp aftur. Ráðgjöf getur aukið líkurnar á því að reykingafólk hætti að reykja. Nota má lyfið til að lengja reyklaus tímabil og draga þannig úr reykingum. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sígaretta á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna, reykleysi. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing því ekki er víst að þú megir nota lyfið ef þú: ert á meðgöngu eða með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartastopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrýsting, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi eða ef þú ert yngri en 18 ára. Einstaklingum með gervitennur og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform nikótínlyfja. Sjúklingar með arfgengt frúktósaóþol skulu ekki nota lyfið. Athuga ber að lyfið inniheldur natríum og bútýlhýdroxýtólúen (E321). Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfishafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ






**VÉLIN LENT Í GENF** Farþegar vissu ekkert af flugráninu fyrr en vélin var lent. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Rændi flugvélinni og óskar eftir hæli

Aðstoðarflugmaður eþíópískrar farþegaþotu óttast ofsóknir heima fyrir. Læsti sig inni í stjórnklefanum þegar aðalflugstjórinn skrapp fram og tók stefnuna á Genf. Þar gaf hann sig fram við lögreglu. Hvorki farþegar né aðrir í áhöfn voru í hættu.

**SVISS** Eþíópískur aðstoðarflugmaður rændi í gær farþegaþotu af gerðinni Boeing 767-300, sem var á flugi frá Addis Ababa í Eþíópíu til Rómar á Ítalíu. Hann flaug vélinni til Genfar í Sviss og gaf sig þar fram við lögreglu.

Maðurinn, sem varð þrítugur á síðasta ári, óskar nú eftir pólitísku hæli í Sviss, og segist óttast að verða fyrir ofsóknum í heimalandi sínu.

Maðurinn var óvopnaður og beitti engu ofbeldi við flugránið. Hann beið þess að aðalflugmaður vélarinnar skryppi fram til að fara á salerni, læsti þá stjórnklefa vélarinnar og tók stefnuna beint til Genfar. Hvorki farþegar vélarinnar né aðrir úr áhöfn hennar voru í neinni hættu.

Tvær ítalskar herþotur voru sendar af stað til að fylgja flugvélinni eftir.

Þegar vélin lenti í Genf tók hann reipi, sem var að finna í stjórnklefanum, klifraði út um glugga klefans og notaði reipið til að komast niður á flugbrautina. Þar gaf hann sig á tal við lögregluþjóna og skýrði þeim frá því að hann væri sjálfur flugræninginn.

Hann hafði sjálfur tilkynnt um flugránið, en vélin var þá á flugi yfir Súdan. Farþegar vélarinnar vissu ekkert hvað var í gangi fyrr en hún var lent.

Ekki er ljóst af hverju maðurinn ákvað að lenda í Genf frekar en í Róm. Ekki er heldur vitað af hvaða sökum maðurinn óttast ofsóknir í Eþíópíu.

gudsteinn@frettabladid.is




AKTU LENGRI LEIÐINA.

Kannastu við tilfinninguna? Bíllinn kraftmikill og skemmtilegur í akstri, fáir á ferli, eldsneytisnotkunin lægri en þú hefur áður kynnst þannig að þú velur lengri leiðina heim. BMW X1 xDrive18d er fjórhjóladrifinn sportjeppi með 8 gíra sjálfskiptingu og 143 hestafla dísilvél sem notar aðeins 5,4 l/100 km. Við skorum á þig að koma og reynsluaka þessum einstaka bíl frá BMW.

BMW X1 xDrive18d – 5,4 l/100 km*
Verð 6.590 þús. kr. sjálfskiptur

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

ENNEMM / SÍA / NM61262

B|L

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000



STÓR AFSLÁTTUR
Hágæða heimilistæki
SAMSUNG
WF2124ZAC
12 kg.
ÁÐUR: 214.900
NÚ: 179.900
AFSLÁTTUR: 35.000
SAMSUNG
WF806P4SAWQ
8 kg.
ÁÐUR: 169.900
NÚ: 144.900
AFSLÁTTUR: 25.000
SAMSUNG
Sambyggð þvottavél og þurrkari
WD0704EEC
7 kg.
ÁÐUR: 169.900
NÚ: 139.900
AFSLÁTTUR: 30.000
SAMSUNG
DV80F5E4HGW
A++ þurrkari
12 mánaða vaxtalausar raðgreiðslur
SAMSUNG
STÁL: ÁÐUR: 176.900 NÚ: 139.900
AFSLÁTTUR: 37.000
HVÍTUR: 145.900 119.900 26.000
SAMSUNG
SPANHELLUBORÐ
VERÐ FRÁ 129.900
GOTT ÚRVAL
SAMSUNG
ÁÐUR: 159.900
NÚ: 139.900
AFSLÁTTUR: 20.000
Sjá nánar á: samsungsetrid.is
SAMSUNG
RS7567BHCSR
ÁÐUR: 379.900
NÚ: 309.900
AFSLÁTTUR: 70.000
SAMSUNG
RS7778FHCSR
ÁÐUR: 439.900
NÚ: 369.900
AFSLÁTTUR: 70.000
SAMSUNG
RFG23UERS1
ÁÐUR: 599.900
NÚ: 519.900
AFSLÁTTUR: 80.000
SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is
ORMSSON
SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMAR 530 2800
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI 455 4500
ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038
ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333

# SKOÐUN

Hvernig á að koma börnunum af brúninni?

## Föst í illa skipulögðu kerfi

Fréttablaðið hefur undanfarna daga birt röð fréttaskýringa um „börnin á brúninni“, krakka sem glíma við fíkn meðfram geðröskunum og þroskaskerðingum og festast oft á vondum stað í opinbera kerfinu, sem megnar ekki að leysa vanda þeirra.

Í greinum Erlu Bjargar Gunnarsdóttur blaðamanns hefur verið rætt bæði við fyrrverandi fíkla og aðstandendur, sem flestir hafa sömu sögu að segja; kerfið bregzt of hægt við. Foreldrar telja sig oft koma að lokuðum dyrum í upphafi og svo tekur marga mánuði þar til kerfið fellst á að koma barninu burt frá neyzlunni og félagsskapnum sem það er búið að koma sér í. Á þeim tíma getur ástandið versnað til muna.




**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Aldís Ósk Egilsdóttir, sem flakkaði í fimm ár á milli meðferðarúrræða, segir að það eina í stöðunni sé að kippa barni út úr aðstæðunum þegar það sé langt leitt í fíkn. „Ef ég hefði aldrei verið stoppuð af hefði ég líklega leiðst út í sprautur eða bara drepist. Þannig að ég er þakklát í dag,“ segir hún.

Af þessu leiðir að ýmsir viðmælendur Fréttablaðsins eru gagnrýnir á þá stefnu, sem hefur orðið ofan á undanfarin ár, að reyna fremur að styðja við fjölskyldur barna með erfiðustu hegðunarvandamálin, áður en til vistunar á meðferðarheimili kemur. Það á vafalaust við í einhverjum tilfellum, en þess virðast líka dæmi að það sé augljóslega röng nálgun. Ýmsir gagnrýna líka að meðferðarheimilin gefist upp á erfiðustu tilfellunum og að langt leiddir fíklar fái frí frá meðferðinni, sem undantekningalítið séu notuð til að detta aftur í það.

Margir viðmælendur eru á því að peninga skorti til að fást við vanda þeirra sem verst eru staddir í þessum hópi. Vandamálið er þó ekki eingöngu peningaskortur, heldur ekki síður stefnuleysi og gríðarlega flókið kerfi.

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra benti á það í Fréttablaðinu í gær að málaflokkurinn varðaði verksvið fjögurra ráðherra, auk sveitarfélaganna. Þar að auki önnuðust einkaaðilar og félagasamtök ýmsa þjónustu við börn í vanda, án þess að það væri skilgreint nákvæmlega hvað ætti að felast í þjónustunni eða hvernig eftirliti með henni væri sinnt. „Ég er ekki að gagnrýna starfsemi þessara samtaka og einkaaðila, heldur miklu frekar slælega stjórnun hins opinbera og skort á heildarsýn,“ segir ráðherrann.

Hún boðar mótun skýrrar heildarstefnu, sem tryggi einfaldara og aðgengilegra þjónustukerfi og samfellda þjónustu við þá sem þurfa hana. „Núverandi skipulag, eða skipulagsskortur, ýtir undir að stofnanir og stjórnsýsla kasti ábyrgð á milli sín og einstaklingarnir gjalda fyrir,“ segir Eygló.

Það er klárlega orðið tímabært á þessu sviði eins og fleirum í velferðarþjónustunni að flókið kerfi sé endurskoðað í heild sinni. Það er til mikils að vinna; ef fólk festist í viðjum fíknar og umsjá kerfisins fyrir lífstíð þýðir það bæði miklar þjáningar og mikil útgjöld fyrir samfélagið. Hvort tveggja má spara ef tekst að koma börnunum í þessum verst stadda hópi sæmilega ósködduðum út úr neyzlu og rugli.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Engin svör

Hagar hafa engin formleg svör fengið við beiðni sinni um að fá að flytja inn þrjár tegundir af ostum án innflutningstolla. Hagar skrifuðu atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu þriðja febrúar og var óskað svara innan tíu daga. Fyrirtækið óskaði líka eftir því um miðjan janúar að fá að flytja inn lífrænt ræktaða kjúklinga en ráðuneytið hefur enn ekki sýnt þá kurteisi að svara erindinu. Raunar sagði forsætisráðherra í þættinum Sunnudagsmorgni að Hagar hefðu næga tollkvóta til að flytja inn osta eins og þeir vildu. Honum láðist hins vegar að láta þess getið að fyrirtæki verða að bjóða í tollkvótana, þeir eru ekki ókeypis eins og skilja hefði mátt af orðum forsætisráðherrans. Það er því hægt að taka undir þau orð framkvæmdastjóra Haga að tollkvótarnir jafngildi ofurtollum.



### Hvert atkvæði skiptir máli

Sóley Tómasdóttir sigraði Líf Magneudóttur með einu atkvæði í forvali Vinstri grænna vegna borgarstjórnarkosninganna. Ekki mjög sannfærandi sigur en sýnir að hvert atkvæði getur skipt máli. Klisjan um að hvert atkvæði skipti máli sannaðist líka í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði árið 2010 þegar Rósa Guðbjartsdóttir tapaði í baráttunni um fyrsta sætið með tveimur atkvæðum fyrir Valdimari Svavarssyni. Rósa vann svo sannfærandi sigur í prófkjöri í Hafnarfirði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor.



### Ömurlegt viðtal

Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, lá ekkert á skoðunum sínum í Bítinu á Bylgjunni þar sem fjallað var um margfrægt viðtal Gísla Marteins við forsætisráðherra á RÚV. Ragnheiður sagði að viðtalið hefði verið ömurlegt þar sem báðir komu illa út. „Ég ætla bara að segja það, mér fannst þeir eins tveir óþekkir strákar að skylmast og lítt til sóma fyrir hvorugan,“ sagði Ragnheiður.

**johanna@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Lífið í ESB er ostur fyrir ost

VIÐSKIPTI




**Guðni Ágústsson**
framkvæmdastjóri


Evrópusambandið er sjálfu sér samkvæmt í allri tollaumræðu. Það er líka alþjóðastofnunin WTO, ekkert er gefið eftir hvað tollkvóta og markaðsaðgang varðar. Lífið á þessum stöðum er kaup kaups, vara fyrir vöru.

Og að auki hefur ekkert gerst hjá WTO í tíu ár hvað viðskipti með landbúnaðarafurðir varðar. Það hentar ekki stóru þjóðunum. Enn lifir setning gamla Bush forseta, það verður ekki samið í GATT nema það sé hagstætt fyrir bandaríska bændur.

Nú telur verslunin hér að ríkisstjórnin eigi að heimila innflutning á öllu sem ekki er framleitt í landinu. Hagar sækja um að flytja inn án innflutningstolla geita-, ær- og bufflaosta, þeir séu ekki framleiddir hér þótt þeir séu fáir sem eru að biðja um þessa osta.

Á sama tíma sækir mjólkuriðnaðurinn um að stækka skyrkvóta sinn í ESB úr 380 tonnum í 4.000 tonn. ESB segir nei, við viljum osta til Íslands án tolla í staðinn. Ekkert er gefið eftir, þó eru Evrópubúar vitlausir í að kaupa íslenskt skyr og eftirspurnin mikil í nokkrum löndum eftir þessari hollustuvöru.

### Ekkert gefið eftir hjá ESB

Þegar ég sem landbúnaðarráðherra samdi um það við ESB að fella burtu alla tolla af íslenska hestinum, beggja hagur, lifandi dýr tómstundagaman fólksins, varð ESB að fá að flytja inn bæði kjöt og osta á lækkuðum tollum og garðplöntur í staðinn. Þannig og aðeins þannig náðist þetta hagsmunamál fram og málið snerist ekki um kjöt þótt hrossakjöt sé vinsælt þar eins og hér.

**➜ Ekkert er gefið eftir, þó eru Evrópubúar vitlausir í að kaupa íslenskt skyr og eftirspurnin mikil í nokkrum löndum eftir þessari hollustuvöru.**

Það er því ekkert einfalt til í þessum viðskiptum og ekkert gefið eftir ESB-megin, þeir eru harðir í horn að taka. Í ESB er fimm hundruð milljóna manna markaður en á Íslandi þrjú hundruð og tuttugu þúsund. Fjögur þúsund tonn af skyri eru sletta fyrir þá en þeir vilja fá sitt í staðinn og ekki miða það við magn per mann eða maga.

Þótt við ættum osta úr álfakúm sem ekki væru til þar myndu ESB og WTO hrista höfuðið og segja nei, vara kemur fyrir vöru, þetta eru viðskipti.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Eru konur öðruvísi en karlar?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Samspil kynjanna og munurinn á milli þeirra er endalaus uppspretta nýrra greina, bóka, kvikmynda, leikrita, já, nefndu það bara. Við erum geysilega upptekin af því að bera kynin saman, sérstaklega að reyna að ráða gátur hvort annars. Gefa ráð um það hvernig okkur gæti tekist betur upp í samskiptum við hitt kynið, helst einhverjar skyndilausnir og leiðbeiningar sem geta auðsjáanlega ekki átt við alla einstaklinga. Samt virðist endalaus markaður fyrir slíkt, handbækur um hvaðeina og misgáfuleg ráð til einstaklinga af báðum kynjum. Fimm þetta, sjö hitt, tíu ráð til að ná árangri í lífinu, megrast, lifa góðu kynlífi eða missa ekki hárið, svo dæmi séu tekin.

Sitt sýnist hverjum og eftir því sem umræðan er meiri og aðgengi að upplýsingum betra, eru minni líkur á að það sé hægt að plata okkur upp úr skónum. Við ættum öll að vita það að lífið er ekki einfalt og þá vitum við að hver einstaklingur er eins og orðið segir, einstakur. Af því leiðir að nálgun okkar á hlutina verður að taka mið af því. Engu að síður er stöðugt verið að gefa leiðbeiningar sem byggja á heildinni. Sennilega erum við ekki búin að rannsaka hlutina nægjanlega vel ennþá til að vera nákvæmari en raun ber vitni og sá tími mun að öllum líkindum aldrei koma að okkur fylgi handbækur.

**Munurinn milli kynjanna**

Það eru þó ákveðin atriði sem við vitum að eru mismunandi milli kynjanna og skipta máli þegar kemur að sjúkdómum og forvörnum. Þar er auðvitað hið augljósa sem tengist kyn- og æxlunarfærum sem eru ekki eins og því gjörólíkar áherslur sem eru lagðar til að mynda við krabbameinsforvarnir. Konur fara í skimun með tilliti til legháls- og brjóstakrabbameina. Karlar eru ekki skimaðir í dag vegna þess að við eigum ekki nægjanlega traustar aðferðir til þessa varðandi eistna- og blöðruhálskirtilskrabbamein. Allir eru þó sammála því að skima fyrir ristilkrabbameini hjá báðum kynjum, en svo virðist sem konur fái meinið eitthvað síðar á æviskeiðinu og að það finnist á öðrum stöðum í ristlinum en hjá körlunum. Nýlega var fjallað um að krabbameinslyf hefðu misgóða virkni í sömu æxlum milli kynja, svo það sýnir enn og aftur að við erum ekki eins.

Ef við veltum þá fyrir okkur öðrum líffærakerfum kemur í ljós að mikill munur er á milli kynjanna í þróun ýmissa sjúkdóma. Við vitum að það er munur á samsetningu heilavefs karla og kvenna, þá einnig hvernig heilinn virðist notaður, en nýjasta tækni sýnir mikinn mun þar á. Það gæti skýrt muninn á því hvernig konum og körlum reiðir af eftir heilaáföll, hvaða einkenni þau sýna í bráðafasanum og hverjar eru undirliggjandi ástæður fyrir áfallinu sjálfu. Mun algengara er að karlar fái slík áföll á grunni æðakölkunar á meðan konur skjóta frekar blóðtöppum, ef marka má rannsóknir.

Þá eru til tölur um það að astmi sé algengari hjá drengjum en stúlkum en það snýst við á eldri árum. Það kann að tengjast hormónastarfsemi en einnig öðrum þáttum sem við skiljum ekki fyllilega ennþá. Hluti af muninum milli kynjanna liggur örugglega í genunum og þá sérstaklega X og Y litningum. Rannsóknir sýna þessu til stuðnings að kynin virðast bregðast mismunandi við lyfjum, sem byggir ekki eingöngu á þyngd eða vöðvamassa heldur efnaskiptum og slíkt kann að verða mikilvægt í framtíðinni með tilliti til skammtastærða.

**Misjöfn einkenni**

Algengustu kvillarnir sem herja á Vesturlandabúa í dag eru hjarta- og æðasjúkdómar og enn er munur þar á milli kynjanna. Bæði hvað varðar tíðni, aldur við greiningu og síðast en ekki síst einkenni sem geta verið mjög misjöfn. Konur geta fundið fyrir þreytu, orkuleysi, magaverk, óróleika, spennu eða kvíða sem einu einkennum hjartaáfalls. En almennt er talað um verki eða þyngsl fyrir brjósti, leiðni í handlegg, háls, kjálka, sting á milli herðablaða, áreynslubundin óþægindi eða stöðugan verk og tilfinninguna að vera í lífshættu. Vitaskuld geta konur fundið fyrir öllum þessum einkennum en mikilvægt er að hvetja til vitundarvakningar á þeim mun sem er á milli kynjanna, sérstaklega hvað varðar þennan mikla vágest sem aðra.

> Ef við veltum þá fyrir okkur öðrum líffærakerfum kemur í ljós að mikill munur er á milli kynjanna í þróun ýmissa sjúkdóma.

# Áskorun til kjúklingabænda

DÝRAVERND
Elín Hirst
alþingismaður



Nýlega lýsti ég áhyggjum mínum á Alþingi vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið í samfélaginu um meðferð á dýrum hér á landi, þá aðallega kjúklingum í tengslum við svokallaðan verksmiðjubúskap. Ég hef hlustað á það sem sagt hefur verið og skrifað af hálfu þeirra sem starfað hafa á slíkum búum og gert sérstakar athuganir á framkvæmd íslenskra dýraverndarlaga. Þær frásagnir vekja mér ugg í brjósti.

Ekki vil ég setja alla kjúklinga- eða svínabændur sem stunda svokallaðan verksmiðjubúskap undir sama hatt, en ég bið þá um að fara ekki fram úr sér á kostnað velferðar dýranna. Ég held að enginn neytandi vilji vera aðili að viðskiptum þar sem illa er farið með dýr til að ná niður verði eða auka hagkvæmni framleiðslunnar.

Samkvæmt lögum um velferð dýra sem samþykkt voru á Alþingi í fyrravor og tóku gildi 1. janúar síðastliðinn skal tryggt að dýr séu haldin í umhverfi sem samræmist sjónarmiðum um velferð dýra. Umhverfi þeirra skal vera þannig að þau geti athafnað sig, hreyft sig, hvílst, notið útivistar, beitar eða viðhaft annað atferli sem þeim er eðlilegt. Frásagnir af því hvernig dýrum er slátrað til matvælaframleiðslu og þeim haldið lokuðum inni í miklum þrengslum vekja áleitnar spurningar um hvort farið sé að lögum um velferð dýra hér á landi. Einnig hef ég heyrt í fjölmiðlum frásagnir af því að í þau sé sparkað, þeim hent í veggi og jafnvel beinbrotin á leið til slátrunar. Ekki verður annað sagt en að slíkt framferði beri vott um hreina mannvonsku. Ég bið alla þá sem hafa ábyrgð á dýrahaldi með höndum, þá sérstaklega kjúklingabændur í ljósi umræðunnar, að fara gaumgæfilega ofan í saumana á því hvernig gætt er að velferð dýranna á búum þeirra. Má í þessu samhengi minna á þau orð að framkoma okkar við hinn minnsta bróður segir til um hver við erum sjálf.



Afsláttur: 500.000



**VW Touareg** 3.2 V6
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 135.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.190.000

KJARAKAUP: **1.690.000**

Afsláttur: 1.000.000



**Volvo V70**
Árgerð 2008, dísil
Ekinn 285.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.490.000

KJARAKAUP: **2.490.000**

Afsláttur: 400.000

Eyðslugrannur dísilbíll.
Frítt í stæði.

**VW Golf** Trendline TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 64.000 km,
beinskiptur
Ásett verð: 2.750.000

KJARAKAUP:
**2.350.000**



Afsláttur: 400.000

Dráttarbeisli,
bakkmyndavél og
leiðsögukerfi.



**VW Tiguan** Track&Style 2.0TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 36.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.890.000

KJARAKAUP: **5.490.000**

Afsláttur: 300.000



**Toyota Yaris** terra
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 34.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 2.390.000

KJARAKAUP: **2.090.000**

Afsláttur: 400.000



**Toyota RAV4** GX plus
Árgerð 2013, bensín
Ekinn 21.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 5.770.000

KJARAKAUP: **5.370.000**

Afsláttur: 800.000



**Nissan Patrol** 3000 Luxury
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 102.500 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000

KJARAKAUP: **3.190.000**

Afsláttur: 400.000



**Toyota Corolla** 1.4 VVTi
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 96.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.390.000

KJARAKAUP: **990.000**

Afsláttur: 600.000



**Suzuki Grand Vitara** LUX
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 61.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.890.000

KJARAKAUP: **3.290.000**

Afsláttur: 400.000



**Skoda Superb** 1.8T
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 150.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.690.000

KJARAKAUP: **1.290.000**

Afsláttur: 330.000



**Renault Megane** station
Árgerð 2004, dísil
Ekinn 157.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 820.000

KJARAKAUP: **490.000**

Afsláttur: 500.000



**M. Benz** C200 kompressor
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 129.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.390.000

KJARAKAUP: **1.890.000**

Afsláttur: 960.000

Aukasæti (7 manna
útfærsla) og ný
heilsársdekk.



**Toyota** Land Cruiser 150 GX
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 67.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 8.550.000

KJARAKAUP: **7.590.000**

Afsláttur: 1.000.000



**Audi Q7** 3.0 TDi
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 126.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 5.990.000
KJARAKAUP: **4.990.000**

Afsláttur: 600.000



**Audi A4** Avant 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 49.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 4.790.000
KJARAKAUP: **4.190.000**

Afsláttur: 600.000

**Audi A4** 2.0 TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 35.000 km,
sjálfskiptur
Ásett verð: 5.290.000
KJARAKAUP:
**4.690.000**



Afsláttur: 500.000



**Audi A4** 2.0 TDI 6 gíra
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 54.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 4.190.000
KJARAKAUP: **3.690.000**

Afsláttur: 500.000



**Audi A4** 2.0 Avant
Árgerð 2003, bensín
Ekinn 126.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.490.000
KJARAKAUP: **990.000**

Afsláttur: 560.000



**Kia Sorento** 33"
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 133.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.550.000
KJARAKAUP: **1.990.000**

Afsláttur: 600.000



**Kia Ceed** 1.6 EX dísil
Árgerð 2007, dísil
Ekinn 92.000 km, beinskiptur
Ásett verð: 1.990.000
KJARAKAUP: **1.390.000**

Afsláttur: 900.000

7 manna, leðurinnrétting,
rafmagn í framsætum,
bakkmyndavél, xenon ljós o.fl.

**MM Pajero** 3.2 Instyle
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 30.000 km,
sjálfskiptur
Ásett verð: 8.790.000
KJARAKAUP:
**7.890.000**



Afsláttur: 600.000



**MM Pajero** 3.2 GLS 33"
Árgerð 2006, dísil
Ekinn 116.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.990.000
KJARAKAUP: **3.390.000**

Afsláttur: 570.000



**Nissan Pathfinder** LE
Árgerð 2005, dísil
Ekinn 132.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 3.260.000
KJARAKAUP: **2.690.000**

# KJARAKAUP

## Úrval notaðra bíla á **einstöku** verði

HEKLA býður einstök kjör á völdum notuðum bílum út febrúar, eða á meðan birgðir endast. Fyrstir koma, fyrstir fá. Bílarnir eru til sýnis hjá HEKLU, Laugavegi 170-174. Kjarakaup HEKLU gera þér kleift að eignast gæðabíl á einstöku verði.

Afsláttur: 540.000



**Hyundai Tucson** 2700 4x4
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 113.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 1.890.000
KJARAKAUP: **1.350.000**

Afsláttur: 660.000



**Volvo S60**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 72.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð: 2.650.000
KJARAKAUP: **1.990.000**

**Kjarakaup HEKLU nýtast öllum vel!**

**Kíkið inn á: heklanotadirbilar.is**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Laugavegi 174 I Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

# Sígild í sjónvarpi

MENNING



**Gunnar Guðbjörnsson**
óperusöngvari og formaður Félags íslenskra tónlistarmanna – klassískrar deildar FÍH

Aðdáendur sígildrar tónlistar fengu óvæntan glaðning í upphafi ársins 2014. Á sjónvarpsskjánum hefur klassískri tónlist verið gert hærra undir höfði en áður svo að eftir því er tekið.

Raunar hófst sjónvarpsveturinn á RÚV með sjónvarpsþáttunum Útúrdúr þar sem þau Halla Oddný Magnúsdóttir og Víkingur Heiðar Ólafsson buðu sjónvarpsáhorfendum í ferðalag um heima tónlistarinnar. Þetta ferðalag reyndist bæði fjölbreytt og fróðlegt. Þau nálguðust viðfangsefnið á þann hátt að jafnt atvinnumenn, áhugafólk og þeir sem ekki höfðu áður gefið sig að sígildri tónlistgátu notið. RÚV á þakkir skildar fyrir framleiðslu þáttanna en nú hefur Ríkissjónvarpið gefið í og boðið upp á frekari dagskrá af svipuðum toga en þar má nefna upptökur af tónleikum úr Hörpu og Salnum í Kópavogi, þátt um stórkostlegt tónlistarverkefni Hallfríðar Ólafsdóttur, Maxímús Músíkus, auk aðkeyptra tónlistarþátta á borð við upptöku á Zarzúelatónleikum með Placido Domingo, frá tónlistarhátíðinni í Salzburg.

#### Ekki háð tískusveiflum

Menningarefnið virðist nú hafa hellst yfir sjónvarpið því þar til um miðjan febrúar verður sérstök næturdagskrá allar nætur, sem tileinkuð er myndlist og stendur veislan fram undir morgun.

Allt bætist þetta við ágæta dagskrárliði sem þegar eru til staðar: Kiljuna, Hljómskálann og Djöflaeyjuna.

Ástæða er til að færa RÚV sérstakar þakkir fyrir þessar nýársgjafir enda má lesa á samskiptamiðlum mikinn fjölda jákvæðra viðbragða þess fólks sem notið hefur. Sumir hafa bent á að eitthvað af hinu ágæta efni sé reyndar ekki það allra nýjasta á markaðnum en þá ber að nefna að einn helsti kosturinn við sígilda tónlist er að hún er yfirleitt ekki háð tískusveiflum. Klassískar tónleikaupptökur eldast yfirleitt fádæma vel en lækka þó í verði með aldrinum. Ólíklegt má því teljast að hoggið verði stórt skarð í sjóði Ríkisútvarpsins við innkaupin. Sú staðreynd ætti að vera dagskrárstjóra Sjónvarps ástæða til að halda áfram þessari janúarstefnu og gleðja okkur enn frekar með vönduðu sígildu tónlistarefni.

Hver veit nema að okkar bíði fastur þáttur í vetrardagskránni um allt það helsta sem er á döfinni í sígildri tónlist heima og erlendis, þáttur í ætt við Hovedscenen hjá NRK?

# Náttúrupassi – aðgangskort sem virkar

FERÐAÞJÓNUSTA



**Björn Valdimarsson**
hönnuður í Reykjavík

Flestir eru sammála um að það væri slæm niðurstaða ef við helstu ferðamannastaði verði kofaskrifli þar sem rukkarar híma þann tíma sem opið er til að taka við klinki af ferðamönnum. Það vakna ýmsar spurningar, hve lengi verður opið, verður hægt að skoða t.d. um miðnætti þegar albjart er á Íslandi, á að vera sólarhringsvakt, mun þetta nokkuð borga sig?

Fyrir utan hvað þetta er hallærislegt og niðurlægjandi þá er hætt við að framkvæmdin verði erfið. Á skíðasvæðum í Evrópu er fjöldinn allur af skíðalyftum, landeigendur og eigendur lyftanna reka sameiginlegt kerfi þannig að gefin eru út kort sem veita aðgang að lyftunum. Svo er gert upp eftir aðsókn hjá hverjum og einum eftir hvert tímabil.

Hægt væri að hugsa sér að gefin verði út mismunandi náttúrukort á Íslandi, t.d. vikukort sem gildir fyrir Suðurland, Norðurland, Austurland eða Vesturland, og kort sem giltu fyrir allt landið. Kortin væru sem sagt gild í mismunandi tíma og fyrir aðgreind svæði. Á stöðum þar sem óskað væri eftir að rukka aðgangseyri væri komið fyrir hliði, til að komast inn þyrfti að bera kortið að nema sem opnar fyrir hverjum og einum. Ferðamenn hefðu þannig val um hvort þeir yfirhöfuð vilja kaupa kort, hve mikið þeir vilja skoða og hve lengi. Síðan verði fjármunum sem koma inn skipt eftir ákveðnu kerfi og aðsókn.

Umsjónarmenn eða eigendur hvers staðar sæju sjálfir um að koma upp aðstöðu, girða og hafa eftirlit með starfseminni. Þannig væri ekki verið að standa í þessu nema þar sem aðsókn væri töluvert mikil. Ferðamenn borga fast verð fyrir passann og þurfa ekki að vera að spá í hvort þeir eigi að splæsa í að skoða hvern stað eða ekki, þeir renna bara kortinu í gegn.

Þetta er hugsanleg leið til að fá fjármuni til að koma upp aðstöðu og viðhalda henni. Það er fráhrindandi að setja flatan skatt á alla sem koma til landsins, sumir hafa engan áhuga á að heimsækja þessa hefðbundnu ferðamannastaði og hvers vegna á að rukka þá?

Svo eru það Íslendingarnir. Ef þeir eiga að fá aðgang sem greitt er fyrir t.d. með því að hafa greiðsluna innifalda í nefskatti eins og útvarpsgjaldinu, væri hægt að hafa það þannig að rafræn íslensk skilríki nægi til að fá aðgang.



Leiðsögumenn
Aðalfundur Félags leiðsögumanna verður haldinn á Restaurant Reykjavík miðvikudaginn 19. febrúar kl:20.
Stjórnin.

# Róum öll í sömu áttina

EFNAHAGSMÁL



**Svana Helen Björnsdóttir**
formaður Samtaka iðnaðarins

Glæsilegt Viðskiptaþing var haldið í síðustu viku og hafa því verið gerð góð skil í fjölmiðlum. Aðsókn að þinginu var góð og hvert sæti skipað. Margt fróðlegt var þarna reifað en segja má að meginumfjöllunin hafi verið um þau fjölmörgu tækifæri sem framundan eru í íslensku viðskiptalífi og leiðir til að nýta þau sem best. Það eru gömul og augljós sannindi að þegar viðskipta- og atvinnulífi í landinu vegnar vel reynist það samfélagi okkar til heilla.

#### Stöðugleiki í stað kollsteypu

Vissulega komu fram skiptar skoðanir á því hvaða stefnu skuli taka í nokkrum veigamiklum málum sem gætu haft áhrif á efnahagsþróun næstu ára og áratuga. Eðlilegt er að skiptar skoðanir séu um bestu leiðir til að auka hagsæld á Íslandi, enda stöndum við á nokkrum tímamótum um hvað varðar framtíð efnahagslífs í landinu. Við erum hægt og bítandi að verða búin að vinna okkur út úr óvenju þungu áfalli og landsframleiðsla er að nálgast það stig er hún reis sem hæst. Við höfum krufið til mergjar mistök sem gerð voru meðan geyst var farið, ekki síst í erlendri skuldsetningu. Nú horfum við fram á veginn.

Við hjá Samtökum iðnaðarins erum sammála öðrum hagsmunasamtökum í íslensku efnahagslífi þegar við teljum stöðugleika vera eitt helsta markmið efnahagsstefnu næstu ára. Þarna er vísað til almenns rekstrarumhverfis og helstu hagvísa. Í raun óskum við þess aðeins að stjórnendur í íslensku atvinnulífi geti búið við þannig rekstrarumhverfi að hægt sé að gera áætlanir fram í tímann sem ekki er kollvarpað í óvæntum dýfum og kollsteypum. Ég er sannfærð um að markmið okkar í þessu efni eru í engu frábrugðin markmiðum ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans.

**➜ Greina þarf tækifærin og nýta þau sem best. Þannig stuðlum við að hagvexti og aukinni velsæld. Markmið okkar er í raun það sama og nú þurfum við öll að róa í sömu átt.**

#### Kanna kostina til hlítar

Ekki þarf að fjölyrða um þann ágreining sem ríkt hefur um framtíðarskipan peningamála hér á landi. Stór hluti þjóðarinnar er, eins og viðskiptalífið, áfram um að fá sem gleggsta sýn á þá kosti sem bjóðast í framtíðinni. Ekki verður leyst úr þessum ágreiningi í einni svipan. Samtök iðnaðarins hafa, í samráði við félagsmenn sína, markað þá stefnu að kanna til hlítar hvaða kostir bjóðast í raun. Um þetta takast menn á og fylgir þar hver sinni sannfæringu. Á meðan megum við ekki missa sjónar á því verkefni sem við blasir. Það er að auka arðbæra fjárfestingu á Íslandi, jafnt innlenda sem erlenda. Greina þarf tækifærin og nýta þau sem best. Þannig stuðlum við að hagvexti og aukinni velsæld. Markmið okkar er í raun það sama og nú þurfum við öll að róa í sömu átt.

Fram hefur komið að stjórnvöld ríkisfjármála og peningamálastefnu greinir á um verðbólguhorfur næstu ára, en þar skakkar í raun ekki neinum ósköpum. Fremur mætti fagna því að spáð er ágætum hagvexti á næstu misserum og að doði og slaki hverfi úr hagkerfinu.

Samtök iðnaðarins héldu nýlega árlegt útboðsþing þar sem kynntar voru framkvæmdaáætlanir stærstu opinberra aðila á árinu. Ljóst er af þeim áformum að fyrirtæki innan SI munu taka þátt í miklum og mikilvægum verkefnum í ár sem eru til þess fallin að stuðla að hagvexti án þess að skuldsetja þurfi ríkissjóð frekar. Takist að glæða fjárfestingu innlendra og erlendra aðila í samræmi við þau framkvæmdaáform sem kynnt voru á vettvangi SI, er ástæða til bjartsýni nú við upphaf helsta framkvæmdatíma ársins.



# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## FJALLAÐ UM NÓBELSVERÐLAUN

**Málstofa Lífvísindaseturs verður haldin fimmtudaginn 6. febrúar kl. 12.25–13.10 í stofu 343 í Læknagarði. Dr. Helga Ögmundsdóttir, prófessor í frumulíffræði við Læknadeild HÍ, mun fjalla um „Nóbelsverðlaunin í læknisfræði 2013: Skipulag vöruflutninga“.**


**Hreinsandi sérhæfir sig í :**
- Mygluгró
- Djúphreinsun
- Lyktareyðingu
- Sótthreinsun teppa, húsgagna, rúmdýna og annarra húsmuna.



Hreinsandi
fyrir alla muni
Hreinsandi notar efni frá kemi
Eldshöfða 1 S: 577-5000 Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is





Flottar gallabuxur
kr. 13.900.-
Dökkblár og ljósbláar
Str. 36-54
Háar í mittið
Rita
Bæjarlind 6 • S. 554 7030
www.rita.is
Við erum á Facebook



HÆTTU Í MEGRUN
VERTU FIT
FIT kjúklinga-salat
1.790 KR



Culiacan
MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is





### MIKILL MUNUR

„Ég hef notað NUTRILENK GOLD síðan í september 2012 með frábærum árangri, og þá meina ég árangri. Í byrjun tók ég 6 töflur á dag í 2 mánuði en í dag tek ég 3 töflur á dag. Ég hef stundað æfingar í Metabolic af fullum krafti síðan vorið 2013 og tek þá aðeins meira af NUTRILENK GOLD. Núna sef ég allar nætur og get beygt mig án sársauka.“

### GENGURVEL.IS

Nutrilenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Nánari upplýsingar á: www.gengurvel.is.

# VERKIRNIR HREINT HELVÍTI Á JÖRÐ

**GENGUR VEL KYNNIR** *Ragnheiður Garðarsdóttir hefur starfað sem leikskólakennari í 19 ár. Hún vinnur mikið á gólfinu og þarf þar af leiðandi sífellt að vera að setjast og standa upp aftur. Ragnheiður er greind með slitgigt og hefur fundið fyrir verkjum í hægri mjöðminni um árabil.*

Haustið 2012 var ég í berjamó og varð svo slæm á eftir að ég þurfti að fá sprautur og sterk verkjalyf fyrir mjöðmina. Ég skánaði við það en var alltaf með seyðing og verki. Suma daga var ég þokkaleg en aðrir voru hreint helvíti á jörð. Næturnar hafa líka í gegnum árin verið mér erfiðar. Ég var með eilífan seyðing í mjöðminni og niður í tá og gat ómögulega legið á hægri hliðinni. Ég sá best hversu slæmt ástandið var á því hvað göngulag mitt var orðið skelfilegt í myndbandi frá Flórídaferð fjölskyldunnar haustið 2011.“

**ÖÐLAÐIST NÝTT LÍF**

„Ég hef notað NUTRILENK GOLD síðan í september 2012 með frábærum árangri, og þá meina ég árangri. Í byrjun tók ég 6 töflur á dag í 2 mánuði en í dag tek ég 3 töflur á dag. Ég hef stundað æfingar í Metabolic af fullum krafti síðan vorið 2013 og tek þá aðeins meira af NUTRILENK GOLD. Núna sef ég allar nætur og get beygt mig án sársauka. Ég átti mjög erfitt með að klæða mig í sokka og skó á morgnana og þurfti að fá aðstoð. Það er allt annað í dag, ég get bókstaflega allt! Ég er meira að segja farin að ganga kraftgöngur á ný. Ykkur finnst þetta kannski vera ýkt saga … en hún er sönn. Ég öðlaðist nýtt líf með NUTRILENK GOLD.“



**RAGNHEIÐUR GARÐARSDÓTTIR**
Var greind með slitgigt en öðlaðist nýtt líf með NUTRILENK GOLD.









Gjöf handa þér og þínum
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955















**RÁÐAGÓÐ** Jóna Björg Sætran er sérmenntuð í hugrænni atferlismeðferð við kvíða og áhyggjum og hefur víðtæka reynslu á því sviði. Hún rekur einnig fyrirtækið Námstækni (www.namstaekni.is). MYND/VALLI

# ÁHYGGJUM BANAÐ

**KVÍÐI** *Góð sjálfsmynd og sjálfstraust geta unnið bug á vanlíðan, vonleysi og kvíða. Laust undan oki kvíða getur fólk blómstrað og notið áhyggjulauss lífs.*

Góð sjálfsmynd og gott sjálfstraust hjálpa okkur að vinna bug á erfiðum tilfinningum,“ segir Jóna Björg Sætran, M.Ed.-menntunarfræðingur og markþjálfi.

Jóna Björg er sérmenntuð í hugrænni atferlismeðferð og vinnur með einstaklingum sem glíma við kvíða, félagsfælni og þunglyndi.

„Kvíði er algengur hjá fólki á öllum aldri og sé ekki unnið úr kvíðanum vex hann og dafnar og getur þróast yfir í þunglyndi,“ segir Jóna Björg um kvíðaköst sem geta verið mislöng og misjafnlega áhrifamikil.

„Stundum reynast gömul atvik þungbær og þeir sem hafa ekki unnið sig út úr slíku hugarangri verða hræddir um að lenda í sömu aðstæðum aftur. Þá fara þeir að kvíða fyrir að fá kvíða og sá kvíði getur yfirtekið heilbrigða rökhugsun. Það byrjar með neikvæðum hugsunum og gildir þá einu hvort haldbær rök liggja að baki. Í kjölfarið koma fram órökrétt viðbrögð og þá ýmislegt gert eða látið ógert sem breytt gæti stöðunni til hins betra.“

Að sögn Jónu Bjargar geta margs konar erfiðleikar valdið vanlíðan og vonleysi, og margs kyns yfirþyrmandi og íþyngjandi hugsanir heltekið hugann.

„Allt hefur það neikvæð áhrif á andlega og líkamlega vellíðan og því brýnt að gera sér grein fyrir orsakavaldi kvíðans. Einnig er mikilvægt að gera sér ljóst að neikvæðar, kvíðavaldandi hugsanir eru bara hugsanir en ekki endilega sannleikur,“ segir Jóna Björg sem kennir skjólstæðingum sínum að vinna sig út úr vítahring kvíða og öðlast skilning á því hvers vegna kvíðinn magnast upp.

„Ég kenni hvernig unnt er að vinna með eigin kvíða og skoða með hvaða hætti er hægt að draga úr áhrifum hans á almenna líðan. Án kvíða verður allt miklu auðveldara og fólk öðlast betri tök á því sem veldur áhyggjum í daglegu lífi. Laust undan oki kvíðans getur það leyft sér að njóta þess að vera það sjálft og blómstra í einkalífi og starfi.“

Jóna Björg heldur námskeiðið Kvíða- og áhyggjubanann sem er öflug sjálfsstyrking til að draga úr kvíða og áhyggjum. Námskeiðið hefst mánudaginn 24. febrúar. Upplýsingar og skráning á coach@coach.is. Sjá nánar á www.coach.is.

thordis@365.is

## ÓÞARFA ÁHYGGJUR

Árangursfræðingurinn Brian Tracy heldur því fram að 96 prósent áhyggja séu vegna atriða sem vel sé hægt að sleppa að hafa áhyggjur af. Þau muni ekki verða að veruleika. Um 4 prósent áhyggjuefna séu atriði sem líklegt er að gerist, en þar af séu um 2 prósent sem hægt sé að hafa áhrif á og mögulega koma í veg fyrir eða draga verulega úr. Aðeins 2 prósent áhyggjuefna séu atriði sem muni ganga eftir en við getum ekki fengið neitt að gert, þrátt fyrir einlægan og mikinn vilja.

# LISTAMENN MEÐ GOTT HJARTA

*Landsþekktir skemmtikraftar koma fram á tónleikum til styrktar Barnaspítalanum á fimmtudagskvöld. Tónleikarnir eru liður í átakinu „Öll í einn hring“.*

Á fimmtudagskvöldið verða haldnir tónleikar í Gamla bíói til styrktar Barnaspítala Hringsins. „Það verður létt stemning á tónleikunum og þar kemur fram landslið skemmtikrafta með gott hjartalag. Þeir gefa allir vinnu sína og rennur ágóði kvöldsins því óskiptur til Barnaspítala Hringsins,“ segir Sigrún Halldórsdóttir, einn skipuleggjenda tónleikanna.

Á tónleikunum koma fram Bubbi Morthens, Jón Jónsson, Friðrik Ómar, Matti Matt, Björn Jörundur, Eyþór Ingi og Sverrir Bergmann. „Svo verða þeir Pétur Jóhann og Sveppi kynnar og verða með eitthvert grín og glens eins og þeim einum er lagið.“

Tónleikarnir eru liður í átaki sem kallast „Öll í einn hring“ og verður öllum fjármunum sem safnast í átakinu varið til tækjakaupa fyrir Barnaspítalann. Átakið er á vegum meistaranámsnema í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Þau eru í áfanga sem heitir Samvinna og árangur. „Átakið hefur gengið mjög vel og það er frábært hvað allir eru tilbúnir að leggja málefninu lið. Það eru margvíslegir viðburðir í kringum átakið, sem dæmi má nefna að fram til fimmtudags býðst notendum Bland.is að setja inn sérstaklega merktar auglýsingar eða uppboð til styrktar Barnaspítala Hringsins,“ segir Sigrún. Styrktartónleikarnir verða á fimmudag klukkan níu í Gamla bíói og er miðaverð 2.500 krónur. Hægt er að fá miða á Midi.is og við innganginn.

Nánari upplýsingar um átakið má finna á Facebook-síðunni Öll í einn hring.



**ÖLL Í EINN HRING** Þau Ásgerður Júlíusdóttir, Helga Bryndís Kristjánsdóttir, Hrafnhildur Árnadóttir, Sigrún Halldórsdóttir og Þorvaldur Finnbogason standa að baki skipulagningu styrktartónleikanna. MYND/GVA

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 18. FEBRÚAR 2014



# TVÆR TÆKNIHETJUR FRÁ TÍUNDA ÁRATUGNUM

## Báðir bílarnir kostuðu á sínum tíma meira en Ferrari 348 og eru samtals 620 hestöfl.

Það fyrirfinnst mikið af forvitnilegum bílum á Íslandi og margir af þeim eru ekki nýir. Bílablað Fréttablaðsins heimsótti tvo forfallna „blýfætlinga“ sem er félagsskapur þeirra sem aðhyllast bíla sem höfða almennt lítið til almúgans. Þessa anorakka, en svo eru nefndir þeir sem vita allt sem hægt er að vita um bílana sína og reyndar miklu meira en það, má finna á vefsvæðinu blýfótur.is. Þeir eru hrifnir af bílum sem hafa verið hannaðir með háleit og einbeitt markmið í huga. Oftast eru þetta evrópskir sportbílar sem heilla, útbúnir óvenjulegum vélum og undantekningarlaust afturhjóladrifnir. Tveir bílar þeirra eru frábær dæmi um slíkt. Þeir eru báðir þýskir, kostuðu báðir meira en Ferrari 348 á sínum tíma, eru báðir afturhjóladrifnir GT-bílar með pláss fyrir tvo fullorðna, tvö börn og nóg af farangri. Og já, eitt í viðbót, þeir eru báðir með stórar sleggjur undir húddinu.

### Tvær ólíkar nálganir að sama markmiði

Félagarnir Guðbjartur Guðmundsson og Ólafur Hvanndal eru báðir vel haldnir af bíladellu. Það mætti segja að bensín renni um æðar þeirra. Ólafur Hvanndal festi kaup á gríðarspennandi eintaki af Porsche 928 S4, árgerð 1991, sem hann hafði upp á í Vestmannaeyjum síðastliðið haust. Bíllinn er kallaður Skruggi og herma heimildarmenn að bílsins hafi verið sárt saknað þegar hann kvaddi Eyjar og fór um borð í Herjólf. Yfirleitt er erfitt að þvinga slíkar gersemar úr greipum eigenda en í Vestmannaeyjum eru flestir á mótorhjólum og því gafst ákveðið tækifæri til að kaupa bílinn þar. Svona bílar eru náttúrlega ekki á hverju strái á Íslandi og á meginlandinu eru Porsche 928-bílar í þessu ástandi enn mjög dýrir, þrátt fyrir að vera eknir 200-300 þúsund kílómetra. Innflutningur á slíkum bíl er því ekki fjárhagslega hagkvæmur.

### BMW 850i ekinn 77.000 km

Guðbjartur Guðmundsson er hins vegar búinn að eiga ótrúlegt eintak af BMW 850i síðan 2009. Bjartur, eins og hann er oftast kallaður, hefur ekki ekið bílnum mikið enda telur hann að bíllinn sé að mörgu leyti fjárfesting, ekinn aðeins 77.000 kílómetra frá upphafi þrátt fyrir að vera árgerð 1993. BMW 850i-bíllinn lítur út eins og nýr. Það er ótrúlegt að sjá svona eintak af þessum tæknilega fullkomna bíl, tákn tíma sem aldrei kemur aftur, tákn tæknilegrar fullkomnunar og fágunar sem erfitt er að ná í dag vegna krafna um árekstrar- og mengunarvarnir. Báðir bílarnir eru reyndar svo lágir að húddið á þeim nær meðalvöxnum manni varla upp að hné. Ef þeir væru kafbátar myndu þeir kljúfa vatnið vel, svo tignarlegir eru þeir.

### Tólf og átta strokka kaggar

Porsche 928 S4-bíllinn er útbúinn 5 lítra V8-vél sem skilar 320 hestöflum, en bíllinn er 1.600 kíló og hraðaði hann sér í 100 km/klst. á um 6 sekúndum þegar hann var nýr. Hámarkshraði 928 S4 er 264 km/klst. BMW 850i er einnig útbúinn 5 lítra vél sem reyndar er 12 strokka en hún skilar 300 hestöflum sem fleyta þessum 1.790 kílóa bíl í 100 km/klst. á 7,4 sek. Hámarkshraði var takmarkaður við 250 km/klst. en ef takmörkunin var fjarlægð þá náði bíllinn um það bil sama hraða og Porsche 928 S4. Karakter þessara bíla er þó mjög ólíkur. Þar sem bimminn er silkimjúkur sleði með grófa hlið þegar á þarf að halda er Porsche 928-bíllinn allur miklu spenntari og tilbúnari undir átök. Það er sérstaklega skemmtilegt að meta þessar tvær gerðir bíla en ómögulegt að gera upp á milli þeirra. Þeir eru á margan hátt svo líkir en jafnframt mjög ólíkir. Aðeins tíminn mun leiða í ljós hvor þeirra mun ná hærri hæðum á meðal blýfætlinga heimsins. En á meðan munu þessir herramenn njóta þess að hafa nef fyrir sérstökum bílum sem fáir, ef nokkrir á landinu, geta státað af.




# Graco innkallar 3,8 milljónir barnabílstóla



Það eru ekki bara bílaframleiðendur sem innkalla framleiðslu sína vegna galla, það getur einnig átt við framleiðendur barnabílstóla. Barnabílastólaframleiðandinn Graco hefur nú þurft að innkalla 3,8 milljónir barnabílstóla vegna þess að erfitt getur reynst að leysa festingu belta þeirra sem skapar augljósa hættu af í skyndi þyrfti að leysa börn úr þeim við hættuástand. Eru þessir stólar framleiddir frá árunum 2009 til 2013 og af alls 11 gerðum og þykja 7 gerðir sérstaklega slæmar. Mörgum foreldrum hefur reynst erfitt að leysa festingu beltanna og mikið afl hefur þurft til. Hefur sumum þeirra verið nauðugur einn kostur, þ.e. að klippa belti stólanna í sundur og er slíkt æði tímafrekt og allsendis óvíst að fólk hafi nokkurt verkfæri til þess í neyð. Hafa bifreiðaöryggisstofnun Bandaríkjanna, NHTSA, borist 80 kvartanir yfir þessum stólum.




Audi S1 er hinn lögulegasti og fer bílnum ágætlega að vera svona gulur.

# Myndir af Audi S1 leka

Audi ætlar að svipta hulunni af mjög öflugri útgáfu síns minnsta bíls, Audi A1, á næstu dögum og ber sá bíll nafnið Audi S1. Í leiðinni verður kynnt andlitslyfting á hefðbundna A1-bílnum. Verða þessir tveir bílar svo kynntir almenningi á bílasýningunni í Genf í næsta mánuði. Audi S1 verður með 230 hestafla 2,0 lítra bensínvél með forþjöppu. Hann verður fjórhjóladrifinn og með val um 6 gíra beinskiptingu eða tveggja kúplinga sjálfskiptingu. Þessi bíll er um margt líkur Volkswagen Golf GTI, með sömu vél, en er bara talsvert minni. Audi hefur því ekki þurft að kosta miklu til við þróun bílsins og er það til vitnis um hversu mikið Volkswagen-stórfjölskyldan nýtir sama búnað milli bílgerða sinna og bílamerkja.

# Heildverslun Halldórs Jónssonar ehf. endurnýjar bílaflotann

Halldór Jónsson ehf. heildverslun með vörur fyrir apótek, matvöruverslanir, hársnyrtistofur og fataverslanir endurnýjaði á dögunum allan bílaflota sölumanna sinna. „Við höfum beðið með endurnýjun flotans í nokkur ár en við finnum fyrir stígandi í verslun og það var svo sannarlega þörf á að endurnýja bílana og því ákváðum við að ráðast í endurnýjun núna.

Við höfum verið með Hyundai-bíla í okkar þjónustu undanfarin ár og hafa þeir reynst framúrskarandi vel hvað varðar viðhald og rekstraröryggi sem er einmitt það sem þarf fyrir rekstur svona bílaflota,“ sagði Ásgeir Sveinsson, framkvæmdastjóri Halldórs Jónssonar.

Halldór Jónsson hefur verið með Hyundai-bíla í sinni þjónustu síðastliðin 13 ár og reynslan verið góð. Núna tóku þeir við 7 nýjum Hyundai i20-bílum sem allir eru með sparneytinni dísilvél. Á myndinni sést Ásgeir Sveinsson taka við bílunum.



Hluti flotans hjá heildversluninni, en hjá Halldóri Jónssyni hafa Hyundai-bílar reynst vel.




Ekki er víst að þetta sé endanleg útgáfa Q8, enda hugmyndabíll.

# AUDI Q8 E-TRON Á AÐ SLÁ ÚT TESLA MODEL X

## Q8 fær líka bensín- og dísilvélar, allt að 550 hestöfl.

Audi vinnur nú að hönnun stórs Q8-jeppa, en ein af drifrásum sem í boði verður í bílnum er aðeins knúin rafmagni. Fyrsti jeppinn af slíkri gerð verður kynntur af Tesla á þessu ári og hefur sá bíll fengið nafnið Tesla Model X. Audi Q8 verður hins vegar ekki kynntur til sögunnar fyrr en árið 2017, en sá bíll á að slá út Tesla Model X. Hann á að komast 600 kílómetra með fullri rafhleðslu og vera ennþá sprækari en Tesla Model X. Audi Q8 e-Tron mun fá sömu rafmótora og rafgeyma og verða í Audi R8 e-Tron, sem einnig verður framleiddur. Audi Q8 verður 7 manna bíll líkt og Tesla Model X og því eru um stóra bíla að ræða.

Audi Q8 verður einnig framleiddur með hefðbundnum brunavélum og eru vélarkostirnir V6-bensínvélar sem skila 230 og 300 hestöflum, 3,0 lítra dísilvél sem er 250 hestöfl, 4,2 lítra dísilvél sem er 400 hestöfl og tveggja forþjappa 4,0 lítra bensínvél sem orkar 550 hestöflum og verður hún í S-kraftaútgáfu Q8-bílsins. Audi ætlar einnig að framleiða Audi TT e-Tron-bíl, en hann verður tvinnbíll með 2,0 lítra bensínvél og tveimur rafmótorum, en samtals skila þessar aflrásir 402 hestöflum. Sá bíll mun komast fyrstu 50 kílómetrana á rafmagninu einu saman og því mun hann ekkert menga í bæjarakstri, en hefur bæði krafta í kögglum og kemst hvert á land sem er.



Nokkrir þessa ættu að komast í hendur nýrra eigenda í ár.

# BÍLASALA Í EVRÓPU TOSAST UPP

## Jókst um 7% í Þýskalandi í janúar

Bílasala í Evrópu hefur minnkað 6 ár í röð, en nú eru blikur á lofti um að hið sjöunda sé ekki í nánd. Janúar byrjaði á jákvæðu nótunum og til dæmis jókst bílasala í Þýskalandi um 7% frá árinu áður. Þar voru skráðir 206.000 nýir bílar og var þetta fimmti mánuðurinn í röð þar sem bílasala þar eykst milli ára. Það sem sparkaði sölunni áfram voru góð tilboð bílaframleiðendanna og því fylgir ef til vill ekki mikill ávinningur þessari bættu sölu. Heildarsala bíla í fyrra í Þýskalandi var 2,95 milljónir bíla en spáð er 3 milljóna bíla sölu í ár, sem er innan við 2% aukning.

Salan í Frakklandi jókst um 0,5% í janúar og nam 125.477 bílum. Salan á Ítalíu jókst um 3% og þar seldust 117.802 bílar. Þar er salan þó á pari við bílasölu á seinni hluta áttunda áratugar síðustu aldar, svo þar er enn langt í land að bílasala teljist eðlileg. Salan á Spáni jókst um 7,6% og seldust 53.436 bílar en aukningin þar er helst drifin áfram af aðgerðum ríkisstjórnarinnar, sem greiðir kaupendum fyrir að henda eldri bílum. Spáð er 3% aukningu í bílasölu í vesturhluta Evrópu og að hún verði 11,85 milljónir bíla. Það er ekki nema um 14% af þeirri bílasölu sem áætluð er í öllum heiminum í ár.

BÍLAR
www.visir.is/bilar
Umsjón blaðsins: Finnur Thorlacius, finnurth@365.is
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf. Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Auglýsingar: Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbirgir@365.is, Sími 5125432
Hönnun: Silja Ástþórsdóttir, siljaa@frettabladid.is

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




## Nýr SKODA Octavia

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) valdi **ŠKODA Octavia** bíl ársins á Íslandi 2014. Auk þess að vera sigurvegari í flokki stærri fólksbíla fékk **ŠKODA Octavia** hæstu einkunn af þeim níu bílum sem öttu kappi í lokaúrslitunum. Þessi úrslit ættu ekki að koma Octavia-eigendum á óvart, enda hefur það sýnt sig að **ŠKODA Octavia** er með allra hagkvæmustu, öruggustu, þægilegustu og sparneytnustu bílunum í sínum flokki. Það kemur því ekki á óvart að **ŠKODA Octavia** var mest seldi bíll á Íslandi árið 2013.

BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2014
BÍLABLAÐAMANNA

## ŠKODA Octavia kostar frá 3.790.000,-

3,8 — Eyðsla frá 3,8 l/100 km

99g — $CO_2$ frá 99g/km

ÖRYGGI — 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNcap

---

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði


Hún er nett en afar öflug, Formúlu 1-vélin, frá Renault sem verður í þriðjungi kappakstursbíla ársins.

# Þriðjungur Formúlu 1-bíla knúinn vélum frá Renault

Það er oft áhugavert að skoða hver viðtekin sannindi eru álitin í tilteknum samfélögum. Á Íslandi er bílamarkaðurinn mjög frábrugðinn þeim sem er á meginlandi Evrópu. Bílar frá Asíu eru t.d. mjög vinsælir á Íslandi auk þess sem bandarískir pallbílar hafa átt upp á pallborðið. Á meginlandi Evrópu er þessu þveröfugt farið, en þar ráða evrópskir bílar lögum og lofum. VW, Peugeot (PSA-samsteypan) og Renault eru þar fremstir og hefur Renault framleitt vélar fyrir Nissan, Dacia og Mercedes-Benz og síðast en ekki síst þriðjung Formúlu 1-liðanna fyrir árið 2014.

Í ár hefur Alþjóðaakstursíþróttasambandið FIA breytt reglum um vélar eina ferðina enn. 2,4 lítra V8-vélarnar sem áður voru notaðar verða ekki leyfðar lengur hjá FIA þar sem nýju reglurnar kveða á um 1,6 lítra V6 vélar með tveimur túrbínum. Renault hefur hannað vél sem uppfyllir skilyrði FIA og er hún mikið undraverk. Hún getur snúist upp í 15 þúsund snúninga og nýtir endurnýtingarkerfi með tveimur rafmagnsmótorum sem í heild skilar 160 hestöflum til viðbótar við þau 600 sem bensínvélin framleiðir.

### Aukið afl miklu meiri sparnaður

Afl nýju V6-vélarinnar er meira en afl hinnar stærri V8-vélar sem áður var notuð. Það skiptir máli ásamt því að bílaframleiðendur þurfa að byggja kappakstursvélarnar á tækni sem er aðgengileg fyrir fólksbíla. Gríðarlegur kostnaður fer í rannsóknir og þróunarvinnu þar sem hver vél kostar 20 milljónir evra. Því er mikil áhersla lögð á að þróa eiginleika sem ýta undir sparneytni og endingu – jafnvel í Formúlu 1-vélum – en sú tækni nýtist háþróuðustu vélunum sem eru fáanlegar fyrir Renault-fólksbíla.

Formúlu 1-vél Renault fyrir næsta keppnistímabil þarf að uppfylla gríðarlega strangar kröfur. Hún má aðeins nota 100 lítra af eldsneyti við aðstæður þar sem 760 hestöfl vinna á hámarkssnúningi í hátt í tvo tíma og meðalhraðinn er fast að 250 km/klst. Kappaksturinn í sumar á eftir að verða spennandi enda þurfa 100 lítrar af eldsneyti að endast heila keppni og hver ökumaður mun aðeins fá fimm vélar á keppnistímabilinu. Það er því ljóst að það mun reyna meira á vélarnar en nokkru sinni fyrr. Eldsneytissparnaðurinn er 35% meiri en á síðasta keppnistímabili svo að verkefnið sé sett í eitthvert samhengi.


„Rain-X og ryðvörnin eru inni í línunni hjá okkur," segir Páll Magnússon hjá Löðri.

# LÖÐUR BÆTIR VIÐ RYÐVÖRN Í ÞVOTTINUM

## Myndar filmu á undirvagninum sem ver bílinn fyrir vatni, salti og öðrum ætandi efnum.

Hjá bílaþvottastöðinni Löðri er nú boðið upp á ryðvörn á undirvagni bíla samhliða þvotti. „Við erum að bæta við sérstöku ryðvarnarefni sem verður sprautað undir alla bíla í undirvagnsþvotti. Þetta efni mun ryðverja bílana að neðan sem er auðvitað gríðarlega mikilvægt í viðhaldi bíla. Ryðvörnin er nýjung hjá okkur og mér skilst að við séum fyrsta þvottastöðin sem býður upp á slíkt hér á landi," segir Páll Magnússon hjá Löðri en fyrirtækið býður nú upp á ryðvarnarþvott í svampþvottastöðinni á Fiskislóð 29.

„Þetta er hágæðaefni sem myndar vörn á undirvagn bílsins. Efninu er sprautað undir bílinn og þá myndar það nokkurs konar filmu sem ver bílinn fyrir vatni, salti og öðrum ætandi efnum sem valda ryði og tæringu. Við verðum fyrst um sinn með þessa ryðvörn í svampþvottastöð okkar á Fiskislóðinni en munum síðan bæta þessu við á allar aðrar þvottastöðvar okkar á höfuðborgarsvæðinu," segir Páll. Þetta er enn ein viðbótin í flóruna hjá Löðri en fyrirtækið hefur á undanförnum mánuðum boðið upp á Rain-X sem yfirborðsvörn á allan bílinn.

„Rain-X er sannkallað undraefni sem verndar bílinn, hrindir óhreinindum frá, eykur útsýni og öryggi í umferðinni. Rain-X og ryðvörnin eru inni í línunni hjá okkur og viðskiptavinir borga bara sama verð og venjulega þegar þeir fara með bílinn í þvott hér í svampburstastöðinni á Fiskislóð," segir Páll og bætir við að hann hafi fengið mjög góð viðbrögð frá fjölmörgum viðskiptavinum. Hann segir að Rain-X hjálpi líka til við að stöðva ryðmyndun og auka endingu á lakki. „Efnið stöðvar ryðmyndun á jafnvel illa förnum bílum. Það kemur vissulega ekki í staðinn fyrir lakkhúð en heldur því í skefjum og eykur endingu á lakki í raun út í hið óendanlega ef það er notað reglulega," segir Páll.

# BESTU BÍLARNIR Í ENDURSÖLU

## Toyota-bílar eru fyrirferðarmiklir á lista þeirra bestu, en Mazda-, Porsche- og Volkswagen-bílar koma einnig vel út.

Flestir þeir sem kaupa sér nýja bíla velta fyrir sér hversu góðir þeir eru í endursölu, því einhvern tíma kemur að því að selja þá. Það sem skiptir máli við endursölu er hversu margt hefur bilað og hve miklir annmarkar eru á bílnum eftir tiltekinn árafjölda. Bílatímaritið Auto Bild gerði viðamikla könnun á því hversu mikla annmarka var að finna á 217 bílgerðum eftir mismörg ár. Segja má að sigurvegarinn í heild í þessari könnun sé Toyota en Toyota á alls 15 bíla á topp 10 lista þeirra 5 aldursflokka bíla sem kannaðir voru. Enginn annar framleiðandi kemst nálægt Toyota hvað fjölda bíla varðar á lista þeirra efstu, en Mazda, Porsche og Volkswagen eiga sex bíla á listanum og Audi og Mercedes Benz fjóra bíla hvort. BMW á einungis einn bíl á listanum. Franskir og ítalskir bílar koma illa út úr þessari könnun og bílgerðirnar Chrysler PT Cruiser og Dacia Logan afleitlega.


Bílar frá Toyota standa vel í samanburði við aðra þegar kemur að endursölu.

### Opel Meriva og Toyota Prius bestir þeirra yngstu

Í flokki bíla sem eru tveggja til þriggja ára stóð Opel Meriva efstur á palli, en í öðru sæti var Mazda2 og Toyota iQ í því þriðja. Þessi árangur Opel Meriva-bílsins er athyglisverður í ljósi þess að enginn annar bíll frá Opel náði á topp 10 listann í öllum 5 aldursflokkunum. Neðstu þrír bílarnir í þessum flokki reyndust vera Citroën C4, Fiat Panda og Dacia Logan og var Logan þeirra lægstur. Í flokki bíla sem eru fjögurra til fimm ára er Toyota Prius sigurvegarinn, Ford Kuga í öðru sæti og Porsche Cayenne og Volkswagen Golf Plus eru jafnir í því þriðja. Neðstu bílar í þessum flokki voru svo Fiat Dobló, Citroën C4 og þeirra allra neðstur var aftur Dacia Logan. Greinilega ekki góður bíll þar á ferð, en ódýr.

### Porsche og Toyota sigurvegarar eldri flokkanna

Í flokki sex til sjö ára bíla stendur Toyota Prius aftur efst á blaði, Porsche 911 í öðru sæti og Mazda2 í því þriðja. Neðstu bílarnir í þessum aldursflokki voru Dacia Logan, Fiat Dobló og þeirra allra neðstur var Chrysler PT Cruiser. Í flokki átta og níu ára bíla trónir Porsche 911 efstur, en næstir honum koma Toyota Corolla Verso og Toyota RAV 4. Ekki slæmur dómur á Toyota-bíla þar, en Toyota Avensis náði einnig fimmta sætinu í þessum aldursflokki bíla. Neðstir í flokknum voru Chrysler PT Cruiser, Fiat Dobló og allra neðstur Mercedes Benz M-Klasse. Í elsta flokknum sem kannaður var, flokki tíu til ellefu ára bíla, er Porsche 911 aftur efstur á blaði, en aftur á Toyota næstu tvo, þ.e. Toytoa RAV 4 og Toyota Corolla. Neðstir í þessum flokki voru svo bílarnir Fiat Stilo, Ford Galaxy og allra neðstur Chrysler PT Cruiser.


Vinsældir Volkswagen Caddy í sjö manna fólksbílaútfærslu aukast stöðugt.

# Volkswagen vinsælustu vinnubílarnir á Íslandi

Undanfarin ár hefur Volkswagen verið stærsta merkið í sölu atvinnubifreiða hér á landi og var árið 2013 þar engin undantekning. Árið 2012 var opnaður sérsýningarsalur fyrir VW-atvinnubíla þar sem lögð er áhersla á persónulega þjónustu fyrir viðskiptavini. Salan hefur aukist jafnt og þétt og seldist alls 251 bíll á síðasta ári hjá VW-atvinnubílum. Á síðasta ári var hlutdeild atvinnubíla Volkswagen um 36% í sínum flokki, að meðtöldum fólksbílaskráningum, og hefur hlutdeildin aldrei verið meiri.

Einn af þessum bílum, VW Caddy, hefur verið mest seldi atvinnubíll á Íslandi undanfarin ár í sínum flokki. Vinsældir hans byggjast á hagkvæmum rekstri, góðu þjónustueftirliti og háu endursöluverði. Mjög góð reynsla er af notkun VW Caddy hér á landi enda hefur reynslan sýnt að bílarnir þola mikið álag. VW Caddy fæst með sjö gíra sjálfskiptingu og 4Motion-drifkerfi. Hægt er að fá bíla í staðlaðri lengd, sem og langa bíla. Fjölbreyttar vélarútfærslur bjóðast, þ.e. bensín, metan og dísil. Bílarnir eru búnir nýjum kynslóðum véla þar sem ekki þarf að skipta um tímareim fyrr en eftir 210.000 km.

VW Caddy er að verða sífellt vinsælli í sjö manna fólksbílaútfærslum enda hagkvæmur kostur fyrir þá sem hafa þægindi og notagildi í fyrirrúmi. Þrátt fyrir að taka sjö manns í sæti státar bíllinn engu að síður af 530 lítra farangursrými. Sem dæmi um fjölbreytni í útfærslum á VW má nefna að nú er hægt að fá upphækkanir á fjórhjóladrifnum Caddy og Transporter og hafa bæði fyrirtækjum og einstaklingum nú þegar verið afhentir slíkir sérútbúnir bílar.




ENNEMM / SÍA / NM61476

## RENAULT CLIO – VERÐ FRÁ 2.390.000 KR.

Renault Clio er einn vinsælasti bíllinn á Íslandi. Þegar fallegt útlit, ríkulegur staðalbúnaður, úrval sparneytinna bensín- og dísilvéla, hagstætt verð og einstök ný „Dual Clutch“ sjálfskipting smellur saman er ástæðan augljós. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault Clio.

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

RENAULT
www.renault.is

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080










## BMW X5

**3,0 DÍSILVÉL, 258 HESTÖFL**
**Fjórhjóladrif**

**Eyðsla** 6,2 l/100 km í blönduðum akstri

**Mengun** 162 g/km CO2
**Hröðun** 6,9 sek.
**Hámarkshraði** 230 km/klst.
**Verð** 12.090.000 kr.
**Umboð** BL



Bíllinn sem tekinn var til kostanna er með 3,0 lítra dísilvél og sannarlega góður akstursbíll. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# SANNUR LÚXUSJEPPI SEM RÆ

## BMW X5 er ekki bara góður borgarjeppi heldur er hann líka fullfæ

**BMW X5**
**Finnur Thorlacius** Reynsluekur

Mest seldi bíllinn í heiminum í lúxusjeppaflokki er BMW X5 og hefur hann samtals selst í 1,3 milljónum eintaka. Það taldist því til tíðinda er þriðja kynslóð bílsins var kynnt nýlega og var hulunni svipt af bílnum hér á landi í Hörpu í síðasta mánuði. BMW X5 kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1999. BMW X5 er stærsti bíllinn í X-línu fyrirtækisins en bæði X1 og X3 teljast jepplingar en X5 jeppi. BMW X5 hefur gegnum tíðina selst þeirra best hér á landi, en hann kom líka þeirra fyrstur á markað og hentar líklega best hér við okkar aðstæður. BMW X5 er nú boðinn hér á landi með bæði 2,5 og 3,0 lítra dísilvélum, en mjög fáir lúxusjeppar seljast hér á landi með bensínvélum.

### Snotrari en ekki mikið breyttur útlitslega

Prófaður var X5 með 3,0 lítra dísilvélinni og er þar sannarlega góður akstursbíll á ferð. Ekki hafa verið gerðar mjög róttækar útlitsbreytingar á bílnum frá síðustu kynslóð, en það er heldur ekki þörf á að breyta miklu í því sem þykir fallega hönnun. Þó eru þær breytingar sem gerðar hafa verið allar til bóta og línur allar orðnar skarpari. Vart var að finna beina línu í forveranum en nú streyma þær um bílinn og ljá honum enn kraftalegra útlit. Mesta breytingin er að framan, þar er hann beinni og brattari og með stærra grill. Að innan er bíllinn snotur, en slær ekki út samkeppnina í fegurð. Efnisval er gott, sem og skipulag. Auðvelt er að eiga við stjórntækin og bílinn er vel hlaðinn af þeim eins og eðlilegt má teljast með lúxusbíl.

### Léttari, öflugri og sparneytnari

Bíllinn hefur lést um 90 kíló og er það einkum vegna notkunar meira hástyrktarstáls. Vélin er auk þess öflugri, skilar nú 258 hestöflum. Hún er ári spræk og bíllinn er fyrir vikið með hálfgerða sportbílahröðun og er hann ekki nema 6,9 sekúndur í hundraðið, 0,7 sekúndum sneggri en forverinn. Það er ári gott fyrir jeppa. Það sem skiptir jafnvel meira máli er að þessi nýja vél er 17% sparneytnari en í fyrri gerð bílsins og mengar 33 g/km minna. Við vélina er tengd átta þrepa sjálfskipting sem er hrikalega fljót á milli gíra og virðist alltaf í réttum gír. Ekkert finnst fyrir skiptingunum og þarf eiginlega að horfa á snúningshraðamælinn til að finna út hvenær hún er að skipta. Sama á um vélina, vart heyrist í henni ef ekki er tekið verulega á henni, en þegar stigið er rösklega á gjöfina er hljóðið frá henni sannarlega fallegt og gleður ökumann mjög. Hægt er að stilla samþættingu vélar, skiptingar og fjöðrunar eftir ætluðu aksturslagi. Velja má á milli „Eco, Normal og Sport“-stillinga og spara með því eldsneyti eða fá snarpari viðbrögð bílsins, allt eftir ósk ökumanns. Gaman var að reyna þetta og fyrir mismuninum fannst mjög greinilega. Í talsvert löngum reynsluakstri bílsins var hann að meðaltali með 9,3 lítra á hundraðið, sem er býsna gott fyrir svo stóran bíl. Taka þarf tillit til þess að vel var tekið á bílnum.

### Lék sér að skíðabrekku

BMW X5 var reyndur í skíðabrekkunum í Skálafelli við sjónvarpsþáttagerð og þar kom svo ánægjulega í ljós að X5 er ekki bara góður borgarjeppi heldur fullfær um að glíma við snjó og mjög erfiða færð. Hann er ótrúlega duglegur að klifra og fjórhjóladrif bílsins virðist alveg frábært. Hann stóð sig betur en tveir aðrir bílar sem með voru í för og fór hæst upp brekkuna sem reynd var í moksnjó. Ekki er víst að fyrri kynslóðir bílsins hefðu gert það en nú er X5 orðinn hinn ágætasti torfærubíll auk þess að vera einstaklega lipur á malbikinu. Gott X-drive-fjórhjóladrifið getur sent allt aflið aðeins til eins hjóls ef það er það eina sem hefur grip og svo snöggur virðist hann að dreifa átakinu að hann fær fátt stöðvað í að ösla snjóinn, stundum á afar litilli ferð, en áfram fer hann samt. Þetta var frábært að prófa á þessum bíl og hafi verkfræðingar BMW hrós fyrir. BMW X5 með minni dísilvélinni er nú boðinn á flottu verði, um 10,4 milljónir en bíllinn sem prófaður var, með 3,0 lítra öflugri dísilvélinni er nokkru dýrari, eða um 12,1 milljón. Samkeppnisbílar BMW X5 eru Audi Q7, Mercedes Benz ML, Land Rover Discovery LR4 og Porsche Cayenne. Allir eru þeir dýrari, en enginn þeirra er þó með eins litla dísilvél og þá minni sem býðst í þessum bíl og nær að bera saman verð á bílnum með stærri dísilvélinni, en þá er BMW X5 samt þeirra ódýrastur. Vel boðið þar.



**KEMUR Á ÓVART**
**Bíllinn er ótrúlega duglegur að klifra og fjórhjóladrif hans virðist alveg frábært. Bíllinn stóð sig afar vel í prófunum í skíðabrekkunum í Skálafelli.**

- Flutningsrými
- Innrétting

- Aksturseiginleikar
- Öflug vél
- Torfærugeta









**Ekki hafa verið gerðar mjög róttækar útlitsbreytingar á X5 milli kynslóða, enda ekki þörf á að breyta miklu í því sem þykir falleg hönnun.Breytingar sem gerðar hafa verið eru þó allar til bóta.**

# ...EÐUR VIÐ TORFÆRUR

...r um að glíma við margvíslegar erfiðar akstursaðstæður.



**HEIMSKAUTAJEPPI TEKINN ÚT** Sérstök áhersla var lögð á breytta jeppa á 33 til 44 tommu dekkjum á jeppasýningunni á laugardag. MYND/TOYOTA

# Gestir voru um fjögur þúsund á sýningu Toyota um helgina

Rúmlega fjögur þúsund gestir sóttu Toyota heim í Kauptúni í Kópavogi á laugardag þar sem fram fór árviss jeppasýning fyrirtækisins í sýningarsal og utandyra. Á staðnum mátti sjá mikið úrval bæði nýrra og eldri Toyota-jeppa. Meðal annars var þarna til sýnis sérútbúinn sex hjóla Toyota Hilux-jeppi sem Arctic Trucks hefur breytt og gert kláran til heimskautaferða.

# Zanardi snýr aftur með BMW

Líf Alessandros Zanardri umturnaðist á EuroSpeedway í Lausitz 15. september 2001. Hann hóf keppni aftarlega á ráslínu og þurfti því að vinna sig upp í efri sæti og það var einmitt í þeirri baráttu þegar Alex, eins og hann er venjulega kallaður, lenti í árekstri við Patrick Carpentier eftir að hafa snúið bílnum. Alex hefði getað sloppið því höggið af bíl Carpentiers var ekki mikið en aðvífandi bíll Alex Tagliani lenti þversum á bíl Zanardis með þeim afleiðingum að hann missti báða fætur og þrjá fjórðu af blóði sínu. Það var aðeins fyrir skjót viðbrögð læknateymisins á brautinni að það tókst að bjarga lífi hans.



**ALEX ZANARDI**

Alex Zanardi er hins vegar ekki maður sem gefst auðveldlega upp og aðeins tveimur árum eftir þetta alvarlega slys var hann farinn að keppa á ný, m.a. á brautinni þar sem hann týndi næstum lífinu. Þar ók hann á allt að 310 km/klst. hraða þrátt fyrir fyrri reynslu.

BMW hefur stutt dyggilega við bakið á Zanardi, sem hóf árið 2005 að keppa fyrir hönd BMW. Alex er nú kominn aftur í ökumannssætið á BMW Z4 GT3 sem hefur verið breytt fyrir hann. Búast má við að Alex nái góðum árangri enda hefur hann nokkrum sinnum náð á verðlaunapall þrátt fyrir að þurfa að aka með allt öðrum hætti en aðrir keppendur. Mótaröðin fer af stað 21. apríl og verður hún kennd við Blancpain GT Sprint.




**„Vanabindandi akstursánægja“**

**Ford Focus.**
**5 dyra frá 3.490.000 kr.**
**Station frá 3.640.000 kr.**

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 145.000 kr. öllum Ford Focus í febrúar. Nýttu tækifærið.

Prófaðu vinsælasta bíl í heimi búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð. Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni 5,0 l/100 km og lágt $CO_2$ 114 g/km.

Komdu og prófaðu Focus. Tryggðu þér eintak.




50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með aksturstölvunni fylgist þú með með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

**SKODA OCTAVIA VRS**

**2,0 BENSÍNVÉL MEÐ FORÞJÖPPU, 220 HESTÖFL**
**Framhjóladrif**
**Eyðsla** 6,4 l/100 km í blönduðum akstri

**Mengun** 149 g/km CO2
**Hröðun** 7,1 sek.
**Hámarkshraði** 241 km/klst
**Verð** 5.680.000 kr.
**Umboð** Hekla

- Lág veghæð
- Framsæti mættu halda betur við

- Akstureiginleikar
- Afl
- Innrétting
- Rými

# SPORTKERRA OG FJÖLSKYLDUBÍLL

## Sameinar sportbílaeiginleika, notagildi og gott verð og er stórskemmtilegur í akstri.

**REYNSLUAKSTUR – SKODA OCTAVIA VRS**
**Finnur Thorlacius** reynsluekur

Bíll sem sameinar sportbílaeiginleika, notagildi og gott verð hlýtur að eiga erindi á bílamarkaðinn. Svona mætti í fáum orðum lýsa Skoda Octavia vRS-bílnum, en hann er kraftaútgáfa af þessari söluhæstu bílgerð landsins. Grunnhugsunin bak við gerð hans er eins og Golf GTI, nema að Skoda Octavia vRS er talsvert stærri bíll, alveg fullvaxinn fjölskyldubíll og með gríðarstórt skott. Nú er Octavia og vRS-útgáfa hans af glænýrri kynslóð, þeirri þriðju. Octavia vRS hefur verið í boði í langan tíma hjá söluaðila Skoda á Íslandi, Heklu, og allmargir þeirra sjáanlegir á götum landsins. Það sem greinir vRS útgáfu Octavia frá hefðbundinni gerð, er helst mun öflugri vél, stífari fjöðrun, enn glæsilegri innrétting og vel greinanleg ytri útlitsbreyting, meðal annars stórar og flottar felgur. Einnig er öllu meiri staðalbúnaður í vRS, meðal annars nálgunarvari, Bluetooth-símtenging og tvöföld hitastýrð miðstöð.

### Bæði bensín- og dísilútgáfa vRS

Skoda býður ekki aðeins Octavia vRS sem bensínbíl, heldur einnig með dísilvél og fetar þar í fótspor Volkswagen Golf sem fæst ekki bara í GTI-útfærslu, heldur einnig GTD með dísilvél. Það sem Skoda gengur þó lengra með en Volkswagen er að fá má báðar gerðirnar í langbaksútgáfu. Er þá kominn einn notadrýgsti bíll sem kaupa má í formi sportbíls. Eins og er má skoða báðar þessar gerðir í Heklu, þ.e. fólksbílaútgáfuna með bensínvél og langbaksútgáfuna með dísilvél. Bensínvélin er 2,0 lítra TSI með forþjöppu, 220 hestöfl, en dísilvélin er einnig 2,0 lítra með forþjöppu en 184 hestöfl. Báðir eru bílarnir fjári sprækir, bensínbíllinn er 6,8 sekúndur í hundraðið, en dísilbíllinn öllu seinni, eða 8,1 sekúndu. Verð bensínbílsins er frá 5.680.000 kr. og dísilbílsins 5.290.000 kr.

### Mjög skemmtilegur akstursbíll

Reynd var bensínútgáfa Octavia vRS og var það hinn skemmtilegasta upplifun. Fyrir það fyrsta vakti bílinn alls staðar mikla aðdáun og flestra augu beindust að honum á ljósum, eða í raun hvert sem hann fór. Þó sá það fólk ekki inn í bílinn, en hann er hinn glæsilegasti er inn er komið. Rauðstagað svart leður ræður þar ríkjum, falleg og sportleg framsæti sem halda þó ekki nema miðlungsvel um ökumann og stílhreint mælaborð sem ekki er ofhlaðið en þar finnst þó hæglega allt það sem skiptir máli. Rými fyrir aftursætisfarþega er eiginlega stórbrotið eins og eigendur hins nýja Octavia geta vitnað um. Bæði höfuðrými og þó sérstaklega fótarými er eins og í stórum lúxusbílum. Ekki þarf svo að tíunda mikið hið stóra farangursrými sem í bílnum er, 609 lítrar og skýtur þessi bíll öllum ref fyrir rass í þeim efnum. Það er risastórt og frábært að búa að slíku í sportbíl, hreinlega leit að öðru eins. Uppgefin eyðsla í þéttbýli er 8,1 lítri en í frískum reynsluakstri var hann með 9,5 lítra.

### Frábært aftursætis- og skottrými

Eins og við má búast hjá stóru Volkswagen-fjölskyldunni er ansi margt sameiginlegt í Octavia vRS og Volkswagen Golf GTI, þ.e. helst undirvagn bílsins. Líkt og með Golf GTI er Octavia vRS nokkru lægri á götu en venjuleg Octavia og verður það að teljast einn af fáum ókostum bílsins fyrir íslenskar aðstæður. Á móti kæmi þó að meiri hæð myndi skemma akstureiginleikana, sem er sannarlega góðir. Ferlega gaman er að leggja mikið á bílinn, þ.e. vélina og í beygjum. Hann hefur gríðargott veggrip og hallast afar lítið þó lagt sé mikið á. Ekki fékkst þó það albesta úr bílnum þar sem hann var á gröfum og frekar hörðum vetrardekkjum sem fyrir vikið heyrðist mikið í. Víst er að bíllinn væri ennþá skemmtilegri á mýkri sumardekkjum. Nægni í stýri er gott og tilfinning fyrir vegi til fyrirmyndar. Mjög fannst fyrir því að um sportbíl var að ræða hvað það varðar að hann eltir rásirnar í mjög svo gröfnum götum borgarinnar og rétt að hafa báðar hendur á stýri til að missa bílinn ekki um of í rásunum. Samanburður við aðra bíla er helst í formi Volkswagen Golf GTI en önnur umboð en Hekla hafa að undanförnu ekki boðið sportútgáfur bíla sinna. Ford Focus ST, Honda Civic Type-S, Renault Clio og Megan RS sem og Subaru Impreza WRX eru sannarlega bílar sem falla í sama flokk, en eru ekki í boði sem stendur. Verð Octavia vRS er sýnu lægra en á Golf GTI og því ætti smekkur og þörf fyrir pláss að ráða hvor þeirra höfðar betur til hvers og eins.



Skoda Octavia vRS er kraftaútgáfa af þessari söluhæstu bíltegund landsins og þykir sameina sportlega eiginleika, notagildi og gott verð. Bíllinn fæst bæði með bensín- og dísilvél. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Rauðstagað svart leður ræður ríkjum inni í bílnum. Aftur í er rýmið stórbrotið.



Framsæti heldur ekki nema miðlungsvel um ökumann, en mælaborðið er stílhreint.



Bíllinn er allur hin glæsilegasti að innan.



Farangursrýmið er einstaklega rúmgott í bílnum.

FIND NEW ROADS™

CHEVROLET






# FÁÐU MEIRA...







Bíll á mynd: Chevrolet Spark LTZ

**1.736.000.-**

## SPARK ER ÖRUGGASTUR*

Chevrolet Spark LS er öruggur og með flottan staðalbúnað, en jafnframt á sérlega hagstæðu verði. Þess vegna hvetjum við þig til að gera samanburð á verði og búnaði bíla í sama flokki og fá meira fyrir peninginn.

- Samlæsing
- 6 loftpúðar
- Útvarp, CD, Ipod og USB tengi
- ABS hemlalæsivörn
- Diskabremsur að framan
- ISOFIX öryggisfestingar
- Hæðastillanlegt bílstjórasæti
- Hiti í afturrúðu
- Dagljósabúnaður
- Frjókornasía
- Öryggisvari á bílbeltum

**Hluti af staðalbúnaði – sjá meira á benni.is**

2014 IIHS TOP SAFETY PICK+

*Bílaöryggisstofnun Bandaríkjanna IIHS, hefur kynnt niðurstöður sínar úr árekstraprófun smábíla fyrir árið 2014. Chevrolet Spark var eini smábíllinn sem stóðst hámarkskröfur stofnunarinnar "Top Safety Pick".

Opið alla virka daga frá 9 til 18
og laugardaga frá 12 til 16.
Verið velkomin í reynsluakstur.

**Nánari upplýsingar á benni.is**

| Reykjavík | Reykjanesbær | Akureyri |
|---|---|---|
| Tangarhöfða 8 | Njarðarbraut 9 | Glerárgötu 36 |
| Sími: 590 2000 | Sími: 420 3330 | Sími: 461 3636 |

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## Nissan Leaf er mest seldi bíllinn í Noregi það sem af er 2014

Rafbíllinn Nissan Leaf hefur vakið gríðarlega athygli í Noregi og hefur slegið í gegn á norðlægum slóðum frá því hann var kynntur þar árið 2011. Nissan Leaf er í dag mest seldi bíllinn það sem af er árinu í Noregi, með um 650 eintök seld. Það er um það bil 7% markaðshlutdeild og hefur salan aukist jafnt og þétt frá 2011 enda hefur framleiðandinn stutt sérstaklega við umboð á Norðurlöndunum, þar með talið BL á Íslandi, svo hægt sé að kynna bílinn sem er sérhannaður fyrir norðlægar slóðir.

**Íslendingar spenntir fyrir að prófa rafbíla**

Það hefur komið mörgum á óvart að Nissan Leaf hafi skotið bensín- og dísilbílum ref fyrir rass en ljóst er að bíllinn höfðar til mjög breiðs kaupendahóps í Noregi. Með stuðningi Nissan, sérhæfðu rafbílaverkstæði, víðtækri ábyrgð, tilhlýðilegum hleðslubúnaði og hitara á rafhlöðu ætti Nissan Leaf einnig að eiga góða möguleika á hinum íslenska markaði. BL hefur orðið vart við aukinn áhuga á rafbílnum enda hafa flestir bíleigendur ekki hugmynd um hvernig það er að aka rafmagnsbíl og þykir spennandi að prófa.



# BRIMBORG 50 ÁR Í BÍLGREININNI

## Bílaumboð, vörubíla- og vélaumboð, bílasala, bílaleiga og viðhalds- og viðgerðarþjónusta.

Árið 2014 markar merkileg tímamót í sögu Brimborgar því fyrirtækið fagnar 50 árum í bílgreininni en upphaf félagsins var bílaverkstæðið Ventill sem var stofnað árið 1964 af aðaleiganda Brimborgar. Á þessum 50 árum hefur félagið vaxið og dafnað og breyst í takt við tímann með áherslu á bætta þjónustu og hagræðingu til hagsbóta fyrir bíleigendur á Íslandi.

Í dag er Brimborg eitt öflugasta fyrirtæki landsins í innflutningi á farar- og flutningatækjum hvers konar, til atvinnurekstrar eða einkanota. Fyrirtækið rekur í dag bílaumboð, vörubíla- og vélaumboð, bílasölu, bílaleigu og víðtæka viðhalds- og viðgerðarþjónustu í hæsta gæðaflokki. Í tilefni þessara tímamóta munum við vera með ýmis tilboð fyrir viðskiptavini á árinu og höfum þegar byrjað árið af krafti í þeim efnum.

**Ventill markaði upphafið**

Vegferðin hófst með bílaverkstæðinu Ventli árið 1964 og þá voru starfsmenn fyrirtækisins tveir en stígandi vöxtur var í starfseminni og árið 1971 voru starfsmenn fyrirtækisins orðnir 12 talsins. Á einum tímapunkti í sögu fyrirtækisins voru seldar saumavélar en það var einmitt upp úr þeim samningum sem sala og dreifing Daihatsu-bifreiða frá Japan hófst árið 1977. Fjöldi starfsmanna var þá 27.

Rétt rúmum 10 árum síðar hófst innflutningur á bílum, trukkum, rútum, vinnuvélum og Penta-bátavélum frá Volvo. Árið 1995 var Ford-umboðið tekið yfir og komið á viðskiptasambandi við Ford í Evrópu og Ford í Ameríku. Á næstu árum óx fyrirtækið og dafnaði og opnaði meðal annars útibú á Akureyri.

**Á Bíldshöfða um aldamótin**

Um aldamótin voru höfuðstöðvar Brimborgar fluttar í nýtt 8.000 fermetra húsnæði við Bíldshöfða 6 í Reykjavík. Umboð fyrir bæði Mazda- og Citroën-bifreiðar bættust svo í hópinn á árunum 2000 til 2005. Með fjölgun erlendra ferðamanna var tekið upp samstarf við bandarísku bílaleigurnar Dollar og Thrifty en stuttu áður hafði Brimborg tekið yfir bílaleiguna Saga Car Rental. Mannauður hvers fyrirtækis er gríðarlega mikilvægur og þar hefur Brimborg miklu láni að fagna sem sést best á því að margir af 150 starfsmönnum hafa starfað hjá fyrirtækinu í yfir 20 ár og margir mun lengur. „Sú tryggð og þekking sem skapast af áratuga reynslu af faginu er ómetanleg í harðri samkeppni. Í tilefni þessara merku tímamóta viljum við þakka viðskiptavinum, samstarfsaðilum, starfsmönnum og öðrum hagaðilum fyrir samskiptin síðustu 50 ár. Við lítum björtum augum til framtíðar enda gríðarlega spennandi tímar fram undan í bílgreininni sem við hlökkum til að taka þátt í og kynna fyrir viðskiptavinum okkar,“ segir Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar.



Brimborg lítur björtum augum til framtíðar. Þar á bæ telja menn gríðarlega spennandi tíma fram undan í bílgreininni og eru fullir tilhlökkunar að taka þátt í henni.


# Gott úrval af notuðum bílum



**OPEL Vectra-C. Skr.** 12.2004, ekinn 97 Þ.KM, bensín, 5 gírar.

**Verð 790.000.**
100% kortalán mögulegt.



**SUZUKI Swift GL 4x4.** Skr. 05.2011, ekinn 46 Þ.KM, bensín, 5 gírar.

**Verð 2.090.000.**



**SUZUKI Grand Vitara Premium.** Skr. 06.2011, ekinn 40 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.

**Verð 4.190.000.**



**PEUGEOT 407 SR 2,0i.** Skr. 10.2005, ekinn 110 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli.

**Verð 990.000.**
100% kortalán mögulegt



**NISSAN X-Trail LE.** Skr. 04.2008, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.

**Verð 2.750.000.**



**TOYOTA Avensis Sol.** Skr. 05.2006, ekinn 156 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.

**Verð 1.490.000.**



**CHEVROLET Lacetti Station.** Skr. 05.2010, ekinn 67 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli, ný tímareim.

**Verð 1.690.000.**



**TOYOTA Rav4.** Skr. 09.2005, ekinn 140 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, dráttarbeisli, aukadekk og álfelgur.

**Verð 1.490.000.**



**TOYOTA Avensis EXE.** Skr. 12.2007, ekinn 88 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur, leður.

**Verð 2.290.000.**

SUZUKI

Suzuki bílar hf • Skeifan 17 • 108 Reykjavík • Sími 568 5100 • www.suzuki.is

**Komdu og skoðaðu úrvalið**








KIA
The Power to Surprise

Kia bílarnir hafa slegið í gegn á Íslandi eins og annars staðar. Kia Carens er **rúmgóður, sparneytinn og öruggur sjö manna fjölskyldubíll með framúrskarandi aksturseiginleika**, hannaður til að veita þér meira frelsi til að njóta stundanna með þínum nánustu.

**Komdu í Öskju og kynntu þér Carens og stórfjölskylduna frá Kia. Við tökum vel á móti þér.**

## Kaupauki með Carens: Tveir iPad og heilsársdekk

Nú fylgja **heilsársdekk** og **tvær 16 GB iPad spjaldtölvur með höfuðpúðafestingum** hverjum nýjum Kia Carens. Gildir til 1. apríl 2014.

Carens 1,7 dísil, beinskiptur 6 gíra

## Verð frá 4.890.777 kr.

Aðeins **49.900 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

ergo

*M.v. 1.980.000 kr. útborgun eða uppítökubíl að sambærilegu verðmæti og bílasamning ERGO í 84 mánuði. 9,7% óverðtryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 11,69%. Nánari upplýsingar á ergo.is.

Þú finnur „Kia Motors Ísland“ á Facebook

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 13-1202



Dýrgripurinn Ferrari 250 Testa Rossa.

## Seldist á 4,6 milljarða

Enn eitt nýtt metið í sölu gamalla dýrgripa í formi bíla var slegið nýlega er þessi Ferrari 250 Testa Rossa-bíll af árgerð 1957 seldist í Bretlandi. Þetta er þó ekki hæsta upphæð sem greidd hefur verið fyrir bíl, en engu að síður sú hæsta í Bretlandi. Svo virðist sem gamlir söfnunarbílar verði aðeins dýrari og dýrari svo ekki er víst að þetta sé svo slæm fjárfesting hjá þeim vellauðuga einstaklingi sem tryggði sér bílinn með þessari geggjuðu upphæð. Fyrir þetta fé hefði hann geta keypt 28 nýja La-Ferrari eða 128 F12 Berlinetta. Þessi Ferrari Testa Rossa-bíll keppti í Le Mans-þolaksturskeppninni árið 1957, en ökumanni hans tókst þó ekki að klára keppnina. Hann vann þó keppni í Buenos Aires í Argentínu og á Sebring-brautinni. Aðeins voru smíðaðir 34.250 Testa Rossa-bílar. Þessi bíll var í eigu Henry Ford Museum í 30 ár en var svo seldur árið 1997. Hann hefur ávallt fengið fullkomið viðhald og er eins og nýr, enda lítið ekinn. Ekki kemur fram hver er hinn nýi eigandi bílsins.

## Forval á bíl ársins í heiminum ljóst

Tilkynnt verður hvaða bíll hlýtur vegsemdina Bíll heimsins 2014 hinn 17. apríl í New York. Nú er ljóst hvaða bílar koma þar til greina. Einnig er sérstaklega kosið um lúxusbíl ársins, sportbíl ársins, grænasta bíl ársins og fallegasta bíl ársins. Þeir bílar sem komnir eru í úrslit í aðalvalinu eru Audi A3, BMW 4 Series, BMW i3, Cadillac CTS, Citroën C4 Picasso, Ford Mondeo, Infiniti Q50, Jeep Cherokee, Lexus IS, Mazda3, Peugeot 308 og Skoda Octavia. Ástæða þess að bílarnir í forvalinu eru nú 12 er sú að þrír bílar voru jafnir í tíunda sætinu. Á síðasta ári vann Volkswagen Golf þennan eftirsótta titil og Volkswagen Up þar áður. Nissan Leaf hafði sigur árið 2011. Í flokki lúxusbíla eru þessir bílar komnir áfram; Bentley Flying Spur, BMW X5, Cadillac ELR, Cadillac Escalade, Maserati Ghibli, Maserati Quattroporte, Mercedes-Benz S-Class, Porsche Macan, Range Rover Sport og Rolls-Royce Wraith.





Porsche Macan.

## Porsche gæti náð 200.000 bíla markinu

Tilkoma Porsche Macan-jepplingsins gæti gert það að verkum að Porsche næði því takmarki að selja 200.000 bíla á ári 3-4 árum fyrr en fyrri áætlanir Porsche hljóðuðu upp á. Porsche ætlaði að ná því takmarki árið 2018, en gæti jafnvel náð því í ár eða á næsta ári. Porsche þykist skynja mikla eftirspurn eftir Macan-bílnum, en hann fer í sölu í vor. Porsche áætlar að 50.000 eintök af Macan gætu selst á ári og þar sem Porsche seldi 162.145 bíla á síðasta ári gæti salan á þessu ári farið yfir 200.000 bíla. Sala á Cayenne-jeppa Porsche er langmest allra bílgerða sem Porsche framleiðir og áætlar Porsche að samanlögð sala á Cayenne og Macan gæti náð 64% af heildarsölu fyrirtækisins árið 2015 þegar sala á Macan hefur spannað heilt almanaksár. Porsche ætlar að framleiða fleiri gerðir Macan en þær tvær sem verða í boði í fyrstu og mun dísilútgáfa og tvinnbílsútgáfa af honum verða í boði í kjölfarið. Á það einungis eftir að auka sölu á bílnum, að mati Porsche. Ódýrari útgáfa Macan, sem þó er 340 hestöfl, mun kosta 51.095 dollara í Bandaríkjunum, eða um 5,9 milljónir króna.




Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
• Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið
Suðurhraun 3, 210 Garðabær

# smáauglýsingar FRÉTTABLAÐIÐ

smaar@frettabladid.is / visir.is

**512 5000** Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**

Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝ A-LINER SOFA BED**

ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 4 stk í boði, Verð 2.690.000kr og 2 stk M/Geymslukassa 2.890.000kr, Er í salnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 11-15**
**http://www.isband.is**

HEKLA REYKJANESBÆ



FORD Explorer xlt 4wd. Árgerð 2005, ekinn 89 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.590.000. Rnr.120454.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**



VW Crafter (Sprinter) árg.'07, ek. 112þús.km., sk.'15, millilangur, háþekja, góð dekk, góð þjónustubók, verð kr. 2.980.000,- gsm. 821-6292.



VW Transporter árg.'08, diesel 2,5 sjálfskiptur, olíumiðstöð, dráttarkúla, ek. 152þús.km., 6 dyra, þjónustubók, sk.'15, verð kr. 2.720.000,- 100% lánað, gsm. 821-6292.



Kia 2500 diesel árg.'05, vinnuflokkabíll, 6 manna, ek. 95 þús.km., sk.'15, verð kr. 1.090.000,- 100% lánað, gsm. 821-6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

bilauppbod.is

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

### Bílar til sölu




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000



WV póló árg 2001 1,4 vél ek 174 þús skoð 2015 góður bíll verð 345 þús gsm 8682352

### 500-999 þús.



**SPARIBAUKUR EK AÐEINS 28 ÞÚS!**

FORD KA 1,3 árg 2007 ekinn aðeins 28 þús km frá upphafi, ný skoðaður 2015, heilsárs og sumar dekk, beinsk, eins og að keyra nýjan bíl! verð 790 þús möguleiki á 100% láni s.841

### Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-300 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 500 ÞÚS.STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 500þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bílinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

### Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

### Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
RENAULT ILADE Árgerð: 2003 Sætafjöldi: 55+1 Skrásetningarnúmer: LL-132
**Fleiri rútur og frekari upplýsingar á vefsíðu; hópbílar. is Upplýsingar veitir Ágúst á skrifstofutíma s. 8220073**

### Hjólhýsi



**HOBBY HJÓLHÝSI STÓRSPARNAÐUR!**
Keyptu beint frá Evrópu.
Við aðstoðum þig.
Allar fyrirspurnir sendist á: kriben@simnet.is

### Vinnuvélar




### Bílaþjónusta




### Hjólbarðar




**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

### Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum flestar tegundir bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www. japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

### Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852.

## ÞJÓNUSTA

### Pípulagnir

**VANTAR ÞIG PÍPARA ?**
Getum bætt við okkur verkefnum, viðgerðir, viðhald og nýlagnir. Vönduð vinnubrögð. Tilboð/tímavinna. Uppl. í s. 869 4808 Heimslagnir ehf.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

### Garðyrkja

**Garðaþjónusta Íslands ehf**
**www.garda.is**
**Vönduð vinnubrögð**
**Róbert S. 866 9767**

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA**
Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald




**DREN OG KLÓAKLAGNIR!**
Tökum að okkur endurnýjun á dren og klóaklögnum ásamt almennri jarðvinnu. Uppl. 869 1700/868 4043. jardlausnir@gmail.com

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Spádómar




### Rafvirkjun




**AH-RAF**

Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.

### Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

### Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.




## KEYPT & SELT

### Til sölu



**8 FETA BILLIARDBORÐ**
Glænýtt billiardborð 8 fet. 24 mm marmaraplata. Svart. Dúkur fylgir með. Kostar nýtt; 850. fæst á hálfvirði. Ármann Sími: 777 2002

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

### Verslun



**WE-VIBE II, III OG IV**
Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar o.fl. 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró. Sendum um allt land. www.hush.is

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

### Nudd

**VALENTÍNUSARTILBOÐ Á TANTRA NUDDI**
20% afsláttur til 1. mars. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

## fundir / mannfagnaður

# Aðalfundur 2014

*Aðalfundur Rauða krossins í Mosfellsbæ verður haldinn í Rauðakrosshúsinu, Þverholti 7, þriðjudaginn*

*4. mars kl. 20.00*

**Dagskrá:** venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál.

**Fundarseta er öllum heimil.**
**Félagsmenn hvattir til að mæta.**

**Rauði krossinn**
Mosfellsbæ

## fasteignir

### Þingholt / Landakotstún

Óska eftir að kaupa glæsilegt húsnæði í Þingholtunum eða á Landakotstúninu, a.m.k. 2 svefnherbergi.
Verðhugmynd 50 - 100 mill.

**Tilboð sendist á: tjonusta@365.is**

TRAUSTI fasteignasala

### Álfkonuhvarf 65




**OPIÐ HÚS í dag, þriðjudaginn 18. feb. kl. 17.30 - 18.00.**

Falleg og björt 3 herbergja íbúð á 1. hæð í góðu húsi við Álfkonuhvarf í Kópavogi. Sér inngangur og útgengt út á góðan pall. **Stærð. 78.7 fm Verð. 25.5 millj.**

*Kristján Baldursson hdl.og lögg. fasteignasali*

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

# Fasteignir.is
## -Nú með Fasteigna-App

### Fáðu Fasteigna-Appið í símann þinn!

- Nýjar og skemmtilegar leiðir til að leita að fasteignum í símanum
- Allar eignir sem eru til sölu og leigu á Íslandi
- Myndir af eignum koma upp í símann þinn ásamt upplýsingum um opin hús
- Nákvæm leiðarlýsing

vísir.is




## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

**HERBERGI TIL LEIGU MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU!**
Til leigu snyrtileg, rúmgóð herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó.

Available now! Rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.
**Tel. 661-7000**

Mjög góð nýleg 50fm íbúð á Laugavegi, stórar svalir, mikið skápapláss. Leiga 155 þús. Nánari uppl. í síma 663 5790

**3JA HERB. ÍBÚÐ Í STÓRHOLTI**
Góð 70fm íbúð til leigu, langtímaleiga. Laus 1.3. Leiguverð 175 þúsund. Uppl. í s 898 8212.

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 700 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 150- 1.500 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

## ATVINNA

### Atvinna óskast

Rafvirki, húsasmiður og málari óska eftir vinnu. Uppl. í s. 848 6904

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 8645920

### Atvinna í boði

KvikkFix

**KVIKKFIX STÆKKAR ÖRT OG VANTAR FLEIRA FÓLK.**
Bifvélavirkja

Menn vana bílaviðgerðum

Manneskju í móttöku

Verkstæðisformann

**Sendu umsókn á orri@nrg.is ef þú hefur áhuga á að vinna með okkur.**

**UPPVASKARI ÓSKAST Á CAVA**
Um er að ræða 100% starf í vaktavinnu.
**Umsóknir sendist á eldhús@cava.is**

## TILKYNNINGAR

### Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
**Heitar kynlífssögur**
905-2002 • 535-9930
**Símadömur • live spjall**
908-6000 • 535-9999

## fasteignir

**Suðursalir 5**
201 Kópavogur
Góð staðsetning-frábært útsýni

**Stærð: 267,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 6**
**Byggingarár: 2001**
**Fasteignamat: 57.350.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Lind






**Þriðjudaginn 18 febrúar 18:00-18:30**
**Verð: 59.900.000**

RE/MAX LIND kynnir mjög fallegt 6-7 herbergja parhús á pöllum við Suðursali í Kópavogi. Rúmgott eldhús með miklu skápaplássi. Stofa er björt og rúmgóð, mikil lofthæð. Fjögur svefnherbergi. Útgengt er úr hjónaherbergi út á suðursvalir með glæsilegu útsýni. Baðherbergi er flísalagt með hornbaðkari, fallegri innréttingu og þakglugga. Stór ca 150fm timburverönd. Stutt í skóla, sundlaug, íþróttaaðstöðu og aðra þjónustu. Allar nánari upplýsingar veitir Hannes í síma 699 5008


Hannes
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is


Kristín
Sölufulltrúi
**8244031**
kristin@remax.is


Þórunn Gísladóttir
Lögg. fasteignasali
**5107900**
thorunn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**



# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Félag Fasteignasala

vísir

**Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!**






Hugtök Markaðsráðgjöf. feb. 2014

# Svavar, Aðalsteinn og Steinn í Gunnarshúsi

**Með hugann fullan af hetjudraumum nefnist dagskrá um Stein Steinar sem Svavar Knútur og Aðalsteinn Ásberg flytja í húsi Rithöfundasambandsins í kvöld.**

Á hundrað ára afmæli Steins Steinars, haustið 2008, þá ákváðum við Aðalsteinn Ásberg að vera með dagskrá um Stein fyrir nemendur í grunnskólum,“ segir Svavar Knútur spurður hvernig samstarf hans og Aðalsteins hafi komið til. „Dagskráin er í máli, músík og myndum og við höfum flutt hana í um hundrað skólum um allt land á þessum árum.“

Svavar segir þá Aðalstein alltaf hafa skemmt sér vel við að flytja dagskrána og að nemendur skólanna hafi líka kunnað vel að meta hana. „Þetta hefur verið vinsælt prógramm, enda blöndum við saman lögum við ljóð Steins, frásögnum af honum og eins lesum við nokkur ljóð eftir hann. Við höfum lengi rætt það að auðvitað eigi þessi dagskrá erindi við almenning og nú ætlum við að láta verða af því að leyfa fleirum en grunnskólabörnum að heyra hana.“

Dagskráin sem þeir félagar flytja í Gunnarshúsi í kvöld nefnist „Með hugann fullan af hetjudraumum“ og Svavar segir þá hafa breytt henni dálítið og lagað að smekk fullorðinna. „Ekki það að við tölum niður til krakkanna, en það er ýmislegt sem maður segir ekki við börn.“

Dagskráin hefst klukkan 20.30, aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir. fridrikab@frettabladid.is



**SVAVAR KNÚTUR** „Dagskráin er í máli, músík og myndum og við höfum flutt hana í um hundrað skólum.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**TRAUSTI JÓNSSON**
**Þjóðbraut 1, Akranesi,**

lést á Sjúkrahúsi Akraness 14. febrúar. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 21. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahús Akraness.

**Elínborg Kristjánsdóttir**
**Jón Kristján Traustason** — **Sigríður Þórarinsdóttir**
**Kristný Lóa Traustadóttir** — **Ólafur Óskarsson**
**Sigrún Traustadóttir** — **Guðmundur Árnason**
**Dröfn Traustadóttir** — **Þorsteinn Bárður Sigurgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg dóttir mín, móðir, tengdamóðir, amma og ástkær vinkona,

**ÞURÍÐUR JÓNA ANTONSDÓTTIR**
**Asparási 1, Garðabæ,**

verður jarðsungin frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 20. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á söfnunarátak Hjartaheilla.

**Guðrún Matthíasdóttir**
**Hrafnhildur Ingadóttir** — **Eggert Ólafsson**
**Oddur Ingason**
**Gunnar Ingason** — **Svanhildur Kristinsdóttir**
**Ómar Ingason** — **Aníta Berglind Einarsdóttir**
**Pétur Guðmundsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓNÍNA BJÖRG HELGADÓTTIR, NINNA**
**frá Hóli, Hauganesi,**

lést á heimili sínu, Hornbrekku á Ólafsfirði, föstudaginn 14. febrúar síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 22. febrúar kl. 14.00. Jarðsett verður í Stærri-Árskógskirkjugarði.

**Magnús S. Jóhannsson** — **Sigþóra Sigurjónsdóttir**
**Svava Björg Jóhannsdóttir** — **Björn Kjartansson**
**Aðalheiður H. Jóhannsdóttir** — **Þorleifur R. Sigvaldason**
**Sæunn S. Jóhannsdóttir** — **Rúnar Steingrímsson**
**Bergþóra Jóhannsdóttir** — **Jón Valur Sverrisson**
**Kristín S. Jóhannsdóttir** — **Kristinn Snæbjörnsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

✝



Bróðir okkar,

**SIGURÐUR BRIEM JÓNSSON**

dvalarheimilinu Hvammi á Húsavík, lést þriðjudaginn 11. febrúar síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Húsavíkurkirkju fimmtudaginn 20. febrúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á dvalarheimilið Hvamm.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Guðrún Jónsdóttir, Halla Jónsdóttir, Sólrún Jónsdóttir**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÚLFUR MARKÚSSON**
**leigubifreiðarstjóri og fv. formaður Frama, Berjarima 34, áður Lambastekk 7,**

lést á Landspítalanum laugardaginn 8. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 19. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands. Innilegar þakkir til starfsfólks á deildum 11G og 11E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Hrafn Heiðdal Úlfsson** — **Sjöfn Sverrisdóttir**
**Jökull Úlfsson** — **Guðrún Björgvinsdóttir**
**Örn Þór Úlfsson** — **Ingunn Björnsdóttir**
**Markús Valgeir Úlfsson** — **Helga Haraldsdóttir**
**Helgi Valtýr Úlfsson**
**Sigrún Sonja Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



**HALLDÓR GUNNAR STEFÁNSSON**
**Hrafnistu í Reykjavík, áður Bugðulæk 15,**

lést á Hrafnistu fimmtudaginn 13. febrúar sl. Útförin fer fram föstudaginn 21. febrúar kl. 15 frá Hallgrímskirkju í Reykjavík.

**Sigrún, Guðrún, Bryndís og Siggi,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**BORGHILDUR STEFÁNSDÓTTIR (BOGGA)**
**Drekavöllum 14, Hafnarfirði,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 16. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

**Sigríður Stefánsdóttir**
**Elínborg S. Kjærnested** — **Símon Kjærnested**
**systkinabörn.**

---

✝

Ástkær faðir minn, afi okkar og bróðir,

**BJARNI ÞORVALDSSON,**
**Dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri, áður til heimilis að Furulundi 15, Akureyri,**

lést mánudaginn 10. febrúar síðastliðinn. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

**Sigrún Bjarnadóttir**
**Bjarni Herrera Þórisson**
**Anna Elvíra Herrera Þórisdóttir**
**Vilhjálmur Herrera Þórisson**
**Halldór Þorvaldsson**

---

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR GUÐMUNDSSON**
**Grásteini 2, Ölfusi,**

verður jarðsunginn frá Hveragerðiskirkju fimmtudaginn 20. febrúar kl. 14.00.

**Hulda Sigurlína Þórðardóttir**
**Guðmundur Vignir Sigurðsson** — **Ingibjörg Sigurðardóttir**
**Svandís Sigurðardóttir** — **Jóhann Már Ævarsson**
**Rakel Rebekka Sigurðardóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR SVEINN ERLINGSSON**
**vörubifreiðastjóri,**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 12. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Yndislegi maðurinn minn, ástkær faðir, tengdafaðir og afi,

**RAGNAR GÍSLASON**
**skólastjóri,**
**Efstalundi 4, Garðabæ,**

lést á Landspítalanum hinn 14. febrúar sl. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, mánudaginn 24. febrúar klukkan 15.00.

**Ingibjörg Gunnarsdóttir**
**Gunnar Bjarni Ragnarsson**
**Sigríður Elísabet Ragnarsdóttir** — **Jónatan Fjalar Vilhjálmsson**
**Ragnheiður Þórdís Ragnarsdóttir** — **Úlfar Linnet**
**og barnabörn.**

---

✝



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSDÍS BJARNADÓTTIR**
**frá Suðureyri við Tálknafjörð, Laugarnesvegi 87,**

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 16. febrúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þórey Magnúsdóttir**
**Bjarni Magnússon**
**Jóna Þ. Magnúsdóttir** — **Salvar Guðmundsson**
**Guðmundur Magnússon**
**Einar Magnússon** — **Gunnhildur Konráðsdóttir**
**Magnús Magnússon** — **Heiða Hringsdóttir**
**Kristján Magnússon** — **Ásdís Ásgeirsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA S. GUÐJÓNSDÓTTIR**
**Njarðvíkurbraut 24, Reykjanesbæ,**

sem andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 5. febrúar, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

**Sigríður Sigurðardóttir**
**Guðjón L. Sigurðsson** — **Louisa Aradóttir**
**Hólmfríður Sigurðardóttir** — **Eggert Ólafsson**
**Kolbrún A. Sigurðardóttir**
**Gunnar Sigurðsson** — **Halldóra M. Svavarsdóttir**
**Kristín S. Sigurðardóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURLÍNA SIGURGEIRSDÓTTIR (LÍNA)**
**Fögrubrekku 24, Kópavogi,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum miðvikudaginn 12. febrúar. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Tómas Einarsson**
**Selma Tómasdóttir** — **Jón Magnússon**
**Sigurgeir Tómasson** — **Bára Hjaltadóttir**
**Guðrún Tómasdóttir** — **Páll Ævar Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Midori leikur Mendelssohn

Fim. **6. mars** » 19:30

Fös. **7. mars** » 19:30

www.sinfonia.is

***Oliver Kentish*** *Glaðsheimr*
***Felix Mendelssohn***
*Fiðlukonsert í e-moll*
***Pjotr Tsjajkovskij*** *Sinfónía nr. 4*

***Eivind Aadland*** *hljómsveitarstjóri*
***Midori*** *einleikari*

Japanski fiðlusnillingurinn Midori leikur fiðlukonsertinn eilífa eftir Mendelssohn. Allt frá 6 ára aldri hefur þessi magnaði tónlistarmaður vakið aðdáun og komið fram með virtustu sinfóníuhljómsveitum heims.

Bætt hefur verið við öðrum tónleikum **7. mars**. Tryggið ykkur miða á einstakan tónlistarviðburð.



Aðalstyrktaraðili:

GAMMA

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar




**2** | KL. 20:15

**Geggjaðar græjur**

Skemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

**2** | KL. 19:20

**Um land allt**

Kristján Már Unnarsson kynnist því hvernig Seyðfirðingar nýta húsaarfinn til nýrrar sóknar.



**2** | KL. 20:30

**The Big Bang Theory**

Stórskemmtilegur gamanþáttur um ofurnördana Leonard og Sheldon.



**2** | KL. 20:50

**The Mentalist**

Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem er ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu.



**2** | KL. 21:35

**Rake**

Nýir og frábærir gamanþættir með Greg Kinnear sem leikur bráðsnjalla lögfræðinginn Keagan Deane.



**3** | KL. 21:15

**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**

Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.




Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS


## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | 5 | |
| 7 | | 9 | | | | 4 | | 2 |
| 4 | 2 | | | 7 | 8 | 9 | 1 | |
| 9 | 3 | | 4 | 5 | 6 | | 2 | |
| | 6 | 1 | 8 | | | 3 | | |
| | | | | | 7 | | | 5 |
| | | 5 | | | | | | |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | | | | |
| 2 | 9 | | 6 | | | 1 | 7 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | 6 | 8 | | 1 | | |
| | | 6 | | 7 | | 2 | 3 | |
| 2 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 6 | 4 | | 5 | 7 | 3 | 8 | |
| | | | | 9 | | | 4 | |
| | 8 | | 4 | | | | 9 | 1 |
| | 9 | | | | | | | 5 |
| 1 | | | | 4 | | | | 3 |
| 5 | | | | | 1 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 8 | | | | | 4 | |
| | | | | 7 | | | 9 | |
| | | 4 | 6 | 9 | | 1 | 3 | |
| | 1 | | | | 4 | 6 | | |
| | | | 5 | | | | | 4 |
| | | | 9 | 1 | 6 | 5 | 7 | |
| | | 6 | | | | | | |
| | 3 | | | | | 2 | 6 | 7 |
| | 8 | | | | | | | 3 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 |
| 3 | 7 | 9 | 2 | 5 | 6 | 4 | 8 | 1 |
| 5 | 8 | 1 | 9 | 3 | 4 | 7 | 2 | 6 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 2 | 9 | 5 | 6 | 3 |
| 7 | 5 | 2 | 6 | 1 | 3 | 8 | 9 | 4 |
| 9 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 2 | 1 | 7 |
| 8 | 4 | 5 | 3 | 9 | 1 | 6 | 7 | 2 |
| 1 | 9 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 |
| 2 | 6 | 3 | 5 | 8 | 7 | 1 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 8 | 2 | 6 | 9 | 4 | 5 | 1 | 3 |
| 9 | 5 | 3 | 2 | 1 | 7 | 4 | 6 | 8 |
| 4 | 1 | 6 | 8 | 5 | 3 | 7 | 2 | 9 |
| 5 | 2 | 1 | 3 | 4 | 8 | 9 | 7 | 6 |
| 8 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 1 | 3 | 8 | 5 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 3 | 2 | 6 | 5 | 4 |
| 2 | 9 | 5 | 4 | 7 | 6 | 8 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 | 9 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 |
| 4 | 5 | 7 | 8 | 9 | 2 | 3 | 1 | 6 |
| 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 1 | 8 | 3 | 6 | 2 | 4 | 5 | 9 | 7 |
| 5 | 6 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 6 | 4 | 2 | 9 | 7 | 3 | 1 | 8 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 3 |
| 3 | 7 | 8 | 4 | 1 | 5 | 9 | 6 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Skatturinn! Þeir eru eins og mafían, þeir geta tekið hvað sem þeir vilja!“

*– Jerry Seinfeld*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**

**2.** lýð, **6.** í röð, **8.** ung stúlka, **9.** loft, **11.** voði, **12.** harmur, **14.** ráðagerð, **16.** tveir eins, **17.** gerast, **18.** tæra, **20.** tveir eins, **21.** flokka.

**LÓÐRÉTT**

**1.** lítið, **3.** hljóm, **4.** fugl, **5.** knæpa, **7.** barningur, **10.** dorma, **13.** sódi, **15.** viðbót, **16.** skír, **19.** til.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fólk, **6.** áb, **8.** mær, **9.** gas, **11.** vá, **12.** tregi, **14.** áform, **16.** tt, **17.** ske, **18.** æta, **20.** ii, **21.** raða.

**LÓÐRÉTT: 1.** lágt, **3.** óm, **4.** lævirki, **5.** krá, **7.** barátta, **10.** sef, **13.** gos, **15.** meir, **16.** tær, **19.** að.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

Hilmir Freyr Heimisson (1.761) hafði hvítt gegn Dananum Arunn Ananthan (1.746) í lokaumferð NM í skólaskák í Billund í Danmörku.

**Hvítur á leik:**



**43. f6+!** Svartur gafst upp. Þessi sigur tryggði Íslendingum Norðurlandameistaratitilinn í heildarkeppninni. Hilmir fékk brons eins og Nökkvi Sverrisson og Dagur Ragnarsson. Jón Kristinn Þorgeirsson og Vignir Vatnarsson fengu silfur.

**www.skak.is** Grænlandsmót í Hressó í dag.




Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is

Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

→ **DÓMNEFNDIN**
**Karen Lind**, tískubloggari og meistaranemi, og **Erna Hrund**, tískubloggari og sminka, eru í dómnefnd fyrir hönd Trendnets að þessu sinni.



KAREN LIND
ERNA HRUND

# Taka út tískuna á BAFTA

Bresku BAFTA-kvikmyndaverðlaunin voru afhent í London á sunnudagskvöldið. Fréttablaðið fékk Trendnet-liðana Ernu Hrund og Karen Lind til að spá í tískuna á rauða dreglinum.



**LILY ALLEN** Í VIVIENNE WESTWOOD COUTURE

**Erna Hrund** Æi, nei, mér finnst þetta ekki fallegt, alltof mikill rjómatertukjóll fyrir þessa hátíð. Mjög skrítin lyftingin og mótunin á efninu sjálfu.

**Karen Lind** Frrrr, det er Rosa Helikopter! Nei, bíddu, þetta er Lily Allen með þyrluspaða í hárinu. Ég verð að gefa henni falleinkunn fyrir rjómatertukjólinn. Svona kjóll myndi lúkka betur sem kökuskraut í bakaríinu hans Jóa Fel.



**LUPITA NYONG'O** Í CHRISTIAN DIOR COUTURE

**Erna Hrund** Ein af mínum uppáhalds rauðadregilsstjörnum í hönnun frá uppáhalds tískuhúsinu mínu. Lupita hefur ekki stigið eitt feilspor í kjólavali undanfarið og gerir það ekki heldur í þetta sinn.

**Karen Lind** Christian Dior stóð sig vel í þetta sinn. Grænt og gyllt litaval á konu með svona fallegan hörundslit flokkast undir guðdómlegt!



**LEA SEYDOUX** Í MIU MIU

**Erna Hrund** Þessi kjóll gerir voðalega lítið fyrir mig, augun fara beint á brjóstin sem eru bara dáldið skökk í þessum greinilega of þröngа kjól.

**Karen Lind** Navy-blár bregst aldrei! En þetta byrjar vel, efri hluti kjólsins er æðislegur en svo breytist hann í einhverja sorgarsögu. Bless mesh! Þetta fallega rauða hár hennar Leu tónar þó afar vel við bláa litinn.



**MAGGIE GYLLENHAAL** Í LANVIN

**Erna Hrund** Virkilega fallegur og rómantískur „vibe“ sem ég gæti séð fyrir mér sem part af línu frá íslenska merkinu Freebird. Heildarlúkkið finnst mér þó ekki passa, ég hefði kosið að Maggie væri í einfaldari kjól.

**Karen Lind** Zzzzz … ég hrýt, þetta er aðeins of gamaldags og kerlingarlegt. Maggie fær því miður ekki hálft prik fyrir þessa múnderingu.



**MICHELLE RODRIGUEZ** Í EMILIO DE LA MORENA

**Erna Hrund** Minnir mig á lélega hátískuútgáfu af Batgirl-búningnum, þetta er ekki alveg málið.

**Karen Lind:** Auðvitað er Michelle í leðri, enda alltaf töffari og rokkari að eðlisfari. Kjóllinn er skemmtilega öðru vísi og klæðir hana vel en hins vegar hefði hún mátt sleppa choker-hálsmeninu og leggja eilítið meiri áherslu á hár og förðun.



**ANGELINA JOLIE** Í SAINT LAURENT
**BRAD PITT** Í VALENTINO

**Erna Hrund** Þessi hjón eru stundum óþolandi flott og klárlega stílfyrirmyndir okkar kærustuparsins. Þessi hjón eru svo kasjúal og elegant og algjörir ofurtöffarar.

**Karen Lind** Dress kvöldsins er komið. Angelina er mætt í dragt og skartar henni eins og drottning. Svo er hún með afar fallegan fylgihlut, sýnist þetta vera Brad Pitt?



**AMY ADAMS** Í VICTORIA BECKHAM

**Erna Hrund** Amy Adams er ein af mínum uppáhalds rauðadregilsstjörnum. Mér finnst alltaf gaman að sjá hverju hún klæðist og kjóllinn frá VB er eins og hann sé sniðinn á hana.

**Karen Lind** Jú, vitiði … bingó, hún púllar þetta „edgy look“ mjög vel! Í fyrstu var ég ekki viss, en svo er ég farin að hallast að því að hún fari skrefinu lengra í þetta sinn, og það í rétta átt.





www.siminn.is/ljosnet



**Háhraðatenging fyrir stór og lítil heimili**

Með Ljósnetinu fær heimilið örugga háhraðatengingu fyrir sjónvörpin, tölvurnar, snjalltækin, netleikina, tónlistina, matarbloggið, kosningabaráttuna, kærustuna hinum megin á hnettinum og yfirleitt flest það sem fjölskyldan vill gera á netinu.

Yfir 70% íslenskra heimila geta tengst Ljósnetinu. Kynntu þér möguleikana á **siminn.is** eða í **800 7000**.

2 SPORT
besta sætið




# Stórleikir í 16 liða úrslitum!

Nú er komið að stóru stundinni! 16 liða úrslit í Meistaradeild Evrópu hefjast í kvöld er ljósbláu snillingarnir í Manchester City mæta stjörnunum í Barcelona. Á miðvikudag mæta svo rauðklæddu Skytturnar Evrópumeisturunum í Bayern München. Meistaramörkin verða í beinni kl. 21:45 báða dagana.

**Fylgstu með þessari fótboltaveislu á Stöð 2 Sport!**

2 SPORT Í kvöld kl. 19:30

## MAN. CITY – BARCELONA

2 SPORT Miðvikudag kl. 19:30

## ARSENAL – FC BAYERN




**TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!**
Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum pökkum.

**180.000 kr. sparnaður**
á 36 mánuðum

## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

**Fáðu þér áskrift!** 365.IS



**FYRIRSÆTUSYSTUR** Kate og Lottie Moss á fremsta bekk á tískuvikunni í London. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Líkar systur

Fyrirsætan Kate Moss tók litlu systur sína, Charlotte Moss, með á tískusýningu breska fatamerkisins Topshop Unique á tískuvikunni í London um helgina.

Systurnar vöktu athygli þar sem þær sátu á fremsta bekk með Philip Green, eiganda Topshop-keðjunnar, og Önnu Wintour, ritstjóra bandaríska Vogue. Charlotte Moss, gjarna kölluð Lottie, er 16 ára gömul og var nýlega uppgötvuð af sömu fyrirsætuskrifstofu og Moss er á mála hjá.

Lottie Moss var meðal annars brúðarmær hjá Kate er hún giftist eiginmanni sínum, Jamie Hince, 2011.

# Lélegt og þreytt grín

**BAKÞANKAR**
Söru McMahon



**P**iltar í ræðuliði Menntaskólans á Ísafirði gerðust nýverið sekir um að áreita gróflega Eyrúnu Björgu Guðmundsdóttur úr ræðuliði Menntaskólans á Akureyri, í samskiptum sínum fyrir viðureign liðanna sem og í keppninni sjálfri.

**EFTIR** að málið rataði í fjölmiðla sagði Ingvar Örn Ákason, þjálfari liðs MÍ, af sér og baðst um leið afsökunar á málinu sem og öðru álíka máli sem átti sér stað í tengslum við Morfís árið 2008. Þá gerðist lið Borgarholtsskóla, sem Ingvar Örn þjálfaði, sekt um fyrirlitlega hegðun með því að draga upp mynd af andstæðingi sínum berbrjósta og sýna fullum sal fólks í miðri keppni.

**TINNA** Rut Bjarnadóttir Isebarn varð fyrir árásunum árið 2008 og rifjaði hún atvikið upp í kjölfar fréttanna. Í pistli sem hún ritaði á Facebook-síðu sína benti hún réttilega á að enn í dag þyki fyndið að gera grín að konum og fyrirlitningin sé síðan réttlætt með húmor.

**FLESTAR** höfum við á einhverjum tímapunkti setið undir „bröndurum“ sem gera lítið úr okkur og kynsystrum okkar og sjálf hef ég meira að segja gerst sek um að endursegja slíka brandara á unglingsárum mínum í þeim tilgangi að ganga í augun á hinu kyninu (mistök sem ég hef forðast að endurtaka síðan).

**MÁLIÐ** er að „brandarar“ sem ganga út á að hlutgera konur, niðurlægja þær, undanskilja eða lýsa ofbeldi í þeirra garð (eins og hinir stórskemmtilegu nauðgunarbrandarar) gera fátt annað en að jaðarsetja konuna enn frekar. Hún „skilur“ ekki brandarann af því hún er ekki innvígð í „hópinn“. Þess í stað eru þær stimplaðar húmorslausar, leiðinlegar, vænisjúkar og þaðan af verra.

**OG** kannski var það tilgangur árásanna á Eyrúnu Björgu og Tinnu Rut – að koma boðflennunum í skilning um að þær væru ekki velkomnar í hópinn.

# Frumsýning Fyrirgefðu ehf.

Fyrirgefðu ehf. er nýtt íslenskt leikverk í uppsetningu Málamyndahópsins, sýnt í Tjarnarbíói. Þórdís Elva Þorvaldsdóttir er höfundur og leikstjóri verksins en söguþráðurinn er byggður á viðtölum við fólk um fyrirgefninguna. Smekkfullt var á frumsýningu verksins á föstudaginn.



**FAGNAÐ MEÐ KOSSI** Ragnheiður Steindórsdóttir, sem leikur í verkinu, ásamt Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur, höfundi og leikstjóra verksins.



**FLOTT SAMAN** Þóra Karítas Árnadóttir, leikkona í sýningunni, og unnusti hennar, Sigurður Guðjónsson.



**SÖNGFUGLAR** Egill Ólafsson og Bergljót Arnalds



**ÞRUSUÞRENNA** Sveinn Ólafur Gunnarsson, Bergur Þór Ingólfsson og Kjartan Guðjónsson.



**TÖFF TVÍEYKI** María Ellingsen og Áslaug Guðjónsdóttir.


LAUGARÁS BÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| ROBOCOP | 8, 10:25(POWER) | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 3D | 5:50 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8, 10:20 | 12 |
| 47 RONIN 3D | 10:30 | 12 |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | 5:45, 8 | 7 |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ VIP | KL. 5:45 - 8 - 10:20 | |
| JACK RYAN | KL. 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 8:20 | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5:50 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 5:35 - 8 -10:25 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| GRUDGE MATCH | KL. 10:20 | 12 |
| JACK RYAN | KL. 8 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10:15 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL | KL. 3D: 6 2D: 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 10:40 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 5:20 - 8 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 8:10 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE | KL. ENSTAL2D: 8 ÍSLTAL3D: 5:50 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 10:10 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENSTAL2D | KL. 8 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 10:20 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSLTAL2D | KL. 6 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ — 5% | | |
|---|---|---|
| LEGO ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LEGO ÍSL. TAL 3D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| LEGO ÍSL. TAL 3D LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| ROBOCOP | KL. 5 - 8 - 10.35 | 12 |
| ROBOCOP LÚXUS | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| HER | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM ...2 2D | KL. 3.30 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 - 10.30 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 5.40 - 9 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ — 5% | | |
|---|---|---|
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS | KL. 5.40 - 8 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 10.30 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 6 | 12 |
| THE BOOK THIEF | KL. 9 | 12 |

BORGARBÍÓ — ÞRIÐJUDAGSTILBOÐIN GILDA EKKI Í BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| BORGARBÍÓ | | |
|---|---|---|
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10:15 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 8 - 10:15 | 12 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS HER | KL. 5.50 | 12 |
| DALLAS BUYERS CLUB | KL. 5.50 | 12 |

Miðasala á: midi.is og eMiði



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

FÓRNIN (1986)
Leikstj.: Andrei Tarkovsky

Í morgunsár „þriðju heimsstyrjaldarinnar“ leitar maður nokkur leiða til að koma á friði í heiminum en uppgötvar að hann verður að láta eitthvað af hendi í staðinn. „Prófraun í kvikmyndaáhorfi“ hefur verið sagt um þessa síðustu mynd Tarkovskys sem kvikmynduð var í Svíþjóð af Sven Nykvist. Íslendingurinn **Guðrún S. Gísladóttir** lék í henni og rifjar upp kynni sín af Tarkovsky á undan sýningunni á þriðjudagskvöldið.

BÍÓ ★ PARADÍS — EUROPA CINEMAS










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Börn á Filippseyjum þurfa þína hjálp — NÚNA



Sendu sms-ið **barn** í númerið **1900**
til að styrkja neyðarstarfið um 1900 krónur

unicef



**YOKO ONO** Friðarsúlan í Viðey verður tendruð í dag á afmælisdegi Ono.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Friðarsúlan tendruð

Listakonan Yoko Ono á afmæli í dag og hefur Reykjavíkurborg ákveðið að heiðra hana með því að tendra Friðarsúluna á afmælisdegi hennar. Tendrun súlunnar í október ár hvert nýtur mikilla vinsælda bæði meðal Íslendinga og erlendra ferðamanna sem margir hverjir koma um langan veg til þess að vera viðstaddir viðburðinn. Í fyrra var slegið met í fjölda þátttakenda þegar 1.800 manns sigldu yfir Sundið í boði Yoko Ono og þessi viðburður mun að öllum líkindum stækka ár frá ári. Það er því vel við hæfi að tendra ljósið í Viðey á afmælisdegi listakonunnar.

Friðarsúlan verður tendruð klukkan 18 í dag og logar til klukkan 10 miðvikudaginn 19. febrúar.

Boðið verður upp á Friðarsúluferð klukkan 20 í kvöld. Siglt verður frá gömlu höfninni í miðbæ Reykjavíkur.



**ÁNÆGÐ SAMAN** Bónorð Kanyes West var sýnt í raunveruleikaþættinum Keeping up with the Kardashians vestanhafs um helgina.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Titraði og skalf

Kanye West náði heldur betur að koma unnustu sinni, Kim Kardashian, á óvart þegar hann skellti sér á skeljarnar í október í fyrra. Bónorðið var sýnt í raunveruleikaþætti fjölskyldunnar vestanhafs um helgina. Í þættinum er Kim í áfalli eftir að West bað hennar á hafnaboltavelli að viðstöddum fjölskyldum þeirra og vinum með lúðrasveit og flugeldum. „Ég titra öll og skelf. Kanye hefur farið fram úr sjálfum sér í þetta skiptið. Mér líður eins og ég sé stödd í draumi," segir hin nýtrúlofaða Kim við myndavélarnar.



**ELSKAR SÖNGINN** RIta Ora hefur undanfarið látið til sín taka á hvíta tjaldinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

## Verður alltaf söngkona

Tónlistarkonan Rita Ora ætlar aldrei að skipta út söngnum fyrir leiklistina. Ora lauk nýverið tökum á myndinni Fimmtíu gráir skuggar þar sem hún leikur systur Christians Grey, Miu Grey. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem hún reynir fyrir sér á hvíta tjaldinu en Ora lék lítið hlutverk í myndinni Fast and the Furious 6.

„Ég mun aldrei hætta að syngja því þar byrjaði ég. Ég elska sönginn og án hans hefði ég aldrei komist á þann stað sem ég er á í dag," segir Ora sem þessa dagana er einnig að taka upp sína aðra plötu.

# Tíu rétta matseðill innblásinn af Radiohead

Kokkurinn Kyle Hanley hannaði tíu rétti en hver réttanna passar við lög af plötunni Kid A með Radiohead.

Kokkurinn Kyle Hanley hjá veitingastaðnum Detroit Golf Club í Detroit í Bandaríkjunum hefur hannað tíu rétta matseðil sem er innblásinn af plötunni Kid A með Radiohead. Hver réttur passar við lag á plötunni.

Matseðillinn verður aðeins í boði 19. febrúar næstkomandi og komast 36 manns að. Miðinn kostar 125 dollara, rúmlega fjórtán þúsund krónur. Það kvöld gengur undir heitinu A Night With Kid A og mun platan verða spiluð á meðan matargestir gæða sér á réttum á borð við andabringu og lambakótelettur. Kyle var í tónlistarnámi áður en hann varð kokkur og segist heyra liti og áferð þegar hann hlustar á tónlist.

„Sérstaklega þegar ég hlusta á Radiohead. Þetta er mjög áhrifamikil hljómsveit."

Þá er einnig boðið upp á sérstaka drykki með matseðlinum, þar á meðal sérhannaðan gin og tonic-drykk en vínseðillinn var hannaður af Joseph Allerton.

- lkg

### ➜ Vinsæl plata

- Kid A er fjórða stúdíóplata Radiohead
- Platan kom út í október árið 2000
- Kid A fór í platínusölu í fyrstu viku eftir útgáfu í Bretlandi
- Platan er sú fyrsta frá Radiohead sem fór beint á toppinn í Bandaríkjunum
- Platan var valin besta „alternative"-platan á Grammy-verðlaununum og tilnefnd sem plata ársins



**HÆFILEIKARÍKUR** Thom Yorke er söngvari Radiohead.




# SPORT

## VETRARÓLYMPÍULEIKARNIR SOCHI 2014

**DAGSKRÁ ÞRIÐJUDAGUR**

2 SPORT 06.55 STÓRSVIG KVENNA - FYRRI FERÐ
08.00 ÍSHOKKÍ KARLA: SLÓVENÍA - AUSTURRÍKI (STÖÐ 2 SPORT 3)
09.30 NORRÆN TVÍKEPPNI: SKÍÐASTÖKK
09.30 SKAUTASPRETTHLAUP KARLA OG KVENNA (SPORT 4)
10.25 STÓRSVIG KVENNA - SEINNI FERÐ
12.30 ÍSHOKKÍ KARLA
VÍSIR 17.00 ÍSHOKKÍ KARLA
22.00 SAMANTEKT FRÁ DEGI 11

## 2253

Hin 34 ára Vanessa-Mae Vanakorn frá Tælandi keppir í stórsvigi kvenna í dag. Hún er fyrst og fremst þekkt sem fiðluleikari sem hefur náð miklum árangri með því að færa klassíska tónlist í poppbúning. Hana hefur lengi dreymt um að keppa á Ólympíuleikum en er langlægst á heimslistanum af keppendum dagsins í greininni. Hún situr í 2.253. sæti heimslistans..

## STJARNA DAGSINS DARJA DOMRACHEVA SKÍÐASKOTFIMIKONA

Darja Domracheva frá Hvíta-Rússlandi er heldur betur í stuði á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí en hún vann þriðju gullverðlaun sín á leikunum í gær. Hún bar þá höfuð og herðar yfir keppinauta sína í 12,5 kílómetra skíðaskotfimi kvenna en fyrr á leikunum vann hún 10 og 15 km göngurnar.

Sigurinn var sögulegur því Domracheva varð í gær fyrsta konan til að vinna þrenn gullverðlaun í skíðaskotfimi á einum Ólympíuleikum og um leið varð hún merkasti Ólympíufari Hvíta-Rússlands frá upphafi.

Domracheva er þrettánda konan í sögunni sem vinnur þrenn gullverðlaun á einum Ólympíuleikum en hún bætist þar í hóp merkra íþróttakvenna á borð við Marit Björgen frá Noregi og Wang Meng frá Kína. Þær unnu báðar þrenn gullverðlaun í Vanvoucer fyrir fjórum árum. Sú norska í skíðagöngu en sú kínverska í skautasprettlaupi.

Aðeins ein kona hefur unnið fern gullverðlaun á einum Ólympíuleikum en það gerði skautasprettlaupskonan Lidiya Skoblikova frá Sovétríkjunum í Innsbruck í Austurríki árið 1964.

- tom



**MAGNAÐUR ÁRANGUR** Domracheva vann sín þriðju gullverðlaun í Sotsjí í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**SÖGULEGT GULL** Maryl Davis og Charlie White urðu fyrstu Bandaríkjamenn frá upphafi til að vinna gull í ísdansi para á Vetrarólympíuleikum.



**FRÁBÆR TILÞRIF** Hvít-Rússinn Anton Kushnir vann gull í skíðafimi karla í gær eftir harða keppni við tvo Kínverja sem voru í forystu fyrir lokaúrslitin. Hvít-Rússar unnu einnig gull í kvennaflokki í sömu grein.



**ÞÝSKUR SIGUR** Þjóðverjar sáu við Austurríki í baráttu þjóðanna í liðakeppni í skíðastökki. Austurríki hafði ekki tapað í greininni á stórmóti í tæpan áratug.

# Besta ÓL-frumraunin í 38 ár

Helga María Vilhjálmsdóttir varð um helgina fyrsta íslenska konan síðan 1976 sem kemst inn á topp þrjátíu í sinni fyrstu grein á Vetrarólympíuleikum. Helga María keppir í stórsvigi í dag ásamt Erlu Ásgeirsdóttur.




**Óskar Ó. Jónsson**
ooj@frettabladid.is

Hin 18 ára gamla Helga María Vilhjálmsdóttir náði mjög athyglisverðum árangri í frumraun sinni á Vetrarólympíuleikum um helgina þegar hún náði 29. sæti í keppni í risasvigi á Ólympíuleikunum í Sotsjí í Rússlandi.

„Hún stóð sig mjög vel þrátt fyrir að brautin hafi verið erfið. Hún fór vel í gegnum krefjandi braut,“ sagði Egill Ingi Jónsson annar þjálfara íslenska liðsins.

Það fylgir því oft mikið stress að keppa í fyrsta sinn á Ólympíuleikum en Helga María faldi það vel og náði öðrum besta árangri íslenskar konu í sinni fyrstu grein á Ólympíuleikum.

„Þetta er stærra en þær eru vanar og þær eru síðan innan um öll þessi stóru nöfn í þessum heimi. Það getur vissulega verið truflandi fyrir einbeitinguna að vera í slíkum andstæðum í fyrsta sinn en Helga réð mjög vel við þetta. Hún er hörku nagli,“ sagði Egill Ingi.

Það þarf að fara alla leið aftur til Ólympíuleikanna í Innsbruck árið 1976 til að finna íslenska konu sem byrjaði betur í sinni fyrstu grein á Vetrarólympíuleikunum.

Steinunn Sæmundsdóttir náði 16. sæti í svigi á leikunum í Innsbruck en hún var þá aðeins fimmtán ára gömul. Það er ennþá besti árangur íslenskrar konu á Vetrarólympíuleikum. Hér fyrir ofan eru bestu frumraunir íslenskra kvenna.

Helga María keppir aftur í dag og þá í sinni bestu grein, stórsvigi, ásamt Erlu Ásgeirsdóttir.

# Ætlað stórt hlutverk

Stórskyttan færir sig frá Flensburg til Danmerkur.

**HANDBOLTI** Ólafur Gústafsson, landsliðsmaður í handbolta, gekk um helgina frá samningi við danska meistaraliðið Álaborg en hann gengur í raðir þess frá Flensburg eftir tímabilið.

Hafnfirðingurinn hefur lítið fengið að spreyta sig með þýska stórveldinu á tímabilinu en í Danmörku er honum ætlað að leika stórt hlutverk hjá spennandi liði.

„Ég fór á fund með þjálfaranum og framkvæmdastjóranum. Mér leist sérstaklega vel á það hlutverk sem þjálfarinn ætlar mér. Hann sér mig sem fyrsta mann í mína stöðu og mér er ætlað stórt hlutverk bæði í vörn og sókn,“ sagði Ólafur við Fréttablaðið í gær.

Dönsku meistararnir vildu fá Ólaf til sín strax í janúar en Flensburg tók það ekki í mál. Sjálfur vildi Ólafur líka klára tímabilið í Þýskalandi.

„Ég vildi alltaf klára tímabilið hér. Það er mikið eftir af leiktíðinni og ég tel mig enn geta gert mikið fyrir þetta lið á endasprettinum,“ sagði Ólafur sem var með samningstilboð frá fleiri liðum í höndunum.

„Það var annað í boði eins og samningur hjá Bergischer hér í Þýskalandi en ég ákvað á endanum að semja við Álaborg.“ - tom



**NÝTT LIÐ** Ólafur fer til Danmerkur í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Ótrúlega sárt

**FRJÁLSAR** Hafdís Sigurðardóttir fær líklega aldrei að vita hversu hratt hún hljóp í 60 m hlaupi á bikarmóti FRÍ um helgina. Svo virðist sem tímatökubúnaður hafi bilað.

„Ég hef ekki fengið neinar skýringar á þessu. Við hlupum bara okkar hlaup og svo var kíkt á markmyndina til að fá það á hreint hver lenti í hvaða sæti,“ sagði Hafdís í gær sem var ánægð með hlaupið sitt.

„Þetta hefði getað verið met. Þjálfarinn minn kann að reikna þetta út og hvernig maður plúsar viðbragðið við og svona. Ég vil ekkert gefa út um að þetta sé met en svo gæti hafa verið. Þetta var allavega alveg ótrúlega sárt og ég veit bara ekki hvort ég jafna mig á þessu,“ sagði Hafdís enn fremur. - tom



**HAFDÍS SIGURÐARDÓTTIR**

Löður

Vinningar í hverri viku!

18. febrúar gefum við heppnum Facebook vinum okkar glæsilega vinninga

20 Bílaþvottar á Fiskislóð 29
1 Út að borða fyrir tvo á Fiskfélaginu
1 Sælgætiskörfu frá Freyju

www.facebook.com/bilathvottastodin.lodur
www.lodur.is - Sími 544 4540



**FRÁBÆR Á TÍMABILINU** Yaya Touré hefur skorað 15 mörk í öllum keppnum fyrir Manchester City á leiktíðinni til þessa. MYNDNORDICPHOTOS/GETTY

# Yaya vildi ekki mæta Barcelona

## Meistaradeildin hefst á ný í kvöld á leik Manchester City og Barcelona á Ethiad.

**FÓTBOLTI** Sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar hefjast í kvöld með risaleik þegar Manchester City tekur á móti Barcelona í uppgjöri tveggja af sigurstranglegri liðum keppninnar. Zlatan Ibrahimovic og félagar í Paris Saint-Germain heimsækja Bayer Leverkusen í hinum leik dagsins en Svíinn er enn að bíða eftir sínum fyrsta sigri í Meistaradeildinni.

Yaya Touré, miðjumaður Manchester City, mætir þarna sínum gömlu félögum í Barcelona en hann hefur spilað frábærlega á fyrsta tímabili Manuels Pellegrini hjá City og er allt annar leikmaður í dag en hann var á tíma sínum í Barcelona (2007-2010).

„Þetta verður erfitt því ég vildi ekki mæta Barcelona. Þetta er félag sem ég ber mikla virðingu fyrir enda félag sem kenndi mér margt og þar eru margir góðir vinir sem hjálpuðu mér mikið,“ sagði Yaya Touré í viðtali á heimasíðu UEFA.

„Ég mun spila á Camp Nou, á leikvangi þar sem ég vildi alltaf spila en núna kem ég til baka í annarri treyju. Ég vildi ekki spila fyrir framan stuðningsmenn sem gáfu mér svo mikið en svona er víst fótboltinn,“ sagði Touré en hann segist spila miklu frjálsara hlutverk hjá City en hjá Barca.

„Hjá Barcelona var það mitt hlutverk að halda stöðunni og skipuleggja leik liðsins. Það snerist allt um að missa aldrei einbeitingu. Núna get ég farið niður í vörnina eða fram í sókn en hjá Barcelona varð ég bara að vera á miðjunni. Ég kann vel mig á Englandi af því að þar er spilaður opinn og hraður fótbolti,“ sagði Yaya Touré. Tölurnar tala sínu máli, hann er með 43 mörk og 31 stoðsendingu í 168 leikjum með City en var aðeins með 6 mörk og 8 stoðsendingar í 118 leikjum með Barcelona.

Yaya Touré hefur unnið báðu stóru titlana á Englandi en lítið hefur gengið í Meistaradeildinni. Liðið er hins vegar komið áfram í útsláttarkeppnina og nú dreymir hann um að vinna Meistaradeildina eins og honum tókst árið 2009.

Leikur Manchester City og Barcelona hefst klukkan 19.45 og er í beinni á Stöð 2 Sport. Leikur Leverkusen og PSG er sýndur á S2 Sport 3. Upphitun Hjartar Hjartarsonar hefst klukkan 19.10 og eftir leikinn mun hann síðan fara yfir leiki kvöldsins í Meistaramörkunum.

**- óój**

**Ný vitneskja**
Fyrirlestur á ensku: Christopher Vasey
Örlög, forlög eða frjáls vilji?
**Miðvikudagur 19. febrúar 2014 - kl. 20:00**
Í Norræna húsinu, Sturlugötu 5, 101 Reykjavík
Aðgangseyrir: 500 kr
Skipuleggjandi: Stiftung Gralsbotschaft, Stuttgart
Vasey-Leuze@gral-norden.net
www.is.gral-norden.net
Sími: 842 2552



**Hitablásarar**




Klettháls Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Vestmannaeyjum
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Allt til alls







Arctic Root Forte, burnirót er náttúrulegur orkugjafi sem eflir taugakerfið og virkar vel gegn streitu og álagi. Nutra eru gæða vítamín á betra verði.

nutra BÓNUS HAGKAUP

# DAGSKRÁ



## Stöð 2 kl. 20.10
### Geggjaðar græjur
Þáttur þar sem fjallað er um nýjustu græjur og afrek á sviði vísinda. Umfjöllunarefnið er fjölbreytt og verður meðal annars kíkt á nýjar uppfinningar, athyglisverðar rannsóknir og græjur sem koma á óvart og eru jafnvel fáránlegar. Umsjónarmenn eru bræðurnir Bjarni og Davíð Hedtoft Reynissynir.

## Í KVÖLD



### The Tonight Show
**SKJÁREINN KL. 22.50** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsæla The Tonight Show. Í þessum fyrsta þætti Jimmys koma fram ekki minni meistarar en U2 og Will Smith.



### HOUSE OF CARDS
**RÚV KL. 23.10** fyrsti þáttur í annarri seríu af House of Cards (Spilaborg) sem fjallar um þingflokksformanninn Francis Underwood og vafasama atlögu hans að forsetaembættinu. Bannað innan 12 ára.



### Man. City – Barcelona
**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Manchester City og Barcelona í Meistaradeild Evrópu. Þetta er fyrri leikur þessara tveggja liða í sextán liða úrslitum meistaradeildar Evrópu og verður spennan eflaust gríðarleg.

## Bylgjan kl. 10.00
### Ívar Guðmunds
Útvarpsmaðurinn geðþekki Ívar Guðmundsson býður upp á hressandi tónlist og skemmtilegan fróðleik til klukkan 13.00.



## STÖÐ 2
**07:00 Barnatími Stöðvar 2**
**08:05 Malcolm in the Middle** *(1:22)*
**08:30 Ellen** *(142:170)*
**09:10 Bold and the Beautiful**
**09:30 Doctors** *(120:175)*
**10:15 Wonder Years** *(19:23)*
**10:40 The Middle** *(13:24)*
**11:05 White Collar** *(9:16)*
**11:50 Flipping Out** *(5:10)*
**12:35 Nágrannar**
**13:00 The X-Factor** *(19:27)*
**13:40 In Treatment** *(12:28)*
**14:10 Sjáðu**
**14:40 Lois and Clark** *(18:22)*
**15:25 Ozzy & Drix**
**15:45 Scooby-Doo! Leynifélagið**
**16:05 Tommi og Jenni**
**16:30 Ellen** *(143:170)*
**17:10 Bold and the Beautiful**
**17:32 Nágrannar**
**17:57 Simpson-fjölskyldan**
**18:23 Veður**
**18:30 Fréttir Stöðvar 2**
**18:47 Íþróttir**
**18:54 Ísland í dag**
**19:11 Veður**
**19:20 Um land allt**
**19:45 New Girl** *(13:23)*
**20:10 Geggjaðar græjur**
**20:25 The Big Bang Theory** *(13:24)*
**20:45 The Mentalist** *(10:22)*
**21:30 Rake** *(4:13)*
**22:15 Bones** *(16:24)*
**23:00 Girls** *(7:12)*
**23:30 Daily Show: Global Edition**
**23:55 The Face** *(6:8)*
**00:40 Lærkevej** *(9:12)*
**01:25 Touch** *(11:14)*
**02:10 It's Alive**
**03:35 Breaking Bad** *(5:8)*
**04:20 Breaking Bad** *(6:8)*
**05:10 Burn Notice** *(3:18)*
**05:55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*
**09:00** Ólympíuleikarnir - Samantekt **09:30** Ólympíuleikarnir - Norræn tvíkeppni (Skíðastökk: Hærri pallur) **10:30** Ólympíuleikarnir - Alpagreinar **12:05** Ensku bikarmörkin **2014** **12**:30 Ólypmíuleikarnir - Íshokkí karla (Úrslitakeppni) **15:00** Ólympíuleikarnir - Skautaspretthlaup (Skautaspretthlaup karla og kvenna) **17:00** Ólypmíuleikarnir - Íshokkí karla (Úrslitakeppni) **19:10** Meistaradeildin - upphitun **19:30** Meistaradeild Evrópu (Man. City - Barcelona) **21:45** Meistaradeildin - meistaramörk **22:15** Ólympíuleikarnir - Samantekt **22:45** Þýsku mörkin **23:15** Meistaradeild Evrópu (Bayer Leverkusen - Paris St. Germain) **00:55** Meistaradeild Evrópu (Man. City - Barcelona) **06:55** Ólympíuleikarnir - Alpagreinar (Stórsvig karla: Fyrri ferð)

## SPORT 2 *enski boltinn*
**12:50** Premier League **2013/14** (Hull - Southampton) **14:30** Premier League World **15:00** Premier League **2013/14** (Aston Villa - West Ham) **16:40** Enska B-deildin (QPR - Reading) **18:20** Enska úrvalsdeildin (Arsenal - West Ham) **20:00** PL Bestu leikirnir **20:30** Arsenal - Blackburn **22:15** Ensku mörkin - neðri deild **22:50** Premier League **2013/14** (Cardiff - Aston Villa)

## ÍNN
**20:00** Hrafnaþing **21:00** Stjórnarráðið **21:30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3
**16:45 Junior Masterchef Australia** *(7:22)*
**17:30 Baby Daddy** *(6:10)*
**17:50 The Carrie Diaries** *(13:13)*
**18:35 American Dad**
**19:00 Extreme Makeover: Home Edition** *(17:26)*
**19:45 Hart Of Dixie** *(1:22)*
**20:30 Pretty Little Liars** *(24:24)*
**21:15 Priðjudagskvöld með Frikka Dór**
**21:45 Nikita** *(1:22)*
**22:25 Justified** *(11:13)*
**23:05 Revolution** *(15:20)*
**23:50 Arrow** *(13:24)*
**00:35 Sleepy Hollow** *(13:13)*
**01:20 Extreme Makeover: Home Edition** *(17:26)*
**02:05 Hart Of Dixie** *(1:22)*
**02:50 Pretty Little Liars** *(24:24)*
**03:35 Priðjudagskvöld með Frikka Dór**
**04:05 Nikita** *(1:22)*
**04:50 Justified** *(11:13)*
**05:35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin
**07:00** Dóra könnuður **07:24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07:46** Doddi litli og Eyrnastór **08:00** Áfram Diego, áfram! **08:24** Svampur Sveins **08:50** Gulla og grænjaxlarnir **09:00** Lukku-Láki **09:25** Brunabílarnir **09:47** Ávaxtakarfan - þættir **10:00** Ljóti andarunginn og ég **10:23** Hello Kitty **10:34** Ævintýraferðin **10:47** UKI **10:52** Tommi og Jenni **11:00** Dóra könnuður **11:24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11:46** Doddi litli og Eyrnastór **12:00** Áfram Diego, áfram! **12:24** Svampur Sveins **12:50** Gulla og grænjaxlarnir **13:00** Lukku-Láki **13:22** Brunabílarnir **13:44** Ávaxtakarfan - þættir **14:00** Ljóti andarunginn og ég **14:25** Hello Kitty **14:34** Ævintýraferðin **14:47** UKI **14:52** Tommi og Jenni **15:00** Dóra könnuður **15:24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15:46** Doddi litli og Eyrnastór **16:00** Áfram Diego, áfram! **16:24** Svampur Sveins **16:50** Gulla og grænjaxlarnir **17:00** Lukku-Láki **17:22** Brunabílarnir **17:44** Ávaxtakarfan **18:00** Ljóti andarunginn og ég **18:25** Hello Kitty **18:34** Ævintýraferðin **18:47** UKI **18:52** Tommi og Jenni **19:00** Ísöld: Heimsálfuhopp **20:30** Sögur fyrir svefninn

## GULL
**17:55 Strákarnir**
**18:20 Friends** *(8:24)*
**18:45 Seinfeld** *(16:22)*
**19:10 Modern Family**
**19:35 Two and a Half Men** *(1:16)*
**20:00 Grey's Anatomy** *(3:24)*
**20:45 Hannað fyrir Ísland** *(6:7)*
**21:30 Veggfóður** *(13:20)*
**22:15 Nikolaj og Julie** *(17:22)*
**23:00 Anna Pihl** *(7:10)*
**23:45 Cold Feet 5** *(6:6)*
**00:35 The Fixer** *(2:6)*
**01:25 Hannað fyrir Ísland** *(6:7)*
**02:10 Veggfóður** *(13:20)*
**02:55 Nikolaj og Julie** *(17:22)*
**03:40 Anna Pihl** *(7:10)*
**04:25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ
**11:20 Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules**
**13:00 The Jewel of the Nile**
**14:45 Bright Star**
**16:40 Diary of a Wimpy Kid: Rodrick Rules**
**18:20 The Jewel of the Nile**
**20:05 Bright Star**
**22:00 A Few Good Men**
**00:15 Source Code**
**01:50 Diary of the Dead**
**03:25 A Few Good Men**

## RÚV
**06:55 Vetrarólympíuleikar** - Alpagreinar, Risasvig kvenna, fyrri umferð BEINT
**10:25 Vetrarólympíuleikar** - Alpagreinar, Risasvig kvenna, seinni umferð BEINT
**12:30 Vetrarólympíuleikar** - Íshokkí karla BEINT
**15:05 Brautryðjendur** - Ingibjörg Þorbergs *(2:8)*
**15:35 Vetrarólympíuleikar** - Skíðafimi í pípu, karlar
**17:25 Vetrarólympíuleikar** - Skíðafimi í pípu, karlar BEINT
**18:25 Táknmálsfréttir**
**18:35 Viðtalið** - Dr. Andreas Hensel
**19:00 Fréttir**
**19:25 Veðurfréttir**
**19:30 Íþróttir**
**19:40 Kastljós**
**20:05 Trúður á átakasvæði** *(Klovn i en krigzone)* Hugsjónamanneskja án landamæra ferðast um stríðshrjáð ríki og lokkar fram bros meðal barnanna.
**20:40 Castle Castle, Year 4** *(7:23)*
**21:25 Djöflaeyjan**
**22:00 Tíufréttir**
**22:10 Veðurfréttir**
**22:15 Íþróttir BEINT** *(6:8)*
**22:25 Hafinn yfir grun** *(Above Suspicion, 2. þáttaröð) (1:3)* Bannað innan 16 ára
**23:10 Spilaborg** *(House of Cards, 2. þáttaröð) (1:13)* Bannað innan 12 ára
**00:00 Kastljós**
**00:20 Fréttir**
**00:30 Íþróttir** *(5:7)*
**00:40 Dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR
**17:00** Vetrarólympíuleikar - Íshokkí, karlar **19:20** Olísdeildin í handbolta Valur - Fram **21:00** Vetrarólympíuleikar - Alpagreinar, risasvig kvenna, fyrri umferð **22:00** Vetrarólympíuleikar - Alpagreinar, risasvig kvenna, seinni umferð

## SKJÁREINN
**06:00 Pepsi MAX tónlist**
**08:00 Cheers** *(7:26)*
**08:25 Dr. Phil**
**09:05 Pepsi MAX tónlist**
**16:55 Got to Dance** *(6:20)*
**17:45 Dr. Phil**
**18:25 Top Chef** *(11:15)*
**19:10 Cheers** *(8:26)*
**19:35 Sean Saves the World** *(6:18)*
**20:00 The Millers** *(6:13)*
**20:25 Parenthood** *(7:15)*
**21:10 The Good Wife** *(2:22)*
**22:00 Elementary** *(7:22)*
**22:50 The Tonight Show - NÝTT**
**23:35 The Bridge** *(7:13)*
**00:15 Scandal** *(5:22)*
**01:00 Elementary** *(7:22)*
**01:50 Mad Dogs** *(1:4)*
**02:35 The Tonight Show**
**03:20 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin
**08:00** PGA Tour 2014 *(1:4)* **11:00** Golfing World 2014 *(16:240)* **11:50** PGA Tour 2014 *(2:4)* **14:50** Inside The PGA Tour 2014 *(6:46)* **15:15** Feherty *(6:15)* **16:00** Champions Tour 2014 **18:00** Golfing World 2014 *(17:240)* **18:50** PGA Tour 2014 - Highlights *(7:39)* **19:45** Golfing World 2014 *(17:240)* **20:35** PGA Tour 2014 - Highlights *(7:39)* **21:30** PGA Tour 2014 *(2:4)*

## ÚTVARP
**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


LA-Z-BOY®

LA-Z-BOY RIALTO – SJÓNVARPSSÓFI



359.990
FULLT VERÐ: 459.990

RIALTO La-Z-boy sjónvarpssófi. Svart leður á slitflötum. 205 x 90 H:105 cm.



RIALTO
La-Z-boy stóll.
Fæst í fjórum litum.
B:80 D:90 H:105 cm.
Einnig fáanlegur í áklæði á tilboði frá kr. 99.990

139.990
FULLT VERÐ: 179.990



STANLEY La-Z-boy stóll. Svart, hvítt, brúnt og vínrautt leður á slitflötum. B:81 D:94 H:103 cm. Einnig fáanlegur í áklæði á tilboðsverði frá kr. 83.990

119.990
FULLT VERÐ: 179.990



EMPIRE
La-Z-boy stóll.
Fæst í 3 litum litum.
B:80 D:70 H:102 cm.

69.990
FULLT VERÐ: 79.990

HÚSGAGNAHÖLLIN
– fyrir lifandi heimili –

Reykjavík og Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100
www.husgagnahollin.is

6th sense
FreshControl

Whirlpool
SENSING THE DIFFERENCE



## HÉR ER ÍSSKÁPUR MEÐ HÁÞRÓAÐRI NÆMNI FYRIR LANGVARANDI FERSKLEIKA

Nýji 6th **SENSE** ísskápurinn með **Fresh Control** tækninni laðar fram hinn sanna keim ferskleikans. Þökk sé sérstökum skynjurum sem eru mjög virkir í að stýra hita- og rakastiginu, varðveitist útlit, áferð og bragð matarins allt að fjórum sinnum lengur. Ennfremur er sérstakt hólf fyrir kjöt og fisk sem tryggir stöðugt hitastig við 0°C - til að viðhalda næringargildinu, ferskleikanum og bragðinu óbreyttu.

Whirlpool

Heimilistæki ht.is
*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

**BESTI BITINN**



**„K-bar. Gaman að byrja kvöldið þar og deila smáréttum með góðum vinum. Réttirnir er með kóresku ívafi og hver öðrum betri, svo eru innréttingarnar geggjaðar.“**

Magnea Einarsdóttir fatahönnuður

# Kalda vel tekið á tískuvikunni í London

Fatahönnuðurinn Katrín Alda Rafnsdóttir sýnir fatamerkið sitt Kalda með heitustu hönnuðum Skandinavíu.

„Það gengur mjög vel og við höfum fengið góðar viðtökur,“ segir Katrín Alda Rafnsdóttir, fatahönnuðurinn á bak við merkið Kalda, en hún er stödd á tískuvikunni í London.

Tískuvikan hófst um helgina og sýnir Katrín Alda á sýningunni Re Present þar sem heitustu fatamerki Skandinavíu sýna fatalínur sínar væntanlegum kaupendum. Kalda er eina íslenska merkið á sýningunni en þar er meðal annars að finna sænsku fatamerkin Carin Wester, Minimarket, Altewai Saome og Back by Anne Sofie Back.

Katrín Alda flutti til London fyrir ári þar sem hún vinnur að því að koma fatamerki sínu á framfæri. Nú fæst Kalda meðal annars í bresku versluninni Liberty.

„Við höfum náð að hitta allt það innkaupafólk sem við vildum hér á sýningunni og ég er ánægð með það. Í lok mánaðarins förum við svo til Parísar með fatalínuna,“ segir Katrín Alda sem einnig stefnir á að opna netverslunina Kalda.com í vikunni. - áp

➜ Sænska fyirsætan Caroline Winberg, þekkt úr raunveruleikaþættinum The Face, er aðdáandi Kalda.



**SÁTT Í LONDON** Katrín Alda stefnir á að opna Kalda.com á næstu dögum.

# Dill flytur í friðað hús

Opnað á nýjum stað á Hverfisgötu á næstu vikum.

„Fyrir nokkrum mánuðum var tekin ákvörðun um að flytja Dill Restaurant úr Norræna húsinu. Dill er hluti af Kex-inu en kokkurinn Gunnar Karl Gíslason stofnaði Dill og kom inní Kex-ið með okkur með Gastro-pöbbinn Sæmund í sparifötunum,“ segir Pétur Marteinsson, einn af eigendum Kex hostels. Dill mun flytja á nýjan stað við Hverfisgötu innan nokkurra vikna og í sama húsi verður einnig pitsustaður sem Gunnar Karl á hugmyndina að.



**MIKILL AÐDÁANDI** „Gunnar Karl er listamaður og snillingur í eldhúsinu,“ segir Pétur sem er mikill aðdáandi kokksins.

„Dillið verður í minni kantinum með sæti fyrir 22 til 24. Við fundum hús sem er byggt árið 1910. Þetta er friðað hús sem við erum að færa meira í upprunalegan stíl. Það er engu að síður flókið að koma fyrir veitingastað í þessu húsi og framkvæmdir hafa dregist aðeins. Við elskum þetta hús og vildum nýta restina af húsinu einhvern veginn. Gunnar var búinn að ganga með pitsustaðarhugmyndina í maganum lengi þannig að við sáum möguleika fyrir þann stað í þessu húsi,“ segir Pétur. Matseðillinn á Dill verður svipaður og áður og sömu kokkar í eldhúsinu. Ekki er komið nafn á pitsustaðinn og gefur Pétur lítið upp um matseðilinn þar.

„Gunnar Karl er höfundurinn að uppskriftunum og grunar mig að hann muni fara óhefðbundnar leiðir. Hann mun bjóða upp á öðru vísi nálgun í sósum og botnum og ég er ekki viss um að hægt verði að panta sér Hawaiian eða Pepperoni-veislu.“

Þá hyggja þeir Kex-arar líka á að opna kaffihús í Vesturbænum sem verður enn annar angi af Sæmundi í sparifötunum.

„Það er krúttlegt hverfaverkefni. Við erum að ganga frá leigusamningi og fáum vonandi afhent einhvern tímann í mars. Við ætlum að taka þann tíma sem þarf til að innrétta það og gera huggulegt þannig að Vesturbæingum þyki gaman að koma þangað inn,“ segir Pétur. Hann segir engin plön um að opna Kex hostel annars staðar en á Skúlagötu.

„Við erum með nokkrar hugmyndir í skúffunni sem við höfum ekkert skoðað að ráði. Við erum lítill hópur og reynum að gera það sem við tökum okkur fyrir hendur vel og dreifum ekki orkunni of mikið.“ - lkg

## Virtur veitingastaður

Dill var tilnefnt til Nordic Prize-verðlaunanna fyrir stuttu sem besta veitingahús á Norðurlöndum. Tímaritið Gestgjafinn valdi Dill veitingahús ársins árið 2009.

# Fengu loksins að gera eitthvað af viti

Þrettán manna bekkur úr HR tók þátt í samstarfsverkefni við Borgarleikhúsið um að hanna tæknibúnað leikmyndar Furðulegs háttalags hunds um nótt.

„Ég hef aldrei tekið þátt í svona verkefni. Enginn af okkur hefur neina reynslu af leikhúsi, en það var gaman að fá loksins að gera eitthvað af viti,“ segir Ásmundur Jónsson, nemandi í vél- og orkutæknifræði við Háskólann í Reykjavík, en þrettán manna bekkur úr HR tók þátt í samstarfsverkefni við Borgarleikhúsið um að hanna tæknibúnað leikmyndar við nýjustu uppsetningu leikhússins, Furðulegt háttalag hunds um nótt. Verkið verður frumsýnt í byrjun næsta mánaðar.



**ÁSMUNDUR JÓNSSON**

Leikmyndin er teningur sem gengur á braut í loftinu og er tæpir þrír metrar á lengd og breidd. Þannig á teningurinn að ganga fram og aftur um sviðið eftir fimmtán metra braut og á að geta snúist í leiðinni um leið og myndum verður varpað á allar hliðar teningsins.

Leikmyndin er með flóknara móti, en sviðsmyndahönnuðurinn Finnur Arnar Arnarson var ánægður með liðsinnið.

„Ég fékk þessa hugmynd og svo lenti það á öðrum að leysa úr henni,“ segir Finnur réttur í bragði og bætir við að hann hafi áður lagt í flóknari sviðsmyndir.

Aðspurður segist hann ekki vita hvað leikmyndin kostaði, en hún hafi sjálfsagt verið dýr. „Við reyndum að leita til erlendra fyrirtækja til að fá hjálp við þetta og það þótti of dýrt, þá datt okkur í hug að fara í þetta samstarf – þetta eru strákar sem eru að læra og þeir eiga án efa eftir að rukka hærra tímakaup í framtíðinni, en eru ekki eins dýrir núna,“ segir Finnur jafnframt og segist hafa haft reglulega gaman af samstarfinu.

Furðulegt háttalag hunds um nótt verður stærsta frumsýning Borgarleikhússins í vetur. Hilmar Jónsson leikstýrir verkinu og Þorvaldur Davíð Kristjánsson er í aðalhlutverki. Verkið var ótvíræður sigurvegari sviðslistaverðlauna Breta, Olivier Awards, í ár og hlaut þar alls sjö verðlaun, þar á meðal sem besta sýningin og besta leikritið.

olof@frettabladid.is



**ENGIN SMÁSMÍÐI** Finnur Arnar sést hér á mynd með kubbnum. MYND/JORRI

> **Þetta eru strákar sem eru að læra og þeir eiga án efa eftir að rukka hærra tímakaup í framtíðinni, en eru ekki eins dýrir núna.**
>
> *Finnur Arnar Arnarson*






Ótvíræður sigurvegari OLIVIER AWARDS sviðslistaverðlauna Breta
FURÐULEGT HÁTTALAG HUNDS UM NÓTT
Forsala hefst á morgun kl. 10!
Frumsýnt 8. mars
lau 8/3 kl. 20
þri 11/3 kl. 20
mið 12/3 kl. 20
fim 13/3 kl. 20
fös 14/3 kl. 20
lau 15/3 kl. 20
sun 16/3 kl. 20
mið 19/3 kl. 20
fim 20/3 kl. 20
fös 21/3 kl. 20
lau 22/3 kl. 20
sun 22/3 kl. 20
fös 28/3 kl. 20
lau 29/3 kl. 20
sun 30/3 kl. 20
mið 5/4 kl. 20
fim 6/4 kl. 20
þri 11/4 kl. 20
mið 12/4 kl. 20
fim 13/4 kl. 20
Viðskiptavinum Íslandsbanka býðst 25% afsláttur ef keypt er fyrir frumsýningu og greitt með greiðslukorti frá Íslandsbanka í miðasölu Borgarleikhússins.
Íslandsbanki
Forsölutilboð fyrsta daginn!
1.000 kr. afsláttur af miðaverði 19. febrúar.
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Enn græðir Gunnar

Bardagakappinn geðþekki **Gunnar Nelson** á von á barni með sinni heittelskuðu, myndlistarkonunni Auði Ómarsdóttur. Gunnar var viðmælandi Jóns Ársæls í Sjálfstæðu fólki á sunnudagskvöldið og hafði á orði að hann væri mjög ríkur maður að eiga hana Auði sína en þetta verður fyrsta barn parsins. Gunnar er mjög virtur í MMA-heiminum og býr sig nú undir sinn næsta bardaga við Rússann Omari Akhmedov hinn 8. mars í London. Þá er hann orðinn aðalandlit fatamerkisins Tenacity í Evrópu sem er systurmerki Jaco í Bandaríkjunum.



- glp

### Gaf brjóst baksviðs

**Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir** mætti í myndver í tæka tíð til þess að kynna Eurovision-forkeppnina, en það stóð tæpt á tímabili. Hún þurfti að gefa syni sínum brjóst rétt áður en beina útsendingin hófst. „Maðurinn minn kom með drenginn og ég var svolítið seinni upp í myndver en ég ætlaði mér. Þetta hafðist nú allt saman, enda voru Benni og Fannar með fyrstu tíu mínúturnar af þættinum,“ segir Ragnhildur Steinunn.



- ue

### Mest lesið vísir

1. „Ég breiddi yfir hann slökkti ljósin og lagði lykilinn á náttborðið“
2. „Menn eiga alltaf rétt á að biðjast afsökunar á orðum sínum“
3. „Mér finnst engin dýr eiga að upplifa svona aðstæður“
4. Hvort var meira víti? – Umdeildur ekki dómur í leik Arsenal og Liverpool




